

# Inngangur

## HANDBÓK TRÚNAÐARMANNA SJÚKRALIÐAFÉLAGS ÍSLANDS

Efni bókarinnar er lög, reglugerðir og fleira varðandi sjúkraliða og störf þeirra, starfsvettvang, starfsréttindi og skyldur, ásamt reglum styrktarsjóða sem sjúkraliðar eiga aðild að.

Athygli lesenda handbókarinnar er vakin á því að bók þessi er gefin út af Sjúkraliðafélagi Íslands á ábyrgð þess, fyrir trúnaðarmenn félagsins og aðra félagsmenn til fróðleiks um það flókna samfélag sem við búum við.

Frumgögn bókarinnar er efni sem er í stöðugri endurskoðun og þeim annmörkum háð, að það sem er rétt í dag getur verið úrelt og úr sér gengið eða jafnvel rangt á morgun. Sannleiksgildi hennar verður að taka með fyrirvara því þrátt fyrir góðan vilja kann einhver breyting á reglum, reglugerðum eða lögum að hafa farið framhjá höfundu meðan unnið var að gerð bókarinnar. Séu af þeim sökum skekkjur í bókinni breyta þær að sjálfsögðu engu um gildi viðkomandi laga, reglna eða reglugerðarákvæða

Bókinni er kaflaskipt eftir efni sem reyndist nokkuð erfitt. Getur flest sem tekið er til birtingar flokkast undir hugtökin um réttindi og skyldur þeirra sem bókin er ætluð. Þá er rétt að vekja sérstaka athygli lesenda á reglum um sjóði sem félagið hefur til varðveislu og ráðstöfunar. Sjóðir sem eru til styrktar félagsmönnum af ýmsum tilefnum og til stofnana sem hafa áhuga á að bæta eða standa að aukinni menntun og sérhæfingu sjúkraliða, sem hjá þeim starfa.

Sjúkraliðar eru hvattir til að kynna sér vel efni bókarinnar, svo þeir geti betur gert sér grein fyrir réttindi sínum og skyldum. Félagið leggur mikla áherslu á mikilvægi trúnaðarmanna sinna, menntun þeirra og réttindi á vinnustað. Fátt er félagsmönnum mikilvægara í starfi stéttarfélags en vel rekið og öflugt trúnaðarmannakerfi.

LÖG - REGLUR - EÐA KJARASAMNINGAR  
ÁN KYNNINGAR ERU LÍTILS VIRÐI  
OG ENGUM AÐ GAGNI

*Gunnar Gunnarsson*

# Efnisyfirlit

## Inngangur

Handbók trúnaðarmanna Sjúkraliðafélags Íslands	1
--	---

## I. Kafli

### Réttindi og skyldur sjúkraliða

Lög um sjúkraliða	4
Réttindi, menntun og skyldur sjúkraliða	5

## II. Kafli

### Lög félagsins

Lög Sjúkraliðafélags Íslands	6
Skipurit Sjúkraliðafélags Íslands	16
Siðareglur Sjúkraliðafélags Íslands	17

## III. Kafli

### Reglur sérdeilda

Reglur fyrir svæðisdeildir Sjúkraliðafélags Íslands	18
Reglur deildar sjúkraliða með sérnam	20
Reglur deildar eftirlaunafólks	22

## IV. Kafli - Styrktarsjóðir

Fræðslusjóðurinn Framför - Skipulagsskrá	24
Starfsreglur stjórnar - Fræðslusjóðurinn Framför	25
Fjölskyldu- og styrktarsjóður	25
Ábending: Munið að setja X-ið!	27
Lög um fæðingar- og foreldraorlof	27
Minningar- og styrktarsjóður Sjúkraliðafélags Íslands	36
Orlofsheimilassjóður Sjúkraliðafélags Íslands	37
Starfsþróunarsjóður Sjúkraliðafélags Íslands	38
Fræðslusetur SLFÍ - Framvegis miðstöð símenntunar	39
Styrktarsjóður BSRB	39
Reglugerð styrktarsjóðs BSRB	40
Úthlutunarreglur styrktarsjóðs BSRB	43
Starfsmenntunarsjóður starfsmanna ríkisins innan BSRB	45
Starfsreglur stjórnar starfsmenntunarsjóðs BSRB og ríkisins	46
Vinnudeilu- og verkfallssjóður Sjúkraliðafélags Íslands	47

## V. Kafli

### Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

I. hluti Almenn ákvæði	49
II. hluti Sérstök ákvæði um embættismenn	52
III. hluti. Sérstök ákvæði um aðra starfsmenn ríkisins en embættismenn	56
IV. hluti. Önnur ákvæði	57

## **VI. Kafli**

### **Kjarasamningar**

Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	59
--	----

## **VII. Kafli**

### **Vinnustaðurinn**

Starfsmannaráð sjúkrahúsa .....	65
---------------------------------	----

Reglur um starfsmannaráð í ríkisstofnunum .....	67
---	----

## **VIII. Kafli**

### **Námsmat**

Námsmatsnefnd - Samstarfsnefnd LSH og SLFÍ .....	70
--	----

# I. KAFLI

## RÉTTINDI OG SKYLDUR SJÚKRALIÐA

### LÖG UM SJÚKRALIÐA

Lög um sjúkraliða nr. 58 28. maí 1984 tóku gildi 13. júní 1984. Breytt með l. 73/1989 (tóku gildi 14. júní 1989) og l. 15/1992 (tóku gildi 1. júlí 1992).

#### 1. gr. LEYFI TIL STARFA

Rétt til að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

#### 2. gr. VIÐURKENNING STARFSRÉTTINDA

[Leyfi skv. 1. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.]1)

Einnig má veita þeim leyfi sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Sjúkraliðafélags Íslands.

1)L. 15/1992, 2. gr.

#### 3. gr. SKYLDA ATVINNUREKANDA

Óheimilt er að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt þessum lögum.

#### 4. gr. SKYLDA SJÚKRALIÐA TIL SÍMENNTUNAR

Sjúkraliða ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

#### 5. gr. ÁBYRGÐ SJÚKRALÐA - STARFSSVIÐ OG STARFSRÉTTINDI

[Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undangenginni auglýsinga getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðisráðuneytisins. Þó skal slík skipan háð samþykki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og ekki standa lengur en eitt ár í senn og er þá skylt að auglýsa á ný eftir hjúkrunarfræðingi.

Komi upp ágreiningur um ráðningu sjúkraliða samkvæmt 2. mgr. skal ráðuneytið skera úr um þann ágreining.

...1)2)

1)L. 15/1992, 2. gr. 2)L. 73/1989, 1. gr.

#### 6. gr. ÞAGNARSKYLDA

Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

#### 7. gr. VIÐURLÖG VEGNA VANRÆKSLU

Ef sjúkraliði vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis skal landlæknir áminna hann. Komi áminningin ekki að haldi leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að hlutaðeigandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

Nú hefur sjúkraliði verið sviptur starfsleyfi samkvæmt 1. mgr. og er þá ráðherra heimilt að veita honum leyfið aftur, enda liggja fyrir meðmæli landlæknis.

- 8. gr. HEIMILD RÁÐHERRA TIL ÚTGÁFU REGLUGERÐA**  
Ráðherra getur í reglugerð 1) sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.  
1)Rg. 897/2001.
- 9. gr. GILDISTAKA LAGANNA**  
Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

## **RÉTTINDI, MENNTUN OG SKYLDUR SJÚKRALIÐA REGLUGERÐ NR. 897/2001**

- 1. gr. RÉTTUR TIL STARFS OG STARFSHEITI**  
Rétt til þess að kalla sig sjúkraliða og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.
- 2. gr. ÚTGÁFA LEYFISBRÉFS**  
Leyfi samkvæmt 1. gr. má veita þeim, sem lokið hefur námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.  
Leyfi má og veita þeim sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Sjúkraliðafélags Íslands og Hjúkrunarráðs.
- 3. gr. STARFSVETTANGUR OG ÁBYRGÐ**  
Starfsvettvangur sjúkraliða er á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum.  
Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.  
Sjúkraliði starfar einkum við almenna og sérhæfða umönnun sjúkra og við þau hjúkrunarstörf sem hann hefur menntun og faglega færni til að sinna. Við mat á faglegrí færni skal tekið tillit til viðbótarmenntunar sem sjúkraliði hefur aflað sér.
- 4. gr. FORGANGUR TIL SJÚKRALIÐASTARFA**  
Ekki er heimilt að ráða aðra en sjúkraliða til sérhæfðra umönnunar- og hjúkrunarstarfa samkvæmt 3. mgr. 3. gr., nema áður hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum. Hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum á síðustu sex mánuðum án árangurs er þó ekki skylt að auglýsa að nýju.
- 5. gr. ÞAGNARSKYLDA**  
Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum.
- 6. gr. SKYLDA SJÚKRALIÐA TIL SÍMENNTUNAR**  
Sjúkraliða ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.
- 7. gr. ÚTGÁFA REGLUGERÐAR**  
Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum um sjúkraliða nr. 58/1984 og öðlast gildi nú þegar.

Gefið út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 26. nóvember 2001

# II. KAFLI

## LÖG SJÚKRALIÐAFÉLAGS ÍSLANDS

### 1. KAFLI

#### HEITI FÉLAGSINS, LÖGHEIMILI OG VARNARÞING

1. gr. **HEITI FÉLAGSINS OG VARNARÞING**  
Félagið heitir Sjúkraliðafélag Íslands, skammstafað SLFÍ.  
Lögheimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.  
Félagssvæði þess er allt landið.

### 2. KAFLI

#### HLUTVERK FÉLAGSINS OG MARKMIÐ

2. gr. **HLUTVERK FÉLAGSINS OG MARKMIÐ**
1. Að vinna að hagsmunamálum félagsmanna, vernda réttindi þeirra og beita sér gegn hvers konar misrétti í launagreiðslum og starfskjörum.
  2. Að vinna að samstöðu félagsmanna og efla samheldni stéttarinnar m.a. með útgáfustarfsemi, fræðslufundum, skemmtunum og annarri félagsstarfsemi.
  3. Að stuðla að aukinni og bættri menntun félagsmanna.
  4. Að hvetja félagsmenn til að viðhalda hæfni sinni og auka þekkingu sína.
  5. Að annast gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn og standa vörð um áunnin réttindi.
  6. Að stuðla að menningarstarfsemi meðal félagsmanna.
  7. Að hafa samvinnu við hliðstæð erlend samtök.
  8. Að mennta og þjálfa trúnaðarmenn félagsins.
  9. Að gæta virðingar stéttarinnar og vera málsvari hennar.
  10. Að efla samvinnu og samstarf þeirra sem starfa við heilbrigðisþjónustu svo og annarra opinberra starfsmanna.

### 3. KAFLI

#### FÉLAGSAÐILD - ÚRSÖGN

3. gr. **RÉTTUR TIL AÐILDAR AÐ FÉLAGINU**  
Sjúkraliðar sem lokið hafa námi við Sjúkraliðaskóla Íslands, fjölbrautaskóla eða hliðstæða skóla erlendis, sem njóta viðurkenningar viðkomandi ráðuneytis og Sjúkraliðafélags Íslands. Einnig eiga rétt til aðildar að félaginu starfsmenn sérmenntaðir í hjúkrun og /eða aðhlyningu á félags eða heilsugæslusviði sem leggja má að jöfnu við sjúkraliðanám eða hluta af sjúkraliðanámi. Allir félagsmenn sem eiga aðild að félaginu skulu hér eftir sem hingað til njóta þeirra réttinda sem þeir hafa haft.  
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. um félagsaðild, geta aðeins þeir sjúkraliðar öðlast fagfélagsaðild að Sjúkraliðafélagi Íslands eftir 1. janúar 2000, sem ekki eru aðilar að öðru stéttarfélagi á grundvelli menntunar sinnar eða starfs.

4. gr. **INNGANGA Í FÉLAGIÐ**  
Einstaklingur sem óskar aðildar að félaginu skal sanna stjórn félagsins réttindi sín með framlagningu leyfisbréfs útgefnu af heilbrigðisráðuneytinu, eða með öðrum gögnum sem stjórnin metur gild.  
Halda skal aukaskrá yfir sjúkraliða sem starfa samkvæmt kjarasamningum félagsins, störf sem gefa þeim rétt til aðildar og greiða félagsgjöld en hafa ekki óskað eftir inngöngu í félagið. Réttindi starfsmanna sem öðlast aðild að félaginu með þessum hætti skulu vera þau sömu og aukameðlima, samkvæmt 6. gr.

## 5. gr. FAGFÉLAGSADILD

Sjúkraliðar sem starfs síns vegna er skylt að eiga aðild að öðru stéttarfélagi, skulu hafa rétt til fagaðildar að félaginu.

Fagfélagar hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt í öllum málum félagsins, öðrum en þeim er varða kjara- og samningamál, sbr. þó ákv. 2. mgr. 3. gr.

## 6. gr. AUKAÐILD

Nemum er heimilt að gerast aukameðlimir að félaginu meðan á námi stendur.

Aukameðlimir hafa tillögu- og málfrelsi, án atkvæðisréttar um málefni félagsins, nema annað sé ákveðið.

Aukameðlimir sem greiða félagsgjöld til SLFÍ af launum skulu njóta fyrirgreiðslu félagsins varðandi meðferð og túlkun kjarasamninga, réttindamál og félagslega þjónustu.

## 7. gr. MERKI FÉLAGSINS

Merki félagsins “blómgaður lífssproti er vex upp af tveimur hjörtum” (stílfærð mynd af hjartatvíblöðku; *Listera cordata*) afhendist félagsmanni við inngöngu í félagið. Merkið er eign félagsins og greiðir félagsmaður ákveðna upphæð í eitt skipti fyrir heimild til að bera merkið.

Leggja ber áherslu á að félagsmaður beri merki félagsins sé því viðkomandi starfsins vegna.

Við fráfall félagsmanns, úrsögn úr félaginu, eða brottvikningu, skal merkinu skilað eða endursent stjórn félagsins, án endurgjalds.

## 8. gr. ÚRSÖGN

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast félagsstjórn. Telst viðkomandi gengin úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn barst félagstjórn enda sé hann skuldlaus við félagið.

Þrátt fyrir úrsögn úr félaginu getur einstaklingur verið skyldugur til að greiða gjald til félagsins meðan hann tekur laun og nýtur annarra kjarasamningsbundinna réttinda samkvæmt kjarasamningi þess.

## 9. gr. BROTTVIKNING ÚR FÉLAGINU

Allir sem aðild eiga að félaginu, eru skyldugir til að hlýða lögum þess.

Félagsstjórn getur vikið manni úr félaginu hafi hann að dómi stjórnar og/eða Siðanefndar félagsins misnotað nafn félagsins, eða orðið sekur um meiriháttar brot er varpað gæti rýrð á starfsheildur stéttarinnar eða fyrir ítrekuð brot gegn lögum félagsins, samþykktum þess eða hagsmunum. Félagismaður á rétt á að bera ákvörðun stjórnar um brottvikningu úr félaginu undir úrskurð fulltrúaþings.

Einfaldur meirihluti ógildir fyrri ákvörðun stjórnar um brottvikningu.

## 4. KAFLI

### SVÆÐISDEILDIR - FÉLAGSSVÆÐI

## 10. gr. FÉLAGSSVÆÐI

Innan Sjúkraliðafélags Íslands er heimilt að starfandi séu sjálfstæðar svæðisdeildir sem skiptast að meginreglu eftir kjördæmum, eins og þau voru skipulögð samkvæmt landslögum fram til 16. maí 2000:

- Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu að frátöldum Suðurnesjum; þ.e. Bessastaðahreppur, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes.
- Suðurnes sunnan Straums; Garður, Grindavík, Keflavík, Njarðvíkur, Sandgerði og Vogar.
- Vesturlandsdeild.
- Vestfjarðadeild.
- Norðurlandsdeild vestra.
- Norðurlandsdeild eystra.
- Austurlandsdeild.
- Suðurlandsdeild að Vestmannaeyjum frátöldum.
- Vestmannaeyjadeild.

#### **11. gr. SVÆÐISDEILDIR**

Hver svæðisdeild innan SLFÍ setur sér lög og kys sér stjórn. Deildirnar skulu senda stjórn félagsins afrit af lögum sínum sem yfirfer þau og gætir þess að lögín séu í hátt við lög SLFÍ og stangist ekki á við tilgang og markmið félagsins.

#### **12. gr. AÐALFUNDUR SVÆÐISDEILDA**

Svæðisdeildirnar skulu halda aðalfund sinn árlega á tímabilinu september - desember. Að honum loknum, skulu deildirnar senda stjórn SLFÍ ársreikning sinn og skýrslu um starfsemina, ásamt skrá yfir félagsmenn, stjórn og aðra trúnaðarmenn deildarinnar, þ.m.t. fulltrúa kjörna til setu á fulltrúáþingi félagsins.

Skýrslur svæðisdeilda skulu hafa borist félagstjórn SLFÍ fyrir 1. febrúar ár hvert, ásamt fjárhagsáætlun og fjárbeiðni auk tillagna og greinargerða sem leggja á fyrir fulltrúáþing.

#### **13. gr. HLOTVERK SVÆÐISDEILDA**

Stjórn hverrar svæðisdeildar er ábyrg á sínu svæði og tengiliður milli félagsmanna og félagsstjórnar og vinnur þau verk sem henni kunna að vera falin af fulltrúáþingi eða félagsstjórn.

### **5. KAFLI**

#### **SÉRDEILDIR / HLOTVERK**

#### **14. gr. SÉRDEILD FÉLAGSMANNA Í EINKAÞJÓNUSTU**

Heimilt er með samþykki félagsstjórnar að stofna sérdeildir félagsmanna sem ekki starfa hjá opinberum aðilum, ríki, sveitarfélögum eða sjálfseignastofnunum sem starfa í almannaþágu samkvæmt lögum, eru á fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslu úr ríkissjóði. Einstaklingar sem aðild eiga að deildinni hafa öll réttindi og ber að lúta öllum skyldum félagsmanna, en teljast ekki aðilar að BSRB.

#### **15. gr. FAGDEILD**

Heimilt er að stofna fagdeild innan félagsins og skal hún starfa á landsvísi.

Fagdeild er deild sjúkraliða með sérnám, hún skal vinna að framgangi hjúkrunar, viðurkenningu á aukinni menntun sjúkraliða á viðkomandi sviði. Hún skal vera stjórn félagsins og nefndum til ráðgjafar. Stofnun fagdeilda, starfsreglur og starfssvið þurfa að hljóta staðfestingu stjórnar félagsins.

Fulltrúi deildarinnar á rétt á að sitja fulltrúáþing félagsins, sem áheymarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt um málefni er varðar deildina sérstaklega.

#### **16. gr. LÍFEYRISDEILD**

Heimilt er að starfrækja innan félagsins deild eftirlaunaþega. Starfssvið deildarinnar og starfsreglur þurfa að fá staðfestingu stjórnar félagsins.

Fulltrúi deildarinnar á rétt á að sitja fulltrúáþing félagsins, sem áheymarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt um málefni er varða lífeyrisþega sérstaklega.

### **6. KAFLI**

#### **FULLTRÚAÞING OG HLOTVERK ÞESS**

#### **17. gr. FULLTRÚAÞING**

Fulltrúáþing fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Skal það haldið árlega á tímabilinu apríl - maí.

#### **18. gr. FJÖLDI ÞINGFULLTRÚA**

Félagsstjórn SLFÍ sendir stjórnum svæðisdeilda tilkynningu um fjölda fulltrúa á fulltrúáþing hverju sinni, á grundvelli félagatala næstliðinna áramóta. Fulltrúar skulu kosnir á aðalfundi deildanna.

Hver deild skal eiga einn fulltrúa.

Þegar félagatal stendur á heilu hundraði fær deildin næsta fulltrúa sinn. Félagatal skal miða við áramót.



### **Fulltrúar á þingi SLFÍ:**

- a. Félagsstjórn. Formenn svæðisdeilda sem sæti eiga í félagsstjórn SLFÍ sitja fulltrúaþing án atkvæðisréttar, hafi þeir ekki verið kjörnir þingfulltrúar sinnar svæðisdeildar.
- b. Kjörnir fulltrúar svæðisdeilda.
- c. Einn fulltrúi nema frá hverjum skóla sem hefur a.m.k. 20 nema á heilbrigðisbraut.
- d. Fulltrúi kjararáðs SLFÍ skal jafnan sitja þing þegar kjaramál eru á dagskrá, án atkvæðisréttar sé hann ekki kjörinn fulltrúi
- e. Uppstillinganefnd, sbr. ákvæði 4. mgr. 36. gr.
- f. Félagsmenn hafa rétt til setu á fulltrúaþingi með málfrelsi, án tillögu- eða atkvæðisréttar.
- g. Fulltrúi fagdeilda sjúkraliða með sérnám hefur málfrelsi og tillögurétt um mál er varðar deildarfélaga sérstaklega.
- h. Fulltrúi lífeyrisdeildar á rétt til setu á fulltrúaþingi með málfrelsi og tillögurétt um málefni er varðar deildarfélaga sérstaklega.

### **19. gr. BOÐUN ÞINGFULLTRÚA**

Til fulltrúaþings skal boða með bréfi til hvers fulltrúa með a.m.k. fjögur vikna fyrirvara miðað við póstlagningu fundarboðs. Með fundarboðinu skulu fylgja reikningar félagsins fyrir liðið ár, tillögur sem lagðar verða fyrir þingið, skýrslur svæðisdeilda og nefnda félagsins.

Félagsmaður sem koma vill á framfæri tillögum, eða vekja athygli fulltrúaþings á málefnum, skal koma erindum sínum á framfæri við stjórn viðkomandi svæðisdeildar fyrir lok desembermánaðar. Mál eða tillögur til fulltrúaþings sem ekki hafa borist á tilsettum tíma, er heimilt að leggja fyrir þing, en til þess þarf samþykki 3/4 þingfulltrúa. Málefni sem berast fulltrúaþingi með þessum hætti og teljast stefnumarkandi í meginatriðum fyrir félagið, eða félagsmenn fá ekki fullnaðarafgreiðslu, fyrir en á næsta fulltrúaþingi.

Heimilt er félagsstjórn að boða til aukþings ef málefni er svo brýnt að það þoli ekki að bíða næsta þings.

### **20. gr. LÖGMÆTI FULLTRÚAÞINGS**

Fulltrúaþing er lögmætt ef rétt er til þess boðað og a.m.k. 4/5 fulltrúa er mættur.

### **21. gr. DAGSKRÁ FULLTRÚAÞINGS**

Þessi eru sérstök verkefni fulltrúaþings SLFÍ:

1. Þingsetning
2. Nafnakall þingfulltrúa
3. Kosning starfsmanna þingsins, forseta, varaforseta og tveggja þingritara.
4. Lýst formannskjöri
5. Kosið í starfsnefndir þingsins
6. Skýrsla formanns
7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar, með skýringum gjaldkera.
8. Lagabreytingar
9. Kosning til stjórnar. Kosið er í embætti varaformanns, ritara og gjaldkera, auk varamanna í störf gjaldkera og ritara.
10. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og jafn margra til vara.
11. Ákvörðun félagsgjalda fyrir starfandi félagsmenn og fagfélaga. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar fyrir næsta starfsár.
12. Tillögur, mál og nefndarálit tekin til umræðu og afgreiðslu.
13. Kosning fastanefnda samkvæmt lögum SLFÍ.
14. Kjaramál.
15. Önnur mál.

## 7. KAFLI STJÓRN FÉLAGSINS

### 22. gr. FÉLAGSSTJÓRN - KJÖR FORMANNS

Félagstjórn skipa:

Formaður kjörinn í allsherjaratkvæðagreiðslu til þriggja ára.

Varaformaður, ritari, gjaldkeri og varamenn fyrir ritara og gjaldkera skulu kosnir á fulltrúapingi til tveggja ára.

Formenn svæðiseilda eru sjálfkjörnir í félagstjórn, eða varaformaður viðkomandi deilda í forföllum formanns.

Endurkjör stjórnarmanna er heimilt.

### 23. gr. HLUVERK FÉLAGSSTJÓRNAR

Félagstjórn hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli fulltrúapinga og ber hverjum félagi að hlíta fyrirmælum hennar, en hefur rétt til að skjóta ágreiningsmálum sínum til næsta fulltrúapings, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu.

Verkefni félagstjórnar eru m.a. að:

1. Ráða starfsmenn félagsins, ákveða starfssvið þeirra og semja um laun og önnur starfskjör. Stjórninni er heimilt að greiða þóknun til félagsmanna sem gegna tímafrekum og ábyrdarmiklum störfum fyrir félagið.
2. Koma fram útávið sem málsvarar félagsins.
3. Gæta sjóða og eigna félagsins í samræmi við fyrirmæli laga og fjárhagsáætlunar.
4. Sjá um útgáfu málgagns félagsins, skipuleggja fræðslu, námskeið fyrir trúnaðarmenn og aðra fræðslu og menningarstarfsemi fyrir félagsmenn.
5. Gefa árlega skýrslu um starfsemi SLFÍ til fulltrúapings.
6. Fylgjast með rekstri og framgangi svæðiseildanna og hlúa að starfsemi þeirra og miðla fréttum af starfi sínu og annarra til svæðiseildanna.

### 24. gr. SÉRSTAKAR STARFSNEFNDIR STJÓRNAR

Félagstjórn er heimilt að skipa starfsnefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum. Hver nefnd kýs sér formann og skal hann leggja niðurstöður nefndarinnar fyrir félagstjórn áður en þær eru kynntar á öðrum vettvangi.

### 25. gr. FUNDIR FÉLAGSSTJÓRNAR

Formaður kallar saman stjórnarfundi, hefur eftirlit með allri starfsemi félagsins og gegnir öðrum venjulegum stjórnarstörfum. Formaður skal halda fundi með félagstjórn eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Formaður stýrir fundum félagstjórnar og boðar til funda þegar hann telur ástæðu til. Honum er skylt að kveða stjórnina saman til fundar ef a.m.k. helmingur stjórnarmanna óskar þess.

Stjórnarfundir skal boða með dagskrá á tryggilegan hátt, með minnst viku fyrirvara.

Fundir eru lögmatir ef rétt er til þeirra boðað og meirihluti stjórnarmanna er mættur.

Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundi, falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

### 26. gr. FRAMKVÆMDASTJÓRN

Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri mynda framkvæmdastjórn félagsins.

Framkvæmdastjórn annast framkvæmd á ákvörðunartökum fulltrúapings og félagstjórnar og sér um daglegan rekstur félagsins í umboði félagstjórnar.

Framkvæmdastjórn skal að jafnaði halda fundi tvisvar í mánuði. Varamenn framkvæmdastjórnar skulu aðeins tilkvaðdir séu um langvarandi forföll stjórnarmanna að ræða.

## 8. KAFLI FJÁRMÁL - SJÓÐIR FÉLAGSINS

### 27. gr. FJÁRMÁL, ÁRGJÖLD OG REIKNINGSÁR

Fulltrúaðing ákveður árlega gjöld félagsmanna og annast félagið innheimtu þeirra. Heimilt er að draga árgjaldið frá launum félagsmanna í einu eða mörgu lagi eftir því hvort þykir hentuga.

Fulltrúaðing skal ennfremur ákveða félagsgjöld annarra félagsmanna og innheimtu þeirra. Þingið getur með sérstakri samþykkt veitt félagsstjórn umboð til að ákveða gjöld þessa hóps.

Lífeyrisþegar skulu undanþegnir greiðslu félagsgjalda. Gjald félagsmanns í hlutastarfi, skal ákveðið þannig að það sé aldrei lægra en gjald sem félagsstjórn ákveður að innheimta fyrir fagfélagsaðild. Ef greiðslan er lægri en fagfélagsgjaldið á viðmiðunartímabilinu, skal mismunurinn innheimtur með sama hætti og félagsgjöld fagfélaga.

Hafi félagsmaður ekki greitt gjöld sín til félagsins í tvö ár, missir hann öll félagsleg réttindi þar til skuldin er greidd eða um hana samið.

Svæðisdeildir fá til starfsemi sinnar hluta af félagsgjöldum samkvæmt ákvörðun fulltrúaðings SLFÍ, við afgreiðslu fjárhagsáætlunar félagsins.

Sjóði félagsins skal ávaxta í viðurkenndum lánastofnunum.

### 28. gr. SJÓÐIR

#### Kjaradeilusjóður

Sérstökum sjóði, Kjaradeilusjóði SLFÍ, skal komið á fót til styrktar félagsmönnum sem eiga í langvinnum kjaradeilum og missa laun af þeim sökum.

Kjaradeilusjóði SLFÍ skulu settar starfsreglur sem fulltrúaðing staðfestir.

Tekjur sjóðsins skulu vera hlutfall af innheimtum félagsgjöldum, eða sjálfstæður gjaldstofn, ákveðinn af fulltrúaðingi félagsins hverju sinni.

#### Minningar og styrktarsjóður SLFÍ

Styrktarsjóður í eigu Sjúkraliðafélags Íslands. Sjóðurinn skal fjármagnaður með sölu minningarkorta, hverskonar framlögum og minningargjöfum. Sjóðurinn er með sjálfstætt reikningshald og er undanskilinn öllum fjárskuldbindingum félagsins. Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn kjörnir á fulltrúaðingi, þar af skal einn tilefndur úr framkvæmdastjórn félagsins. Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn sem eiga í fjárhagsörðugleikum vegna veikinda eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

#### Fræðslusjóðurinn Framför

Framför, sjálfstæður styrktarsjóður í eigu SLFÍ. Sjóðurinn hefur sjálfstætt reikningshald og er undanþeginn öllum fjárskuldbindingum félagsins.

Stjórn félagsins hefur umsjón með rekstri sjóðsins, og ber að gæta hagsmuna hans.

- Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hverskonar fræðslu og framgangi félagsmanna.

- Sjóðurinn skal fjármagnaður með föstu framlagi úr félagssjóði sem nema skal 1% af innheimtum félagsgjöldum hver árs.

Endurskoðaðir reikningar og skýrsla um starfsemi sjóðsins skal leggja fyrir fulltrúaðing SLFÍ til samþykktar.

#### Starfsþróunarsjóður / Fræðslusetur

Starfsþróunarsjóður er í eigu félagsins. Tekjur sjóðsins er framlag atvinnurekenda sem er umsamið hlutfall af öllum launum sjúkraliða með aðild að SLFÍ. Markmið sjóðsins er að bæta möguleika sjúkraliða til að auka menntun sína án verulegs kostnaðar. Það er ennfremur hlutverk sjóðsins að taka við og ávaxta tímabundið framlag atvinnurekenda til "Fræðsluseturs." Framlag þeirra til Fræðsluseturs félagsins er umsamið hlutfall af heildarlaunum félagsmanna og greitt skal til sjóðsins árin 2002, - 2003 og 2004.

Hlutverk Fræðsluseturs SLFÍ er að vera hugmyndabanki/framkvæmdaaðili, og meta þörf fyrir fræðslu hjá einstökum stofnum eða stofnanahópum og hafa frumkvæði að því að búa til námskeið sem svara þeirri þörf.

## 9. KAFLI NEFNDIR KJÖRNAR Á FULLTRÚAÞING

### 29. gr. KJÖRSTJÓRN

Fulltrúaþing SLFÍ kýs fimm menn og þrjá til vara í kjörstjórn til tveggja ára.

Hlutverk kjörstjórnar er:

1. Að hafa yfirumsjón með kjöri fulltrúa á fulltrúaþing, rannsaka kjörbréf þeirra og skila álitinu á upphafi þings, sbr. ákv. 18. gr. laga félagsins.
2. Að undirbúa og stjórna allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun samkvæmt 15. gr. laga nr 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
3. Að undirbúa og stjórna allsherjaratkvæðagreiðslu um kjarasamninga og frestun eða lok verkfalls samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar og kjaramálanefndar.
4. Sjá um allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör formanns samkvæmt 22. gr.
5. Að undirbúa og annast aðrar atkvæðagreiðslur eða kosningar sem stjórn eða fulltrúaþing SLFÍ, felur kjörstjórn sérstaklega.

Kjörstjórn úrskurðar um úrslit í atkvæðagreiðslum og kosningum, um vafaatkvæði og önnur ágreiningsatriði sem upp koma í atkvæðagreiðslum sem hún annast.

### 30. gr. KJARAMÁLANEFND

Fulltrúaþing kýs átta félagsmenn beinni kosningu til að starfa í kjaramálanefnd.

Kjörtímabil nefndarinnar er tvö ár.

Kosning í nefndina skal fara fram árlega og kosnir fjórir fulltrúar hverju sinni. Endurkjör er heimilt. Formaður SLFÍ er sjálfkjörinn í nefndina og er formaður hennar. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir og valdir úr hópi starfandi félagsmanna á landsbyggðinni, þ.e. utan Reykjavíkureildarinnar.

Kjaramálanefnd skal í samráði við félagsstjórn annast:

1. Undirbúning kröfugerðar vegna kjarasamninga.
2. Kjósa úr sínum hópi þrjá fulltrúa í kjararáð, er sjá um viðræður við viðsemjendur SLFÍ.
3. Fylgjast með efnahags- og kjaramálum og veita félagsmönnum upplýsingar um þau efni.
4. Veita einstökum félagsdeildum umboð til að annast að hluta eða öllu leyti kjarasamninga á sínu starfssvæði. Í þeim tilvikum sem umboð til samningagerðar er veitt, skal fulltrúi sem kjaramálanefnd tilnefnir vera viðkomandi samninganefnd til aðstoðar og fulltingis.
5. Taka ásamt félagsstjórn, sbr. ákvæði 40. gr. ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun verkfalla.

Kjaramálanefnd skal hafa samráð við svæðisdeildir eða aðra þá sem ætla má, að hafi einhverja sérstöðu innar SLFÍ, við undirbúning kröfugerðar

### KJARARÁÐ

Kjaramálanefnd kýs úr sínum hópi þrjá fulltrúa í kjararáð. Formaður er sjálfkjörinn í ráðið í umboði kjaramálanefndar. Undirskrift kjarasamninga skal gerð með fyrirvara um samþykki félagsmanna að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Við breytingu á kjarasamningi á samningstímabilinu er ekki skylt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu.

Heimilt er, með samþykki kjaramálanefndar og stjórnar félagsins að afgreiða kjarasamninga á almennum félagsfundi.

### 31. gr. SIÐANEFND

Siðanefnd Sjúkraliðafélags Íslands sem skipuð er þremur félagsmönnum auk varamanns starfar í umboði félagsins. Nefndin skal kjörin til tveggja ára með beinni kosningu á fulltrúaþingi félagsins. Stjórnarmenn SLFÍ eru ekki kjörgengir til setu í Siðanefnd. Starfsreglur Siðanefndar og breytingar á þeim skulu lagðar fyrir fulltrúaþing félagsins til staðfestingar. Siðanefnd er

umsagnaraðili ef ástæða þykir til að víkja félagsmanni úr félaginu vegna alvarlega brota gegn hagsmunum félagsins eða félagsmanna sbr ákv. 9 .gr. laganna.

### **32. gr. LAGANEFND**

Laganefnd skipuð þremur félagsmönnum auk varamanns, skal kosin á fulltrúaðingi til tveggja ára.

Hlutverk laganefndar er:

- Að sjá um endurskoðun á lögum félagsins og aðlaga þau breyttum viðhorfum á hverjum tíma.
- Að taka til umsagnar tillögur um breytingar á lögum sem félagsstjórn berast frá svæðisdeildum og einstaklingum

Reglur sem svæðisdeildir setja sér, eða breytingar á þeim, skulu hljóta staðfestingu stjórnar SLFÍ að fenginni umsögn laganefndar. Tillögur laganefndar um breytingu á lögum félagsins eða tillögur annarra sama efnis skulu sendar þingfulltrúum a.m.k. fjórum vikum fyrir boðað fulltrúaðing, sbr. 19. gr.

### **33. gr. RITNEFND**

Ritnefnd skipuð þremur félagsmönnum, auk varamanns skal kosin á fulltrúaðingi til þriggja ára. Ritnefnd annast útgáfu og ritstýrir málgaði samtakanna “Sjúkraliðinn”.

Árlega skal einn ritstjórnarmanna ganga úr ritstjórn og annar kosinn í hans stað. Endurkjör er heimilt.

### **34. gr. ORLOFSHEIMILA- OG FERÐANEFND**

Fulltrúaðing SLFÍ kýs þrjú félagsmenn og einn til vara í orlofs- og ferðanefnd. Kjörtími nefndarinnar er tvö ár.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að orlofsmálum félagsmanna með uppbyggingu orlofsheimila og skipulagningu sumarleyfisferða, sjálfstætt eða í samstarfi við BSRB og/eða önnur samtök launþega.

### **35. gr. FRÆÐSLUNEFND**

Fræðslunefnd skipuð þremur félagsmönnum og einum til vara, skal kosin á fulltrúaðingi til tveggja ára.

Hlutverk nefndarinnar er, að stuðla að aukinni menntun félagsmanna.

Til að vinna að framgangi markmiða sinna, skal nefndin halda fræðslufundi, námskeið og ráðstefnur, þar sem kynnt eru ný viðhorf og nýjungar á sviði heilbrigðisþjónustunnar.

Nefndin skal leitast við að hafa sem nánast og best samstarf við skóla, ráðuneyti og aðra þá aðila sem annast eða bjóða fræðslu eða kynningu er varðar stéttina.

### **36. gr. UPPSTILLINGANEFND**

Uppstillinganefnd skipuð fimm félagsmönnum auk tveggja til vara, skal kosin af fulltrúaðingi til þriggja ára. Kjörtími skal fylgja kjörtíma formanns.

Uppstillinganefnd gerir tillögur um menn í stjórn, nefndir, ráð og önnur störf eða embætti sem fulltrúaðing kýs.

Uppstillinganefnd skal afla staðfestingar viðkomandi einstaklings á því að hann gefi kost á sér til starfsins.

Uppstillinganefnd skal boðuð til fulltrúaðings með sama hætti og kjörmir fulltrúar.

Nefndarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á þinginu án atkvæðisréttar nema þeir séu kjörnir þingfulltrúar.

### **37. gr. UMBOÐ STARFSNEFNDA**

Starfsnefndir kjörnar af fulltrúaðingi SLFÍ, skulu starfa í umboði og á ábyrgð stjórnar félagsins, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

### **38. gr. SKIPAN Í NEFNDIR**

Þess skal gætt við tilnefningar í fastanefndir félagsins að jafnan skal a.m.k. einn stjórnarmanna eiga sæti í hverri þeirra, nema annað sé tekið fram eða það þyki ekki fara í hátt við góða stjórnarhætti.

## 10. KAFLI

### ATKVÆÐAGREIÐSLUR - KOSNINGAR - BOÐUN VERK FALLS

#### 39. gr. KOSNING FORMANNS

Formaður félagsins skal kosinn í allsherjaratkvæðagreiðslu. Á kjörskrá og með kosningarétt eru allir félagsmenn SLFÍ. Ef fleiri en einn er í kjöri og fá sama atkvæðamagn skal hlutakesti ráða úrslitum.

#### 40. gr. BOÐUN VERK FALLS

Félagsstjórn og kjaramálanefnd skulu í umboði fulltrúafings taka ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun verkfalls.

Ákvörðun um boðun verkfalls skal tekin í leynilegri almennri atkvæðagreiðslu meðal þeirra félagsmanna sem samningurinn tekur til sbr. ákvæði 15. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Til þess að samþykkja verkfallsboðun þarf a.m.k. helmingur þeirra félagsmanna sem starfa hjá þeim sem verkfallið beinist gegn, að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meirihluti þeirra samþykkja hana.

Kjarasamningur skal samþykktur f.h. félagsins af til þess bærum aðilum með fyrirvara um samþykki félagsmanna, sem fengið skal með allsherjaratkvæðagreiðslu.

Einstökum svæðis- eða sérdeildum innan SLFÍ skal heimilt að afgreiða kjarasamning, með atkvæðagreiðslu á almennum félagsfundum, að fengnu samþykki stjórnar og kjaramálanefndar, enda beinist kjaradeilan eingöngu gegn þeim viðsejanda sem í hlut á, á viðkomandi starfsvettvangi eða félagssvæði.

Um kjarasamninga skal fara fram leynileg almenn atkvæðagreiðsla meðal þeirra starfsmanna sem samningurinn tekur til.

Úrslitum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða.

Kjörskrá skal miða við félagatal SLFÍ í þeim mánuði sem allsherjaratkvæðagreiðslan fer fram.

## 11. KAFLI

### TRÚNAÐARMENN - TRÚNAÐARMANNARÁÐ

#### 41. gr. TRÚNAÐARMENN

Á hverjum vinnustað þar sem félagsmenn vinna skal valinn trúnaðarmaður með réttindum og skyldum samkvæmt V. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Val trúnaðarmanns skal þegar tilkynna stjórn svæðiseildar SLFÍ.

Trúnaðarmaður skal kosinn til tveggja ára. Kosningu skal lokið fyrir 1. október.

Hætti trúnaðarmaður störfum áður en kjörtímabil hans lýkur, skal kjósa trúnaðarmann í hans stað til tveggja ára.

Berist stjórn svæðiseildar SLFÍ ekki tilkynning um val trúnaðarmanns í stað þess sem hættir, skal stjórn viðkomandi svæðiseildar skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félögum og stjórnanda vinnustaðarinnar.

Aðalfundur svæðiseildar getur ákveðið stofnun trúnaðarmannaráðs.

Í trúnaðarmannaráði eru allir trúnaðarmenn deildarinnar á félagssvæðinu, auk stjórnar og varastjórnar svæðiseildarinnar. Aðalfundur ákveður störf trúnaðarmannaráðs og setur því starfsreglur.

## 12. KAFLI

### LAGABREYTINGAR - FÉLAGSGJÖLD

#### 42. gr. LAGABREYTINGAR

Lögum félagsins má aðeins breyta á fulltrúafingi. Úrslitum um lagabreytingar ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða, enda sitji fundinn a.m.k. 2/3 hluti kjörinna fulltrúa.

Á fulltrúafingi er heimilt að leggja fram breytingartillögur við löglega frambornar tillögur til lagabreytinga, enda feli breytingatillaga ekki í sér óskyld efni við upphaflegu tillöguna.

Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn SLFÍ eigi síðar en sex vikum fyrir fulltrúaþing svo þær geti fylgt öðrum gögnum til þingfulltrúa.

Um leið og samþykkt er breyting á lögum félagsins skal ákveðið með fundarsamþykktum hvenær breytingin gengur í gildi.

Fulltrúaðing SLFÍ 14. og 15. maí 2004 samþykkti, að félagsgjöld ársins verði óbreytt frá fyrra ári 1.4% af öllum launum, að inniföldum fagfélagsgjöldum. Fagfélagsgjald til SFLÍ 2003 verði kr. 10,000. - sem er u.þ.b. 0.7% af föstum byrjunarlaunum sjúkraliða reiknað af 1. þrepi í launaflokki A07 samkvæmt kjarasamningi félagsins við fjármálaráðherra og Reykjavíkurborg og 1. þrepi 204 launaflokki skv. kjarasamningi félagsins og Launanefndar sveitarfélaganna launtöflu 1. janúar 2002. Félagsgjald starfandi félagsmanns skal ákveðið þannig, að það sé aldrei lægra en það gjald sem félagsstjórn ákveður að innheimta fyrir fagfélagsaðild. (Sbr. ákv. 27. gr. laganna)

Samþykkt er að 8% af innheimtum stéttarfélagsgjöldum skuli renna til kjaradeilusjóðs SLFÍ.

Lög félagsins eins og þau eru birt hér, voru samþykkt með breytingum á þingi Sjúkraliðafélags Íslands, 11. maí 1991, 8. maí 1992, 8. maí 1993, 13. maí 1995, 12. maí 1996, 11. maí 1999, 5. maí 2000, 12. maí 2001, 23. maí 2002, 14. maí 2003 og 14. og 15. maí 2004 skv. samþykkt fulltrúaðinga félagsins.

Með samþykkt laganna 1. maí 1991 var stofnun stéttarfélags sjúkraliða staðfest, um leið voru öll eldri lög félagsins numin úr gildi.

# SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS 2004

Fjöldi félagsmanna 2209

Fagfélagar 290

Konur 2164

Stéttarfélagar 1562

Sjúkraliðanemar 74

Lífeyrisdeild 283

Karlar 45

## Uppstillingarnefnd

Kosin til 3 ára á fulltrúabingi skipuð 5 mönnum og 2 til vara. Gerir tillögur um menn í stjórn, nefndir, ráð, þing og aðalfundi BSRB.

## Kjörstjórn

Kosin til 2 ára á fulltrúabingi, skipuð 5 mönnum og 3 til vara. Rannsakar kjörbréf, sér um atkvæðagreiðslur og úrskurðar úrslit þeirra.

## Siðanefnd

Kosin til 2 ára á fulltrúabingi skipuð 3 mönnum og 1 til vara. Umsagnaraðili um alvarleg brot félagsmanna.

## Laganefnd

Kosin til 2 ára á fulltrúabingi skipuð 3 mönnum og 1 til vara. Sér um endurskoðun á lögum félagsins.

## Ritnefnd

Kosin til 3 ára á fulltrúabingi skipuð 3 mönnum og 1 til vara. Nefndin ritstýrir blaði félagsins Sjúkraliðanum.

## Orlofs- og ferðanefnd

Kosin til 2 ára á fulltrúabingi skipuð 3 mönnum og 1 til vara. Vinnur að orlofsmálum félagsmanna.

## Fræðslunefnd

Kosin til 2 ára á fulltrúabingi skipuð 3 mönnum og 1 til vara. Vinnur að aukinni menntun félagsmanna.

## Vinnudeilu og verkfallssjóður

Stjórn hans skal kjörin á fulltrúabingi til 2 ára, skipuð 4 aðalmönnum auk 2 varamanna.

## Minningar og styrktarsjóður

Stjórn hans skipa 3 menn kjörnir af fulltrúabingi til 2 ára.

## Fulltrúabing skal haldið árlega

Hver svæðisdeild á einn fulltrúa og síðan einn fyrir hvert hundrað félagi eftir það. Félagsmenn eiga rétt til þingsetu án atvæðisréttar.

## Framkvæmdastjórn

Skipa formaður kosinn í allsherjaratkvæðagreiðslu til 3 ára auk varaformanns, gjaldkera, ritara og varamanna, fyrir ritara og gjaldkera sem kosnir eru á fulltrúabingi til 2 ára.

## Sjóðir í vörslu framkvæmdastjórnar

Félagssjóður, Fræðslusjóðurinn Framför, Starfsþróunarsjóður, Fræðslusetur, Næslusjóður

## Svæðisdeildir

Ein svæðisdeild starfar í hverju eldri kjördæmanna, með 5 manna stjórn og 1 til vara. Formaður deildarinnar á sæti í félagsstjórn SLFÍ.

## Félagsstjórn

Formenn svæðisdeilda og framkvæmdastjórn, kjörnir til tveggja ára skipa félagsstjórn. Formaður félagsins stýrir fundum stjórnarinnar sem eru haldnir fjórum sinnum á ári.

## Lífeyrisdeild SLFÍ

Stjórn deildarinnar skipa 5 aðalmenn og jafnmargir til vara, kjörnir á aðalfundi. Formaður skal kosinn sérstaklega.

## Fagdeild sjúkraliða með sérnam

Stjórnina skipa 3 aðalmenn og 1 til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega.

## Þing BSRB

Haldið á 3 ára fresti. Félögin eiga einn fulltrúa fyrir fyrstu 50 félagsmenn og síðan einn fyrir hverja 100 félagsmenn og þar yfir eða broti úr þeirri tölu.

## Aðalfundur BSRB

skal haldinn árlega. Félögin eiga einn fulltrúa fyrir hverja 400 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu þar framyfir. Tveir fulltrúar Sambands lífeyrisþega eiga sæti á ráðstefnunni.

## Kjaramálanefnd

Skipa 8 nefndarmenn, kosnir á fulltrúabingi til 2 ára. Kosning fer fram árlega og 4 kosnir hverju sinni. Formaður félagsins er sjálfkjörinn og stýrir fundum. Nefndin undirbýr kröfugerð félagsins.

## Kjararáð

Skipað 3 nefndarmönnum kosnum af kjaramálanefnd, auk formanns sem er sjálfkjörinn. Ráðið annast viðræður við viðsemjendur fyrir hönd félagsins.

## Skoðunarmenn

Tveir félagskjörnir skoðunarmenn reikninga félagsins, kjörnir á fulltrúabingi, auk tveggja til vara.

## Erlent samstarf

Félagið er aðili að Evrópusambandi sjúkraliða EPN - European Council of Practical nurses stofnuð 1980 og með yfir 100.000 félagi.

## Sjóðir BSRB

sem sjúkraliðar eiga aðild að: Vinnudeilu- og verkfallssjóður, Foreldra- og fæðingarorlofssjóður, Styrktar- og forvarnarsjóður og Starfsmenntunarsjóður.





## Ábyrgð alíð umhyggja

Í starfi sjúkralíða felst að veita umönnun, aðstoð og endurhæfingu þeim sem vegna sjúkdóma, öldrunar eða fötlunar eru ekki færir um að framkvæma athafnir daglegs lífs. Sjúkralíði ver meginhluta starfstíma síns í návist skjólstæðinga sinna og hefur hagsmuni þeirra ávallt að leiðarljósi.

- Sjúkralíði rækir starf sitt af alíð, samvisskusemi og trúmennsku og í fullu samræmi við þau hjúkrunarmarkmið sem sett hafa verið.
- Sjúkralíði virðir rétt skjólstæðinga og rækir störf sín óháð sjúkdómsgreiningu, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum, aldri, kynferði, skoðunum og þjóðfélagsstöðu.
- Sjúkralíði gætir trúnaðar við skjólstæðinga og sýnir fyllstu þagmælsku um einkamál þeirra.
- Sjúkralíði leitar samráðs við viðeigandi aðila telji hann að á rétt skjólstæðinga sé gengið. Hann stuðlar að því í samvinnu við aðrar stéttir að skjólstæðingur (eða aðstandendur hans) sé upplýstur um rétt sinn.
- Sjúkralíða ber að viðhalda faglegri þekkingu sinni eins og kostur gefst.
- Sjúkralíði leggur sitt af mörkum til bættrar heilsuverndar.
- Sjúkralíði gætir virðingar stéttar sinnar innan starfs sem utan.
- Sjúkralíði skal aldrei ræða með litilsvirðingu um skjólstæðinga sína, samstarfsmenn eða vinnustað.
- Sjúkralíði stuðlar að góðu samstarfi innan stéttar sinnar og tekur þátt í félagsstarfi sem vinnur að bættum hag hennar.
- Sjúkralíði rækir samvinnu við samstarfsstéttir og gagnrýnir þær ekki í áheym skjólstæðinga.

Félagar skulu kynna sér ákvæði reglna þessara og leitað við að fylgja þeim í starfi. Síðanefnd félagsins endurskoðar reglur þessar og fjallar um meint brot á þeim. Í starfi sínu ber sjúkralíðum einnig að hlíta þeim reglum og skyldum sem landslög segja til um.



**Síðareglur Sjúkraliðafélags Íslands**

# III. KAFLI

## REGLUR SÉRDEILDA

### Reglur fyrir svæðisdeildir Sjúkraliðafélags Íslands

#### 1. gr. HEITI OG STARFSVETTANGUR

Svæðisdeildir eru deildir innan Sjúkraliðafélags Íslands. Starfsvettvangur deildar og verkefni er að þjónusta alla þá sem rétt hafa til að bera starfsheitið sjúkraliði og búa og/eða starfa á starfssvæði viðkomandi deildar.

Nöfn deildanna eru:

- Svæðisdeild Reykjavíkur og nágrennis; Gullbringu og Kjósarsýsla, Bessastaðahreppur, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur og Mosfellsbær.
- Svæðisdeild Suðurnesja sunnan Straums; Garður, Grindavík, Keflavík, Sandgerði, Vogar, Ytri og Innri - Njarðvík.
- Svæðisdeild Vesturlands.
- Svæðisdeild Vestfjarða.
- Svæðisdeild Norðurlands vestra.
- Svæðisdeild Norðurlands eystra.
- Svæðisdeild Austurlands.
- Svæðisdeild Suðurlands, að Vestmannaeyjum frá töldum.
- Svæðisdeild Vestmannaeyja

Lögheimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík  
Félagssvæði Sjúkraliðafélags Íslands er allt landið

*\* Svæðisdeildir SLFÍ skiptast að meginreglu eftir kjördæmum eins og þau voru skipulögð samkvæmt landslögum fram til 16. maí 2000.*

#### 2. gr. RÉTTUR TIL AÐILDAR

Félagsmenn eru allir félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands sem búsettir eru á félagssvæði viðkomandi deildar.

#### 3. gr. LÖG DEILDA

Lög Sjúkraliðafélags Íslands eru lög deilda og félagsmanna eftir því sem við á.

#### 4. gr. HLUVERK

Hlutverk deilda og markmið eru þau sem kveðið er á um í 2. kafla laga Sjúkraliðafélags Íslands og ber forustu hennar að vinna að framgangi þeirra stefnumiða á sínum starfsvettvangi.

Með því:

- að vinna að því að samningar félagsins séu haldnir og réttindi félagsmanna í heiðri höfð.
- að reyna að leysa þau ágreiningsmál sem upp kunna að koma og bundin eru við deildarmenn,
- að veita félagsstjórn Sjúkraliðafélags Íslands aðstoð við söfnun gagna og upplýsinga og við annað sem hún kann að óska eftir,
- að við brautskráningu sjúkraliðanema, sé þeim afhentar heillaóskir félagsins og þeir boðnir velkomnir til starfa,
- að efla gagnkvæman skilning og einingu meðal félagsmanna og annarra launamanna. Jafnframt skulu deildirnar leitast við að halda uppi öflugu fræðslu – og menningarstarfi innan vébanda sinna.

#### 5. gr. STJÓRNIR

Stjórnir skulu kosnar á aðalfundi til tveggja ára.

Stjórnir skipa: formaður, fjórir meðstjórnendur og einn til vara.

Formaður skal kosinn sérstaklega.

Endurkjör stjórnarmanna er heimilt.

Kosning stjórnar skal fara fram árlega og kosnir tveir stjórnarmenn hverju sinni.

## 6. gr. STÖRF STJÓRNAR

Stjórn er tengiliður milli félaga deildarinnar og félagstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands. Formenn eru sjálfkjörmir í félagsstjórn Sjúkraliðafélags Íslands.

Formenn boða stjórnarfundum og aðra fundi deilda. Að loknu stjórnarkjöri skal formaður boða til stjórnarfundar við fyrstu hentugleika. Á fundinum skiptir stjórnin með sér verkum og kýs úr sínum hópi varaformann, gjaldkera og ritara.

Stjórnir deilda geta skipað nefndir og starfshópa til að vinna að einstökum málefnum fyrir viðkomandi deild, félagið og félagsmenn.

## 7. gr. FJÁRMÁL

Stjórn hverar deildar skal gera fjárhagsáætlun og leggja fyrir aðalfund til samþykktar. Beiðni um fjárframlag úr aðalsjóði Sjúkraliðafélags Íslands, samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun, ásamt samþykktum reikningum síðasta árs og fylgiskjölum fyrra árs skal senda félagsstjórn fyrir 1. febrúar til varðveislu.

Fjármunir sem einstakar deildir afla með sérgjöldum, söfnun eða á annan hátt skal ekki færa sem tekjur í reikninga deildarinnar.

Við gerð fjárhagsáætlunar og reikningsskil deildanna skulu eftirtaldir útgjaldaliðir áætlaðir/færðir sérstaklega:

- Ferðakostnaður
- Útgjöld vegna útlagðs kostnaðar stjórnarmanna
- Kostnaður vegna stjórnarfunda
- Prentun, frímerki, ljósritun o.fl.
- Símakostnaður
- Útgjöld vegna aðal- og félagsfunda
- Annar kostnaður

## 8. gr. AÐALFUNDIR

Aðalfundir skulu haldnir árlega á tímabilinu september – desember sbr. ákvæði 12. gr. laga Sjúkraliðafélags Íslands. Skýrslur skal senda félagsstjórn fyrir 1. febrúar ásamt fjárhagsáætlun og fjárbeiðni, auk tillagna og greinargerða sem leggja á fyrir fulltrúaping eða félagsstjórn.

Til aðalfundar skal boða með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Fundurinn skal auglýstur á tryggilegan hátt og þess getið í fundarboði ef fyrirhugaðar eru breytingar á reglum deildanna. Ennfremur skal þess getið í fundarboði þegar formanskjör er, hverjir eru í kjöri.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra.
2. Skýrsla formanns um starfsemi deildarinnar.
3. Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir reikningar deildarinnar
4. Tillögur um breytingar á reglum félagsins.
5. Kosning formanns til tveggja ára.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning tveggja deildarkjörinna skoðunarmanna.
8. Kosning fulltrúa deildarinnar til setu á fulltrúapingi Sjúkraliðafélags Íslands samkvæmt ákvæðum 18. gr. laga félagsins.
9. Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun deildarinnar til samþykktar.
10. Önnur mál.

## 9. gr. FUNDIR DEILDA

Fundi skal halda svo oft sem þurfa þykir. Fundi skal boða með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara, með auglýsingu eða á annan tryggilegan hátt.

Stjórn deildar er skylt að boða til fundar ef fimmtungur félagsmanna krefst þess og tilgreinir fundarefni.

#### **10. gr. KJARAMÁL**

Kjaramálanefnd skal starfa innan hvernar deildar. Hún skal annast undirbúning kröfugerðar, vegna kjarasamninga í samráði við kjaramálanefnd Sjúkraliðafélags Íslands.

Kjaramálanefnd skal skipuð 4 fulltrúum, auk formanns deildarinnar sem er sjálfkjörinn. Kjörtímabil nefndarinnar er 2 ár, endurkjör er heimilt. Nefndin annast gerð kjarasamninga á sínu félagssvæði í umboði kjaramálanefndar félagsins, sbr. ákvæði 4. tl. 5. mgr. 30. gr. laga Sjúkraliðafélags Íslands.

#### **11. gr. TRÚNAÐARMENN**

Trúnaðarmenn skulu starfa í umboði svæðisdeildar á hverjum vinnustað, í samræmi við ákvæði 5. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Stjórn svæðisdeildar skal sjá um kjör trúnaðarmanna á sínu starfssvæði og vera kjörstjórn á vinnustað til aðstoðar við framkvæmdina.

Kjörstjórn sér um talningu atkvæða og er öllum sem rétt áttu til að kjósa, heimilt að fylgjast með talningu. Sá sem flest atkvæði fær er rétt kjörinn trúnaðarmaður og sá sem fær næst flest atkvæði er kjörinn varamaður hans.

Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá hlutkesti úrslitum. Strax að kosningu lokinni skal kjörstjórn tilkynna stjórn deildarinnar um niðurstöðu kosningarinnar.

Heimilt er deildarstjórn að skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það vinnustaðnum hafi kosning ekki komið til framkvæmda innan tilskilins frests.

Með samþykki aðalfundar er stjórn deildarinnar heimilt að stofna trúnaðarmannaráð og setja því starfsreglur.

Stjórn deildar er skylt að halda fund með kjörnum trúnaðarmönnum a.m.k. einu sinni á ári.

#### **12. gr. BREYTING Á REGLUM**

Reglum þessum má aðeins breyta á fulltrúaþingi SLFÍ enda hafi tillögum um breytingar á þeim verið sendar félagsstjórn fyrir 1. febrúar. Breytingar á reglunum öðlast ekki gildi fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu fulltrúaþings Sjúkraliðafélags Íslands, að fenginni umsögn laganeftdar félagsins.

Reglur fyrir svæðisdeildir Sjúkraliðafélags Íslands lagðar fram til umfjöllunar á fulltrúaþingi SLFÍ 14. og 15. maí 2004 og samþykktar þannig breyttar.

## **REGLUR DEILDAR SJÚKRALIÐA MEÐ SÉRNÁM**

#### **1. gr. HEITI OG STARFSVETTvangUR**

Nafn deildarinnar er “Fagdeild sjúkraliða með sérnám í hjúkrun”. Fagdeild sjúkraliða með sérnám er deild innan Sjúkraliðafélags Íslands. Starfsvettvangur deildarinnar og verkefni er að þjónusta alla sem lokið hafa a.m.k. eins árs sérnámi og hafa rétt til að bera starfsheitið sjúkraliði.

Heimili og varnarþing deildarinnar er Reykjavík.

#### **2. gr. RÉTTUR TIL AÐILDAR**

Félagsmenn eru allir sjúkraliðar í Sjúkraliðafélagi Íslands sem lokið hafa a.m.k. eins árs framhaldsnámi í hjúkrun.

#### **3. gr. LÖG**

Lög Sjúkraliðafélags Íslands eru lög deildarinnar og félagsmanna hennar, eftir því sem við á.

#### 4. gr. HLUVERK

Hlutverk og markmið eru þau sem kveðið er á um í 2. kafla laga Sjúkraliðafélags Íslands og ber deildinni og forystu hennar að vinna að framgangi þeirra stefnumiða á sínum starfsvettvangi.

Með því að:

- halda uppi öflugu fræðslu - og menningarstarfi innan vébanda sinna,
- efla gagnkvæman skilning og einingu meðal félagsmanna og annarra launamanna,
- veita félagsstjórn SLFÍ aðstoð við söfnun gagna og upplýsinga og annað sem hún kann að óska eftir.

#### 5. gr. STJÓRN

Stjórn deildarinnar skal kosin á aðalfundi til eins árs.

Stjórnina skipa: formaður, tveir meðstjórnendur og einn til vara.

Formaður skal kosinn sérstaklega.

Endurkjör stjórnarmanna er heimilt.

#### 6. gr. STÖRF STJÓRNAR

Stjórn deildarinnar er tengiliður milli félaga deildarinnar og félagsstjórnar Sjúkraliðafélags Íslands. Formaður fagdeildar sjúkraliða með sérnám, hefur rétt á að sitja fundi félagsstjórnar með málfrelsi og tillögurétt ef á dagskrá hennar eru málefni er varða deildina eða félagsmenn hennar sérstaklega. Formaður boðar stjórnarfundi og aðra fundi deildarinnar. Að loknu stjórnarkjöri skal formaður boða til stjórnarfundar við fyrstu hentugleika. Á fundinum skiptir stjórnin með sér verkum og kýs sér gjaldkera og ritara.

Stjórn deildarinnar getur skipað nefndir og starfshópa til að vinna að einstökum málefnum fyrir deildina.

#### 7. gr. FJÁRMÁL

Stjórn deildarinnar skal gera fjárhagsáætlun og leggja fyrir aðalfund til samþykktar. Beiðni um fjárhagsframlag úr aðalsjóði Sjúkraliðafélags Íslands, samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun skal senda félagsstjórn fyrir 1. febrúar.

#### 8. gr. AÐALFUNDUR

Aðalfundur deildarinnar skal haldinn árlega á tímabilinu september - desember sbr. ákvæði 12. gr. laga Sjúkraliðafélags Íslands. Skýrslur deildarinnar skal senda félagsstjórn fyrir 1. febrúar ásamt fjárhagsáætlun og fjárbeiðni, auk tillagna og greinargerða sem leggja á fyrir fulltrúaþing eða félagsstjórn.

Til aðalfundar skal boða með a.m.k. 2 vikna fyrirvara. Fundurinn skal auglýstur á tryggilegan hátt og þess getið í fundarboði ef fyrirhugaðar eru breytingar á reglum deildarinnar. Þess skal getið í fundarboð hverjir séu í kjöri til formanns deildarinnar.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra.
2. Skýrsla formanns um starfsemi deildarinnar.
3. Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir reikningar deildarinnar.
4. Tillögur um breytingar á reglum deildarinnar.
5. Kosning formanns.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning tveggja deildarkjörinna skoðunarmanna.
8. Kosning fulltrúa deildarinnar til setu á fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands samkvæmt ákvæðum g. liðar 18. gr. laga félagsins.
9. Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun deildarinnar til samþykktar.
10. Önnur mál.

## 9. gr. DEILDARFUNDIR

Deildarfundi skal halda svo oft sem þurfa þykir. Deildarfundi skal boða með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara, með símboðun, tölvupósti eða auglýsingu á vinnustöðum þar sem því verður við komið.

Stjórn deildarinnar er skylt að boða til deildarfundar ef fimmtungur félagsmanna deildarinnar krefst þess og tilgreinir fundarefni.

## 10. gr. BREYTING Á REGLUM

Reglum deildarinnar má aðeins breyta á aðalfundi, enda hafi tillögum um breytingar verið getið í fundarboði. Breytingar á reglum öðlast ekki gildi fyrir en þær hafa hlotið staðfestingu stjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, að fenginni umsögn laganeftar félagsins.

Drög að reglum deildarinnar voru samþykktar á stofnfundi “Fagdeildar sjúkraliða með sérnám í hjúkrun” í Borgarleikhúsinu 21. desember 2002 með fyrirvara um að lög Sjúkraliðafélags Íslands breytist og heimili stofnun deildarinnar.

Reglur deildarinnar voru samþykktar á fulltrúafundi Sjúkraliðafélags Íslands 14. maí 2003.

## REGLUR DEILDAR EFTIRLAUNAFÓLKS

### 1. gr. AÐILD AÐ DEILDinni

Rétt til aðildar að deild eftirlaunafólks Sjúkraliðafélags Íslands eiga allir sjúkraliðar sem eru á eftirlaunum og/eða ellilífeyri eða eru á örorkubótum samkvæmt lögum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar eða annarra lífeyrissjóða sem sjúkraliðar greiddu til af sjúkraliðalaunum, enda hafi þeir verið félagsmenn er þeir létu af störfum.

### 2. gr. HLUtVERK OG MARKMIÐ

Deildin starfar í samræmi við ákvæði félagslaga Sjúkraliðafélags Íslands og starfsreglum er hún setur sér í samráði við stjórn félagsins.

Viðfangsefni deildarinnar:

- að gæta í hvívetna hagsmuna lífeyrisþega, m.a. með því að fylgjast með breytingum sem verða á skipan starfa í launaflokka og koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum til lífeyrissjóða ef þörf krefur,
- að halda skrá um alla þá sem rétt eiga til aðildar að deildinni,
- að halda uppi kynningar- og félagsstarfi með deildarfélögum, skemmtikvöldum og með ferðalögum innanlands og utan, verði því viðkomið.
- að vinna að því að sköpuð verði sem fjölbreyttust starfsaðstaða fyrir lífeyrisþega þ.m.t. að auðvelda lífeyrisþegum sjálfsnám.

### 3. gr. KOSNING STJÓRNAR

Á aðalfundi eftirlaunadeildarinnar skal velja 5 menn til þess að annast hefðbundin stjórnarstörf. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur af stjórn Reykjavíkurdeldar Sjúkraliðafélags Íslands og skal hann tryggja nauðsynleg tengsl milli eftirlaunadeildarinnar og félagsins. Velja skal jafnmarga varamenn í deildarstjórn. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundi enda eiga þeir rétt til setu á stjórnarfundum, með málfrelsi og tillögurétti.

### 4. gr. KJÖR FORMANNS, HLUtVERK STJÓRNARMANNA

Formann skal velja sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum eftir því sem hentar hverju sinni. Formaður fer með umboð deildarinnar til setu á þeim fundum stjórnar Reykjavíkurdeldar félagsins, þar sem málefni deildarinnar eða lífeyrisþega eru á dagskrá. Varaformaður skal valinn úr hópi stjórnar- eða varastjórnarmanna.

**5. gr. KJÖRTÍMABIL**

Formann og varamenn í stjórn skal velja árlega, en meðstjórnendur til tveggja ára og ganga tveir stjórnarmanna úr stjórninni hverju sinni, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Endurkjör er heimilt.

**6. gr. BOÐUN STJÓRNARFUNDA**

Stjórnarfundir skal halda að boði formanns eða samkvæmt ákvörðun stjórnar deildarinnar um reglulega fundardaga. Fundir eru lögmætir ef þrír eða fleiri stjórnarmanna eru mættir.

**7. gr. VERKEFNI STJÓRNAR**

Formaður gegnir öllum venjubundnum formannsstörfum. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari skal halda gerðabók um ákvarðanir og gerðir stjórnar og frá almennum deildarfundum. Féhirðir hefur umsjón með fjármálum deildarinnar.

**8. gr. AÐALFUNDUR**

Á tímabilinu 15. september til 31. október skal boða til aðalfundar deildarinnar með minnst 3 daga fyrirvara. Á fundinum ber deildarstjórn að gefa skýrslu um starfsemina á liðnu starfstímabili.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og annarra starfsmanna.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar deildarinnar.
4. Tillögur um breytingar á reglum deildarinnar.
5. Kosning formanns.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning félagskjörinna skoðunarmanna.
8. Kosning fulltrúa til setu á fulltrúafingi Sjúkraliðafélags Íslands.
9. Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun deildarinnar til samþykktar
10. Önnur mál.

**9. gr. BOÐUN DEILDARFUNDA**

Deildarfundir skal boða með auglýsingu í blaði samtakanna “Sjúkraliðanum”, auglýsingu í dagblaði, öðrum fjölmiðli eða með bréfi til deildarfélaga. Leitast skal við að ákveða allt funda- og félagstarf deildarinnar fyrir ákveðin tímabil í senn og tilkynna það í bréfi til félagsmanna.

**10. gr. LAGABREYTINGAR**

Lögum deildarinnar má aðeins breyta á aðalfundi, enda hafi tillögur að lagabreytingum borist deildarstjórn áður en aðalfundurinn er auglýstur og skal tillagnanna getið í fundarboði. Úrslitum um lagabreytingar ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða.

Heimilt er að gera breytingartillögur við löglega frambornar tillögur til lagabreytinga, enda feli breytingartillaga ekki í sér óskyld efni við upphaflegu tillöguna.

Drög að reglum deildar eftirlaunafólks innan Sjúkraliðafélags Íslands voru lagðar fram til kynningar á undirbúningsfundi að stofnun deildarinnar í Úthlíð, Biskupstungum í október 1997 og samþykktar á stofnfundi deildar eftirlaunafólks innan Sjúkraliðafélags Íslands þann 13. október 1998.

# IV. KAFLI

## STYRKARTARSJÓÐIR

### FRÆÐSLUSJÓÐINN FRAMFÖR SKIPULAGSSKRÁ

- 1. gr. SJÁLFSTÆÐI SJÓÐSINS OG REIKNINGSHALD**  
Sjóðurinn er eign Sjúkraliðafélags Íslands, en hefur sjálfstætt reikningshald og er undaþeginn öllum fjárskuldbindingum félagsins.
- 2. gr. HEITI SJÓÐSINS OG STOFNUN**  
Samþykkt var á aðalfundi félagsins 2. apríl 1990, að leggja niður “Styrktarsjóð aldraðra” sem stofnaður var á 10 ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands og nýr sjóður stofnaður “Fræðslusjóðurinn Framför.” Á fundi fulltrúaráðs félagsins 11. maí 1999 var ákveðið að leggja niður “Styrktarsjóð Sjúkraliðafélags Íslands” og sameina hann Fræðslusjóðnum Framför.
- 3. gr. STJÓRN SJÓÐSINS**  
Sjóðsstjórn er skipuð framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands, eins og hún er hverju sinni. Stjórn sjóðsins, annast sjóðinn og úthlutun styrkja úr honum samkvæmt reglum sem hún setur sjóðnum.
- 4. gr. FJÁRMÖGNUN**  
Sjóðurinn skal fjármagnaður með föstu framlagi úr félagssjóði sem nemur 1% af innheimtum félagsgjöldum hvers árs, auk fjármuna sem aflað er til styrktar sjóðnum, með sérstakri fjárflyflun félagsins og einstakra félagsdeilda.
- 5. gr. TILGANGUR**  
Tilgangur sjóðsins er, að stuðla að hverskonar fræðslu og framgangi sjúkraliða m.a. með því að styrkja þá til þátttöku í námskeiðum og ráðstefnum, sem ekki eru styrkt af öðrum styrktarsjóðum sem sjúkraliðar eiga aðild að. Sjóðurinn veitir ekki sjóðfélögum aðstoð vegna náms eða námskeiða hafi sjóðfélagi fullnýtt sér áunnin rétt annarra sjóða á sömu forsendum. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá settum reglum og styrkja einstaklinga og/eða deildir innan félagsins til að vinna að sérstökum verkefnum eða veita styrki sérstakra aðstæðna sjóðfélaga.
- 6. gr. TAKMÖRKUN Á ÚTHLUTUN**  
Aldrei má úthluta meiru en sem nemur 2/3 af eignum sjóðsins og skal 1/3 hluti hans ætíð standa sem höfuðstól.
- 7. gr. REIKNINGSÁR**  
Reikningsár sjóðsins miðast við 1. janúar.
- 8. gr. ENDURSKOÐUN**  
Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á fulltrúafingi Sjúkraliðafélags Íslands.
- 9. gr. BREYTINGAR Á SKIPULAGSSKRÁ**  
Ef óskað er breytinga á skipulagsskrá Fræðslusjóðsins Framför, ber sjóðsstjórn að gera um það tillögur, sem lagðar skulu fyrir fulltrúafing Sjúkraliðafélags Íslands til samþykktar eða höfnunar.
- 10. gr. SAMÞYKKTIR FULLTRÚAÞINGIS**  
Skipulagsskrá Fræðslusjóðsins Framför eins og hún var samþykkt á fulltrúafingi Sjúkraliðafélags Íslands 8. maí 1992 og breytt á þingi félagsins 11. maí 1999 og 14. maí 2003



# STARFSREGLUR STJÓRNAR FRÆÐSLUSJÓÐSINS FRAMFÖR

## 1. gr. UMSÓKN UM STYRK

Umsóknum um styrk úr sjóðnum skal skila til stjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, Grensásvegi 16, 108 – Reykjavík, á sérstöku umsóknareyðublaði sem hægt er að fá afhent á skrifstofu félagsins.

## 2. gr. FRÁGANGUR UMSÓKNA

Umsækjendur eru hvattir til að vanda frágang umsókna og tilgreina nákvæmlega til hvers þeir ætla að verja styrknum.

## 3. gr. UPPHÆÐ OG RÉTTUR TIL STYRKVEITINGA

Félagsmenn sem greiða fag- og stéttarfélagsgjöld til Sjúkraliðafélags Íslands eru réttbærir styrkþegar. Hámarks styrkur til einstaklings í fullu starfi getur mestur verið 15.000 - kr. á ári.

## 4. gr. RÉTTUR LANDSHLUTADEILDA OG STARFSNEFNDA

Stjórnir landshlutadeilda og/eða einstakar starfsnefndir geta sótt um styrki til að standa fyrir námsstefnum, ráðstefnum eða öðrum sambærilegum fundum.

Upphæð styrkja í þessum tilvikum skal ákveðin af sjóðsstjórn.

## 5. gr. RÉTTUR TIL FORGANGS

Félagsmenn sem verið hafa í a.m.k. eitt ár í félaginu og hafa ekki hlotið styrk frá sjóðnum, skulu njóta forgangs við úthlutun.

## 6. gr. TAKMÖRKUN Á GREIÐSLUM

Ef styrks úr sjóðnum er ekki vitjað innan þriggja mánaða frá dagsetningu úthlutunar sjóðsstjórnar fellur styrkveiting niður.

## 7. gr. SAMÞYKKTIR FULLTRÚAÞINGA

Reglur fyrir Fræðslusjóðinn Framför voru samþykktar á fulltrúaþingi

Sjúkraliðafélags Íslands 11. maí 1999 og breytt að tillögu laganefndar á fulltrúaþingi félagsins 14. maí 2003.

# FJÖLSKYLDU- OG STYRKARSJÓÐUR

## SAMKOMULAG VIÐ RÍKI OG SVEITARFÉLÖG

Hér á eftir er birtur hluti samkomulags BHM, BSRB og KÍ við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í samtökunum. Það sem hér er birt varðar tilhögun fæðingarorlofs og fjölskyldu- og styrktarsjóð.

## 1. KAFLI

### UM TILHÖGUN FÆÐINGARORLOFS

#### 1.1 GILDISSVIÐ

1.1.1 Kafli þessi tekur til foreldris sem er í a.m.k. 25% starfi og starfað hefur í samfellu 6 mánuði fyrir fæðingu barns síns hjá hlutaðeigandi launagreiðanda og er með gilda ráðningu við upphaf orlofsins.

#### 1.2 RÉTTARSTAÐA STARFSMANNA Í FÆÐINGARORLOFI

1.2.1 Um uppsöfnun og vernd réttinda í fæðingarorlofi fer skv. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, þó með þeirri viðbót sem talin er upp hér á eftir.

- 1.2.2** Starfsmaður sem hefur töku fæðingarorlofs telst skv. framangreindu vera leystur undan vinnuskyldu á meðan á fæðingarorlofi hans stendur, sbr. 29. gr. framangreindra laga. Starfsmaður launagreiðanda sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar. Starfsmaður er áfram í þeim lífeyrissjóði(um) sem hann hefur tilheyrt sem starfsmaður launagreiðanda, en launagreiðandi ber ábyrgð á réttindaávinnslu starfsmanns í b-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og í sambærilegum lífeyrissjóðum sveitarfélaga.
- 1.2.3** Starfsmaður sem nýtur fyrirframgreiðslu launa skal eiga rétt til fyrirframgreiðslu frá launagreiðanda þann mánuð sem hann hefur töku fæðingarorlofs og fellur sá réttur niður þann mánuð sem hann kemur til baka úr fæðingarorlofi.

### **3. KAFLI UM FJÖLSKYLDU- OG STYRKTARSJÓÐ**

#### **3.1 HLUOTVERK**

- 3.1.1** Stofnaður skal fjölskyldu- og styrktarsjóður. Hlutverk hans er: að taka við iðgjöldum launagreiðanda og ávaxta þau, að taka við umsóknum, ákvarða og annast greiðslur til félagsmanna í fæðingarorlofi, að taka ákvarðanir um frekari ráðstöfun fjármuna sjóðsins skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.
- 3.1.2** Vegna þess mismunar sem er á greiðslum sem taka mið af reglugerð nr. 410/1989 annars vegar og skv. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof hins vegar fer hluti af iðgjaldi launagreiðanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð til að greiða þann mismun. Fyrri réttindi sem taka mið af reglugerð nr. 410/1989 teljast að fullu bætt með greiðslum launagreiðanda í sjóðinn.

#### **3.2 AÐILD**

- 3.2.1** Sjóðurinn skal vera sameiginlegur fyrir félagsmenn aðildarfélaga samtakanna sem eru aðilar að samkomulagi þessu.
- 3.2.2** Þeir atvinnurekendur og stéttarfélag sem vilja síðar gerast aðilar að sjóði þessum gera það með skriflegri beiðni til sjóðsstjórnar um að þeir óski að gerast aðilar að þessum sjóði og að þeir gangist undir ákvæði samnings þessa. Slík beiðni öðlast gildi þegar sjóðsstjórn hefur fallist á erindið.

#### **3.3 STJÓRN**

- 3.3.1** Stjórn fjölskyldu- og styrktarsjóðs skal skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af þeim heildarsamtökum sem standa að stofnun sjóðsins.
- 3.3.2** Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda og sendir launagreiðendum sem greiða til sjóðsins.

#### **3.4 IÐGJALDAGREIÐSLUR LAUNAGREIÐANDA**

- 3.4.1** Iðgjald launagreiðanda skal nema 0,41% af heildarlaunum þeirra starfsmanna hlutaðeigandi launagreiðanda sem falla undir samkomulag þetta. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftirá skv. útreikningi launagreiðanda.

### **4. KAFLI GILDISTÖKUÁKVÆÐI**

#### **4.1 BROTTFALL FYRRI REGLNA**

- 4.1.1** Viðmið réttinda við reglugerðir nr. 410/1989 og nr. 411/1989 og hliðstæðar reglur hlutaðeigandi sveitarfélaga falla úr gildi við gildistöku samkomulags þessa, svo og reglur um sjálfstætt fæðingarorlof feðra og öll þau atriði kjarasamninga sem lúta að sömu réttindum og reglugerðirnar taka til. Sama gildir um sérstakar ákvarðanir launagreiðanda sem hafa sama markmið eða lúta að feðraorlofi. Þó gildir áfram samkomulag, dags. 9. nóvember 1988, í gildandi kjarasamningum kennara.

## 4.2 ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI

4.2.1 Hvor aðili samkomulags þessa getur óskað eftir endurskoðun þess ef lögum um fæðingar- og foreldraorlof er breytt í veigamiklum atriðum, svo sem hvað varðar lengd fæðingarorlofs eða hlutfall launagreiðslna á meðan á því stendur. Sama á við ef kjarasamningar breytast á veigamikinn hátt eða ef breyting verður á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga svo og ef annað knýjandi tilefni þykir til endurskoðunar.

## 4.3 GILDISTAKA

4.3.1 Samkomulag þetta tekur gildi hinn 1. janúar 2001 fyrir öll aðildarfélög hlutaðeigandi samtaka auk Félags íslenskra leikskólakennara og verður hluti af kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Reykjavík, 24. október 2000

### **Ábending: Munið að setja X-ið!**

Þegar sótt er um úr Fæðingarorlofssjóði þarf að fylla út umsókn hjá Tryggingastofnun ríkisins. Á umsóknareyðublaðinu eru reitir þar sem umsækjandi er beðinn um að setja x þar sem það á við, m.a. hvort viðkomandi óski eftir því að stéttarfélagsgjöld verði dregin frá greiðslum úr fæðingarorlofssjóði. Þeir sem merkja x við þann reit teljast félagsmenn í viðkomandi stéttarfélagi.

Réttarstaða hinna sem ekki kjósa að krossa í þennan reit er hins vegar önnur: **Þeir teljast ekki félagsmenn á meðan fæðingarorlofi stendur og missa því rétt úr vísindasjóði, orlofssjóði og starfsmenntunarsjóði.** Með öðrum orðum, til að halda sjóðsréttindum í fæðingarorlofi er nauðsynlegt að greiða stéttarfélagsgjald. Sé það greitt greiðir fjölskyldu- og styrktarsjóður (FOS) mótframlag til sjóða BSRB og sjóðfélagi heldur öllum sínum réttindum og heldur áfram að vinna sér inn réttindi meðan á fæðingarorlofi stendur.

Engin lagaheimild er fyrir Tryggingastofnun ríkisins að draga stéttarfélagsgjöld óumbeðið af greiðslum í fæðingarorlofi. Því er óhjákvæmilegt að hafa spurningu á eyðublaðinu vegna fæðingarorlofsgreiðslu um hvort umsækjandi vilji vera áfram í sínu félagi og þar með greiða til þess félagsgjöld. Er því nauðsynlegt að minna félagsmenn á það að standa vörð um réttindi sín og félagsaðild og krossa í viðeigandi reit.

## LÖG UM FÆÐINGAR- OG FORELDRAORLOF

### LÖG NR. 95/2000

Tóku gildi 6. júní 2000. Breytt með l. 72/2003

### I. KAFLI

#### MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ.

#### 1. gr. GILDISSVIÐ

Lög þessi taka til réttinda foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingar- og foreldraorlofs. Þau eiga við um foreldra sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi.

Lög þessi taka einnig til réttinda foreldra utan vinnumarkaðar og í námi til fæðingarstyrks.

#### 2. gr. MARKMIÐ.

Markmið laga þessara er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður.

Þá er lögum þessum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

## II. KAFLI. STJÓRNSÝSLA.

### 3. gr. YFIRSTJÓRN

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn fæðingar- og foreldraorlofsmála samkvæmt lögum þessum.

### 4. gr. FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR

Fæðingarorlofssjóður skal annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi skv. 13. gr. Þó er heimilt að semja um að vinnuveitandi annist þessar greiðslur, enda fái hann endurgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði. Greiðslur til foreldra, sbr. 2. mgr. 1. gr., greiðast úr ríkissjóði. Fæðingarorlofssjóður skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði félagsmálaráðherra.

Fæðingarorlofssjóður skal fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins.

Félagsmálaráðherra skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal sjóðurinn árlega gera fjárhagsáætlun sem félagsmálaráðherra leggur fyrir fjármálaráðherra við undirbúning fjárlaga.

Reikningar Fæðingarorlofssjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaðinu.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

### 5. gr. ÚRSKURÐARNEFND

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála og jafnmarga til vara. Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal einn skipaður án tilnefningar. Hæstiréttur tilnefnir tvo og skal annar þeirra uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og vera formaður nefndarinnar en hinn skal vera læknir og varaformaður hennar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Hlutverk úrskurðarnefndar er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga þessara.

Úrskurðir nefndarinnar sæta ekki kærur til æðra stjórnvalds.

Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

### 6. gr. MÁLSMEÐFERÐ FYRIR ÚRSKURÐARNEFND

Kæra skal berast nefndinni skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Kæra telst nægjanlega snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd skal að jafnaði vera skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund.

Nefndin skal tryggja að aðili máls eigi þess kost að tjá sig áður en nefndin úrskurðar í því, enda telji nefndin að hvorki afstaða hans né rök fyrir henni liggi fyrir í gögnum málsins.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð hjá nefndinni samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Tryggingastofnun ríkisins skal láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar sem nefndin telur þörf á að afla frá stofnuninni.

Nefndarmönnum er bannað að skýra óviðkomandi aðilum frá persónuupplýsingum sem þeir komast að í starfi sínu og leynt eiga að fara. Pagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni berst mál.

## III. KAFLI. ORÐSKÝRINGAR

7. gr. Fæðingar- og foreldraorlof samkvæmt lögum þessum er leyfi frá launuðum störfum sem stofnast til við:
- a. fæðingu,

b. frumættleiðingu barns yngra en átta ára eða

c. töku barns yngra en átta ára í varanlegt fóstur.

Starfsmaður er í lögum þessum hver sá sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði. Þó á hugtakið starfsmaður í VII. kafla við um alla sem vinna launuð störf í annarra þjónustu.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur er sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að honum er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattfyrvalda, skil á tryggingagjaldi.

Í lögum þessum telst kona nýlega hafa alið barn þegar barnið er 14 vikna eða yngra.

#### **IV. KAFLI.**

#### **FÆÐINGARORLOF**

##### **8. gr. RÉTTUR FORELDRA Á VINNUMARKAÐI**

Foreldrar, sbr. 1. mgr. 1. gr., eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjú mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar sem annað foreldrið getur tekið í heild eða foreldrar skipt með sér. Réttur til fæðingarorlofs fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns. Þó er konu heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði.

Kona skal vera í fæðingarorlofi að minnsta kosti fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns.

Við ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur er miðað við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annarra landa getur fæðingarorlof hafist við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáiast ættleitt.

Réttur foreldris til fæðingarorlofs er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar taka fæðingarorlofs hefst, sbr. þó 6. mgr.

Forsjárlaus foreldri á rétt til fæðingarorlofs liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlaus foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir.

Ef annað foreldrið andast áður en barn nær 18 mánaða aldri færast sá réttur til fæðingarorlofs sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris.

##### **9. gr. TILKYNNING UM FÆÐINGARORLOF**

Þegar starfsmaður hyggst nýta sér rétt til fæðingarorlofs skal hann tilkynna það vinnuveitanda eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi átta vikum fyrir fyrirhugaðan fæðingardag barns. Vilji kona breyta áður tilkynntum upphafsdegi fæðingarorlofs, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber henni að tilkynna það vinnuveitanda þremur vikum fyrir hinn nýja fyrirhugaða upphafsdag fæðingarorlofs.

Tilkynning um töku fæðingarorlofs skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Skal jafnframt tilgreina fyrirhugaða skiptingu sameiginlegs fæðingarorlofs milli foreldra barns. Þá skal vinnuveitandi árita tilkynninguna um móttökudagsetningu og afhenda starfsmanninum afrit hennar. Vinnuveitandi getur krafist sönnunar á að foreldri fari með forsjá barnsins eða að fyrir liggi samþykki þess foreldris sem fer með forsjána telji hann þess þörf.

##### **10. gr. TILHÖGUN FÆÐINGARORLOFS**

Starfsmaður skal eiga rétt á að taka fæðingarorlof í einu lagi.

Með samkomulagi við vinnuveitanda er starfsmanni þó heimilt að haga fæðingarorlofi á þann veg að það skiptist niður á fleiri tímabil og/eða það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli, sbr. þó 3. mgr. 8. gr. Þó má aldrei taka fæðingarorlof skemur en viku í senn. Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun fæðingarorlofs samkvæmt þessu ákvæði.

Óski starfsmaður eftir að haga fæðingarorlofi skv. 2. mgr. en vinnuveitandi getur ekki fallist á óskir

hans skal vinnuveitandi að höfðu samráði við starfsmann leggja til aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar, sbr. 2. mgr. 9. gr. Skal það gert skriflega og ástæður tilgreindar fyrir breyttri tilhögun.

Ef samkomulag næst ekki milli starfsmanns og vinnuveitanda um töku fæðingarorlofs starfsmanns á starfsmaður ávallt rétt á að taka fæðingarorlof sitt í einu lagi frá þeim upphafsdegi sem starfsmaður ákveður.

#### **11. gr. ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI Á VINNUSTÖÐUM**

Ef öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti er í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar. Ef því verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi fela konunni önnur verkefni en að öðrum kosti veita henni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal fara eftir nánari reglum<sup>1)</sup> sem félagsmálaráðherra setur.

Þær breytingar, sem teljast nauðsynlegar á vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma konu, sbr. 1. mgr., skulu ekki hafa áhrif á launakjör hennar til lækkunar eða önnur starfstengd réttindi.

Ef veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum samkvæmt ákvæði þessu á hún rétt á greiðslum, sbr. 13. gr.

1)Rg. 931/2000.

#### **12. gr. RÉTTUR TIL FÆÐINGARORLOFS VEGNA ANDVANAFÆÐINGAR OG FÓSTURLÁTS**

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi í allt að þrjú mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarorlofi í allt að tvo mánuði.

#### **13. gr. RÉTTUR FORELDRA TIL GREIÐSLNA ÚR FÆÐINGARORLOFSSJÓÐI**

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eftir að hafa verið samfellt í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Taka skal til greina starfstíma foreldris í öðrum EES-ríkjum [eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]<sup>1)</sup> hafi foreldri unnið hér á landi í a.m.k. einn mánuð á síðustu sex mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi foreldris skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil.

Greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald.

Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til sjálfstætt starfandi foreldris skal nema 80% af reiknuðu endurgjaldi sem greitt hefur verið tryggingagjald af fyrir sama tímabil.

Greiðsla í fæðingarorlofi til foreldris í 25–49% starfi í hverjum mánuði skal þó aldrei vera lægri en sem nemur 54.021 kr. á mánuði og greiðsla til foreldris í 50–100% starfi í hverjum mánuði skal aldrei vera lægri en sem nemur 74.867 kr. á mánuði.

Fjárhæð lágmarksgreiðslna kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta greiðslufjárhæðinni til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launabróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

Greiðslur í fæðingarorlofi skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð eða hluta úr mánuði, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Réttur foreldris til greiðslna í fæðingarorlofi er bundinn því að foreldri uppfylli skilyrði um rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, svo sem um mat á starfshlutfalli sjálfstætt starfandi og þeirra sem eru undanþegnir greiðslu tryggingagjalds lögum samkvæmt.

1)L. 72/2003, 12. gr.

#### **14. gr. UPPSÖFNUN OG VERND RÉTTINDA**

Meðan á fæðingarorlofi stendur greiðir foreldri að lágmarki 4% af fæðingarorlofsgreiðslu í lífeyrissjóð og Fæðingarorlofssjóður að lágmarki 6%. Foreldri er að auki heimilt að greiða í séreignarsjóð og greiðir þá Fæðingarorlofssjóður lögbundið framlag á móti.

Fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu jafnframt gilda um leyfi sem veitt er þungaðri konu skv. 11. gr.

#### **15. gr. UMSÓKN TIL TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS**

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal sækja um greiðslu í fæðingarorlofi til Tryggingastofnunar ríkisins sex vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Vilji kona hefja fæðingarorlof fyrir áætlaðan fæðingardag, sbr. 2. mgr. 8. gr., ber henni að tilkynna það Tryggingastofnun þremur vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag fæðingarorlofs,

Umsóknin skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Skal jafnframt tilgreina fyrirhugaða skiptingu sameiginlegs fæðingarorlofs milli foreldra barns. Umsóknin skal undirrituð af tilvonandi móður og föður, enda fari þau bæði með forsjá barnsins. Skal forsjárlaust foreldri undirrita umsókn uppfylli það skilyrði 6. mgr. 8. gr. Gildir hið sama þótt annað foreldri sé utan vinnumarkaðar eða í námi, sbr. 2. mgr. 1. gr. Vinnuveitendur beggja foreldra, ef það á við, skulu árita umsóknina til staðfestingar á tilhögun fæðingarorlofs.

Útreikningar á greiðslum til foreldris í fæðingarorlofi skulu byggjast á upplýsingum sem Tryggingastofnun ríkisins aflar um tekjur starfsmanns eða sjálfstætt starfandi foreldris úr staðgreiðsluskrá og tryggingagjaldsskrá skattýfirvalda. Telji foreldri upplýsingar úr viðkomandi skrá ekki réttar skal það leggja fram gögn því til staðfestingar.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

### **V. KAFLI. UNDANPÁGUTILVIK.**

#### **16. gr. FJÖLBURAFÆÐINGAR**

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

Um greiðslur fer skv. 13. gr.

#### **17. gr. VEIKINDI BARNIS EÐA MÓÐUR**

Purfi barn að dveljast á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um þann dagafjölda sem barn dvelst á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjóra mánuði.

Einnig er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Heimilt er að framlengja fæðingarorlof móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu.

Sé þungaðri konu nauðsynlegt af heilsufarsástæðum að leggja niður launuð störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns skal hún eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi þann tíma en þó aldrei lengur en tvo mánuði. Beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns fellur heimild til lengingar samkvæmt þessu ákvæði niður frá þeim tíma. Ráðherra skal setja í reglugerð nánari skilyrði um framkvæmd þessa ákvæðis.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi skv. 1.–4. mgr. með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði. Ákvörðun tryggingayfirlækis er heimilt að kæra til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála, sbr. 5. gr.

Umsókn um lengingu fæðingarorlofs skv. 4. mgr. skal fylgja staðfesting vinnuveitanda. Í þeirri staðfestingu skal koma fram hvenær launagreiðslur féllu niður.

Um greiðslur fer skv. 13. gr.

## VI. KAFLI.

### FORELDRAR UTAN VINNUMARKAÐAR OG Í NÁMI

#### 18. gr. FÆÐINGARSTYRKUR TIL FORELDRIÐS UTAN VINNUMARKAÐAR

Foreldrar utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjú mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjú mánuði til viðbótar sem annað foreldri getur fengið í heild eða foreldrar skipt honum með sér. Réttur til fæðingarstyrks fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

Fæðingarstyrkur skal vera 33.157 kr. á mánuði. Að jafnaði skal foreldri eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingardag.

Vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annarra landa getur greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáiast ættleitt.

Réttur foreldris til fæðingarstyrks er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar greiðsla fæðingarstyrks hefst.

Greiðslur fæðingarstyrks til foreldris skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Ef annað foreldrið notar hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttest greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

#### 19. gr. FÆÐINGARSTYRKUR TIL FORELDRA Í FULLU NÁMI

Foreldrar í fullu námi eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjú mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjú mánuði til viðbótar sem annað foreldri getur fengið í heild eða foreldrar skipt honum með sér. Réttur til fæðingarstyrks fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

Fæðingarstyrkur til foreldris í fullu námi skal vera 74.867 kr. á mánuði. Að jafnaði skal foreldri eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðingardag.

Vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldrar þurfa að sækja barnið til annarra landa getur greiðsla fæðingarstyrks til foreldra miðast við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáiast ættleitt.

Réttur foreldris til fæðingarstyrks er bundinn því að það fari sjálft með forsjá barnsins eða hafi sameiginlega forsjá ásamt hinu foreldri þess þegar greiðsla fæðingarstyrks hefst.

Greiðslur fæðingarstyrks til foreldris skulu inntar af hendi eftir á, fyrir undanfarandi mánuð, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Ef annað foreldrið tekur hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttest greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

#### 20. gr. RÉTTUR TIL GREIÐSLU FÆÐINGARSTYRS VEGNA ANDVANAFÆÐINGAR OG FÓSTURLÁTS

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í allt að þrjú mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eiga foreldrar sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í allt að tvo mánuði.

Ef annað foreldrið tekur fæðingarorlof skv. 12. gr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. styttest greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.



## 21. gr. FJÖLBURAFÆÐINGAR

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt til fæðingarstyrks í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt.

Ef annað foreldrið tekur fæðingarorlof skv. 16. gr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. stýttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

## 22. gr. VEIKINDI BARNIS EÐA MÓÐUR

Purfi barn að dveljast á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarstyrks um þann dagafjölda sem barn dvelst á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjóra mánuði.

Einnig er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarstyrks um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Heimilt er að framlengja rétt til fæðingarstyrks til móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu.

Rökstyðja skal þörf fyrir framlengingu á rétti til fæðingarstyrks skv. 1.–3. mgr. með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging á rétti til fæðingarstyrks sé nauðsynleg. Ákvörðun tryggingayfirlæknis er heimilt að kæra til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála, sbr. 5. gr.

Ef annað foreldrið tekur fæðingarorlof skv. 17. gr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. 13. gr. stýttist greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

## 23. gr. UMSÓKN TIL TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS

Foreldri, sbr. 2. mgr. 1. gr., skal sækja um fæðingarstyrk til Tryggingastofnunar ríkisins þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns, sbr. þó 15. gr.

Umsóknin skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag greiðslu fæðingarstyrks til foreldris og lengd greiðslutímabils. Skal jafnframt tilgreina fyrirhugaða skiptingu sameiginlegs fæðingarorlofs milli foreldra barns. Umsóknin skal undirrituð af tilvonandi móður og föður, enda fari þau bæði með forsjá barnsins. Gildir hið sama þótt annað foreldrið sé á vinnumarkaði, sbr. 1. mgr. 1. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða á reglugerð nánar á um tilhögun á afgreiðslu Tryggingastofnunar.

## VII. KAFLI.

### FORELDRAORLOF

## 24. gr. RÉTTUR FORELDRA TIL TÖKU FORELDRAORLOFS

Foreldri, sbr. 1. mgr. 1. gr., skal eiga rétt á foreldraorlofi í 13 vikur til að annast barn sitt.

Réttur til foreldraorlofs stofnast við fæðingu barns. Við ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur er miðað við þann tíma þegar barnið kemur inn á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef foreldri þarf að sækja barnið til annarra landa getur foreldraorlof hafist við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fái stætt.

Réttur til foreldraorlofs fellur niður er barnið nær átta ára aldri.

Hvort foreldri um sig á sjálfstæðan rétt til foreldraorlofs sem er ekki framseljanlegur.

Foreldraorlofi fylgir ekki réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofssjóði.

## 25. gr. SKIPULAG FORELDRAORLOFS

Foreldri skal eiga rétt á að taka foreldraorlof í einu lagi.

Með samkomulagi við vinnuveitanda er starfsmanni þó heimilt að haga foreldraorlofi með öðrum hætti, t.d. þannig að orlofið skiptist niður á fleiri tímabili og/eða það verði tekið samhlíða minnkuðu starfshlutfalli.

Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun foreldraorlofs.

Starfsmanni er óheimilt nema með sérstöku samþykki vinnuveitanda að taka lengra foreldraorlof en 13 vikur á hverju 12 mánaða tímabili.

#### **26. gr. TILKYNNING UM FORELDRAORLOF**

Starfsmaður öðlast rétt til foreldraorlofs eftir að hafa starfað samfellt í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda.

Starfsmaður sem hyggst nýta sér rétt til foreldraorlofs skal tilkynna það vinnuveitanda eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi sex vikum fyrir fyrirhugaðan upphafsdag orlofs. Tilkynning um töku foreldraorlofs skal vera skrifleg og skal þar tilgreina fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Skal vinnuveitandi árita tilkynninguna um móttökudagsetningu og afhenda starfsmanninum afrit hennar.

Vinnuveitandi skal skrá töku foreldraorlofs þannig að starfsmaður geti fengið vottorð um fjölda tekinnna foreldraorlofsdaga óski hann þess.

#### **27. gr. FRESTUN EÐA AÐRAR BREYTINGAR Á TILHÖGUN FORELDRAORLOFS**

Geti vinnuveitandi ekki fallist á óskir starfsmanns um tilhögun foreldraorlofs skal hann að höfðu samráði við starfsmann tilkynna um aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar, sbr. 2. mgr. 26. gr. Skal það gert skriflega, ástæður tilgreindar og ef um frestun er að ræða skal tekið fram hve lengi frestunin varir.

Frestun er eingöngu heimil þegar fyrir hendi eru sérstakar aðstæður í rekstri fyrirtækis/stofnunar sem gera slíkt nauðsynlegt. Svo er t.d. ef um er að ræða árstíðabundin störf, ef ekki tekst að finna hæfan staðgengil, ef umtalsverður hluti starfsmanna sækir um foreldraorlof á sama tíma eða viðkomandi starfsmaður gegnir lykilhlutverki í æðstu stjórn fyrirtækis eða stofnunar.

Vinnuveitanda er aldrei heimilt að fresta foreldraorlofi lengur en í sex mánuði frá þeim tíma sem foreldraorlof átti að hefjast samkvæmt óskum starfsmanns nema með samþykki hans.

Óheimilt er að fresta foreldraorlofi sem er í beinu framhaldi af fæðingarorlofi eða ef barn veikist svo að nærvera foreldris er nauðsynleg. Einnig er frestun óheimil hafi vinnuveitandi fallist á orlofstökuna eða liðinn er frestur skv. 1. mgr. án svars frá vinnuveitanda.

Verði ákvörðun vinnuveitanda um frestun foreldraorlofs til þess að starfsmaður nær ekki að ljúka foreldraorlofi áður en barn hans nær átta ára aldri framlengist sá tími sem heimilt er að taka foreldraorlof á til þess dags er barn nær níu ára aldri.

#### **28. gr. VERND UPPSAFNAÐRA RÉTTINDA**

Þau réttindi sem starfsmaður hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér á upphafsdegi foreldraorlofs skulu haldast óbreytt til loka orlofsins. Við lok orlofsins skulu þessi réttindi gilda, sem og breytingar sem kunna að hafa orðið á grundvelli laga eða kjarasamninga.

### **VIII. KAFLI.**

#### **SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI**

#### **29. gr. RÉTTUR TIL STARFS**

Ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda helst óbreytt í fæðingar- og foreldraorlofi. Starfsmaður skal eiga rétt á að hverfa aftur að starfi sínu að loknu fæðingar- eða foreldraorlofi. Sé þess ekki kostur skal hann eiga rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning.

#### **30. gr. VERND GEGN UPPSÖGNUM**

Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum vegna þess að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs skv. 9. eða 26. gr. eða er í fæðingar- eða foreldraorlofi nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsagnir þungaðrar konu og konu sem nýlega hefur alið barn.

#### **31. gr. SKAÐABÓTASKYLDA**

Brjótí vinnuveitandi gegn ákvæðum laga þessara varðar það skaðabótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

### **32. gr. BROTTFALL RÉTTINDA FORELDRA**

Réttur foreldra, sbr. 1. mgr. 1. gr., til fæðingar- og foreldraorlofs fellur niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs. Sama gildir um rétt foreldra, sbr. 2. mgr. 1. gr., til greiðslu fæðingarstyrks.

Í tilvikum skv. 1. mgr. skulu kynforeldrar, sbr. 1. mgr. 1. gr., eiga sameiginlegan rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofi eftir fæðingu barns. Þá eiga foreldrar, sbr. 2. mgr. 1. gr., sameiginlega rétt á greiðslu fæðingarstyrks í tvo mánuði eftir fæðingu barns.

Ef annað foreldrið tekur hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs skv. 2. mgr. og nýtur greiðslna úr Fæðingarorlofsjóði skv. 13. gr. styttest greiðslutímabil fæðingarstyrks sem því nemur.

### **33. gr. ÓSAMRÝMANLEG RÉTTINDI**

Foreldri í fæðingar- og foreldraorlofi á ekki rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar.

Foreldri sem nýtur greiðslna í fæðingarorlofi á ekki rétt til umönnunargreiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð vegna sama barns eða sömu fæðingar. Sama gildir um greiðslur sjúkradagpeninga og lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Greiðslur frá öðrum ríkjum vegna sömu fæðingar og fyrir sama tímabil koma til frádráttar við greiðslu úr Fæðingarorlofsjóði skv. 13. gr. og greiðslu fæðingarstyrks skv. 18. og 19. gr.

### **34. gr. MILLIRÍKJASAMNINGAR**

Við framkvæmd laga þessara skal tekið tillit til milliríkjasamninga á sviði almannatrygginga og félagsmála sem Ísland er aðili að.

### **35. gr. REGLUGERÐARHEIMILD**

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð1) um nánari framkvæmd laga þessara.

1)Rg. 591/2000, rg. 592/2000, rg. 831/2000, rg. 909/2000, sbr. 969/2001, 915/2002 og 186/2003; rg. 862/2001, rg. 526/2002.

## **IX. KAFLI.**

### **GILDISTAKA**

#### **36. gr. GILDISTAKA**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði um fæðingarorlof koma til framkvæmda 1. janúar 2001 ... Ákvæði um fæðingarorlof taka til barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2001 eða síðar.

Þrátt fyrir orðalag 8. gr. skal sjálfstæður réttur föður til fæðingarorlofs vera einn mánuður frá og með 1. janúar 2001, tveir mánuðir frá og með 1. janúar 2002 og þrjár mánuðir frá og með 1. janúar 2003.

Ákvæði um foreldraorlof veita foreldrum barna sem fædd eru, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 1998 eða síðar rétt til töku foreldraorlofs.

## **X. KAFLI.**

### **BREYTINGAR Á ÖÐRUM LÖGUM**

37. gr. ...

38. gr. ...

# MINNINGAR- OG STYRKTARSJÓÐUR SJÚKRALIÐAFÉLAGS ÍSLANDS

- 1. gr. HEITI**  
Sjóðurinn heitir „Minningar og styrktarsjóður Sjúkraliðafélags Íslands”
- 2. gr. STOFNUN**  
Sjóðurinn er stofnaður í október 1996, með sérstöku framlagi Sigurbirnu Hafliðadóttur, sjúkraliða.
- 3. gr. STJÓRN**  
Sjóðsstjórn skal skipuð þremur mönnum sem kjörnir eru á fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands, þar af skal einn stjórnarmanna tilnefndur úr framkvæmdastjórn félagsins. Stjórnin skal kjörin til tveggja ára. Stjórn sjóðsins skiptir sjálf með sér verkum.
- 4. gr. ÚTHLUTUN STYRKJA**  
Stjórn sjóðsins, gætir hagsmuna hans á sem bestan hátt og annast úthlutun styrkja úr honum. Styrkveitingar úr sjóðnum skulu ákveðnar af sjóðsstjórn. Umsóknir um styrki skulu sendar formanni sjóðsins, á þar til gerðum eyðublöðum.
- 5. gr. REIKNINGAR**  
Sjóðurinn er eign félagsins, með sérstakt reikningshald og er undanþeginn öllum fjárskuldbindingum félagsins.  
Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum félagsins og lagðir fram til samþykktar á fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands, ásamt ársskýrslu sjóðsstjórnar.  
Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.
- 6. gr. TEKJUR**  
Tekjur sjóðsins skulu að meginstofni vera af sölu minningarkorta, minningargjöfum og öðrum framlögum. Sjóðsstjórn lætur hanna og prenta minningarkort sem seld verða félagsmönnum og öðrum sem styrkja vilja sjóðinn með framlegð sinni.
- 7. gr. TILGANGUR OG MARKMIÐ**  
Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn sem eiga í fjárhagslegum örðugleikum vegna veikinda, sjúkraliða sjálfra, maka þeirra eða barna. Ennfremur að veita styrki vegna dauðsfalls innan fjölskyldu eða vegna fjárhagslegs tjóns af öðrum óviðráðanlegum orsökum.
- 8. gr. TAKMÖRKUN Á STYRKVEITINGUM**  
Til styrkveitingar er sjóðnum heimilt að veita allt að helmingi árlegra tekna sjóðsins.
- 9. gr. BREYTING Á REGLUM**  
Ef óskað er breytinga á reglum sjóðsins ber sjóðsstjórn að gera um það tillögur, sem lagðar skulu fyrir fulltrúaþingi félagsins til samþykktar.
- 10. gr. SAMPYKKT**  
Reglurnar eins og þær voru samþykktar á fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands 26. maí 1997

# ORLOFSHEIMILASJÓÐUR SJÚKRALIÐAFÉLAGS ÍSLANDS

## 1.gr. HEITI SJÓÐSINS OG MARKMIÐ

Sjóðurinn heitir Orlofsheimilasjóður Sjúkraliðafélags Ísland. Markmið sjóðsins er að leigja/byggja og reka orlofshús fyrir félagsmenn.

## 2. gr. HLOTVERK ORLOFSHEIMILASJÓÐS

Orlofsheimilasjóður er eign Sjúkraliðafélags Íslands og fer orlofsheimila- og ferðanefnd með fjárreiður hans. Orlofsheimilanefnd skal leggja fram stefnumótun á nýtingu orlofsheimilasjóðs fyrir Fulltrúaðing SLFÍ. Orlofsheimilanefnd gerir framkvæmdastjórn grein fyrir ákvarðanatöku sinni enda sé hún í samræmi við stefnumótun sem samþykkt hefur verið af Fulltrúaðingi SLFÍ.

## 3. gr. SKIPTING STARFA

Á fyrsta fundi nýkjörinnar nefndar skiptir hún með sér verkum, formann, gjaldkera og ritara.

## 4. gr. KJÖR STJÓRNAR

Orlofsheimilanefnd er kosin á fulltrúaðingi Sjúkraliðafélags Íslands til tveggja ára, skal hún vera tengiliður aðila sem tengjast sjóðnum, svo sem við stjórn félagsins, félagsmenn og aðra aðila sem hafa hagsmuna að gæta.

## 5. gr. TEKJUR

Tekjur sjóðsins eru samningsbundnar greiðslur ríkisins, Reykjavíkurborgar og annarra atvinnurekenda sem hafa félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands í sinni þjónustu, svo og þau framlög úr aðalsjóði sem fulltrúaðing ákveður. Ennfremur leigutekjur af húsum sem félagið hefur til ráðstöfunar.

## 6. gr. REIKNINGAR

Orlofsheimilasjóður hefur sérstakt reikningshald og er undanþegin fjárskuldbindingum félagsins. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður og lagður fram til samþykktar á fulltrúaðingi félagsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skrifstofa félagsins annast vörslu og reikningshald Orlofsheimilasjóðs. Félagskjörnir skoðunarmenn skulu yfirfara reikninga sjóðsins.

## 7. gr. REGLUR UM ÚTHLUTUN ORLOFSHÚSA

Úthlutun orlofshúsa og leigugjald fer eftir reglum sem Orlofsheimilanefnd ákveður. Leigjendur húsa bera ábyrgð á þeim og öllum búnaði þeirra, eins og kveðið er á um í leigusamningi.

## 8. gr. BREYTING Á REGLUM

Reglum Orlofsheimilasjóðs má aðeins breyta á fulltrúaðingi félagsins, og skulu gilda sömu reglur um breytingu þeirra og á lögum félagsins.

*Úr lögum Sjúkraliðafélags Íslands*

*Hlutverk og skipan Orlofsheimila- og ferðanefndar:*

*„34.gr. Fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands kys þrjá félagsmenn og einn til vara til að starfa í orlofs- og ferðanefnd. Kjörtími nefndarinnar er tvö ár. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að orlofsmálum félagsmanna með uppbyggingu orlofsheimila og skipulagningu sumarleyfisferða, sjálfstætt eða í samstarfi við BSRB og/eda önnur samtök launþega.“*

# STARFSPRÓUNARSJÓÐUR SJÚKRALIÐAFÉLAGS ÍSLANDS

## 1. gr. HEITI

Sjóðurinn heitir Starfspróunarsjóður Sjúkraliðafélags Íslands og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í reglum þessum.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr. MARKMIÐ OG TILGANGUR

Markmið sjóðsins er að bæta möguleika sjúkraliða sem eru félagsmenn SLFÍ til að auka menntun sína án þess að þeir beri verulegan kostnað af, né verði fyrir tekjutapi af námi, sem beinlínis er við það miðaða að þeir geti tileinkað sér framfarir og tæknibreytingar á sínu sérsviði. Sjóðurinn stuðli að því með störfum sínum að sjúkraliðar án verulegs kostnaðar eigi kost á að sækja námskeið sem gefi þeim möguleika á að taka að sér vandasamari störf. Ennfremur skal það vera hlutverk sjóðsins að hlúa að rekstri Fræðsluseturs félagsins. Hlutverk þess er að vera hugmyndabanki/framkvæmdaaðili og meta þörf fyrir fræðslu hjá stofnunum eða stofnanahópum og hafa frumkvæði að því að búa til námskeið sem svara þeirri þörf.

## 3. gr. SJÓÐURINN STYRKIR

Sjóðstjórn er heimilt að veita styrki til neðangreindra aðila til eftirtalinnna viðfangsefna, enda samrýmist þau markmiðum sjóðsins samkvæmt 2. grein reglnanna.

1. Til sjúkraliða til að:
  - a) sækja námskeið eða nám innanlands eða erlendis
  - b) kannanna eða ákveðinna verkefna sem teljast til endur-, viðbótar- eða símenntunar sjúkraliða
2. Sjúkraliðafélags Íslands til:  
námskeiðhalds á vegum félagsins eða sem það stendur að í samvinnu við skóla eða aðrar menntastofnanir.
3. Til stofnana sem eru aðilar að sjóðnum þ.e:  
rikisstofnanna, Reykjavíkurborgar, einstakra sveitarfélaga eða stofnanna á þeirra vegum og/eða annarra stofnanna sem greiða til sjóðsins af tekjum félagsmanna.
4. Sérstök verkefni sjóðsstjórnar:  
verkefni og/eða nám sem sjóðstjórn skipuleggur.
5. Fræðslusetur SLFÍ:  
sjóðurinn greiðir framlag til rekstur “Fræðsluseturs SLFÍ” samkvæmt reglum og/eða ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma.  
Auk þess styrkir sjóðurinn verkefni sem aðilar semja um í kjarasamningi. Umsóknir skulu sendar stjórn sjóðsins þar sem fram kemur lýsing á því fræðsluverkefni sem sótt er um styrk til, skipulagi þess, efnisinntaki, áætlaðri framkvæmd, kostnaði, öðrum styrkjum og framlagi umsækjanda. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram a.m.k. ársfjórðungslega. Stjórnin skal koma sér upp samræmdu matskerfi á umsóknum m.a. með tilliti til þeirra þarfa sem umsækjendur telja sig þurfa að uppfylla og setur sér nánari starfsreglur.

## 4. gr. TEKJUR - ÁRSREIKNINGUR

Tekjur sjóðsins eru sem svarar 0,35% af heildarlaunum félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands. Framlag vinnuveitenda skal greitt fyrir 10. hvers mánaðar inn á reikning sjóðsins í þeirri fjármálastofnun sem stjórn sjóðsins ákveður. Sjóðurinn skal ávaxtaður á þann hátt sem sjóðstjórn telur hagkvæmasta á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðra aðila um að sjá um daglega umsýslu hans þar á meðal bókhald. Allar greiðslur úr sjóðnum skulu áritaðar af formanni og varaformanni. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðanda félagsins.

## 5. gr. TEKJUR FRÆÐSLUSETURS

Framlag atvinnurekenda til Fræðsluseturs félagsins er umsamið hlutfalla 0,15% af heildarlaunum félagsmanna og skal greitt til sjóðsins árin 2002, - 2003, - 2004.

## 6. gr. STJÓRN

Framkvæmdastjórn félagsins skipuð fjórum mönnum, kjörin á fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands fer með stjórn sjóðsins til tveggja ára. Stjórnin kys sér formann og varaformann. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnin stýrir starfi sjóðsins, metur umsóknir, veitir styrki og hefur eftirlit með framkvæmd þess sem styrkt er. Stjórnin skal árlega gera skýrslu um störf sín.

## 7. gr. REGLUR

Reglur Starfsþróunarsjóðs skulu lagðar fyrir fulltrúaþingi Sjúkraliðafélags Íslands til samþykktar. Reglum sjóðsins má aðeins breyta á fulltrúaþingi félagsins. Úrslitum um reglubreytingar ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða enda sitji fundinn a.m.k. 2/3 hluti kjörinna fulltrúa.

Reglur Starfsþróunarsjóðs Sjúkraliðafélags Íslands eins og þær er, voru lagðar fyrir og samþykktar á fulltrúaþingi félagsins 14. maí 2003.

### **Fræðslusetur SLFÍ**

#### **Framvegis - miðstöð símenntunar**

*Framvegis er sjálfseignarstofnum með sérstakri stjórn. Stofnun ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum Hún er að öllu leit sjálfstæð. Stofnandi er Sjúkraliðafélag Íslands og Fjölbrotarskólinn við Ármúla.*

*Markmið Framvegis er að stuðla að aukinni og bættri sí- og endurmenntun. Stofnunin mun sífellt kappkosta að bjóða fram tímabært og gefandi nám fyrir einstakar starfsstéttir og almenning.*

*Sjúkraliðafélag Íslands er aðili að Framvegis samkvæmt ákvæðum 5. tl. 3. gr. Starfsþróunarsjóðs félagsins. Markmið hans er að bæta möguleika sjúkraliða sem eru félagsmenn SLFÍ til að auka menntun sína án þess að þeir beri verulegan kostnað af, né verði fyrir tekjutapi af námi, sem beinlínis er við það miðað að þeir geti tileinkað sér framfarir og tækniþreytingar á sínu sérsviði.*

### **Styrktarsjóður BSRB**

*Flest félög innan BSRB ákváðu að stofna sameigilegan sjóð með það að markmiði að veita sjóðsfélögum fjárhagsaðstoð í veikinda- eða slysatilvikum og styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsuefingar og forvarna eftir því sem nánar er mælt fyrir í úthlutunarreglum sem byggjast á reglugerð um sjóðinn.*

#### **Samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna.**

*Þann 24. október 2000 gerðu BSRB, BHM og KÍ annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitafélaga hins vegar samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í ofangreindum samtökum. Samkomulag þetta tók gildi 1. janúar 2001.*

*Samkomulagið fól í sér að stofna fjölskyldu- og styrktarsjóð.*

*Í þann sjóð greiðir launagreiðandi 0,53% af heildarlaunum þeirra starfsmanna er falla undir samkomulagið. Aðrir geta gerst aðilar að samkomulaginu ef þeirra launþegar eru félagar í ofangreindum samtökum. Þessu framlagi er skipt annars vegar í það sem kalla mæti fjölskylduhluta og eru það 0,23% og hins vegar í styrktarhluta en það eru 0,30%. Fjölskylduhlutinn fer í sameiginlegan sjóð samtakanna til þess að standa undir réttindum sem konur hjá hinu opinbera (riki og sveitarfélögum) hafa haft umfram þau sem nýju lögin um fæðingarorlof gefa. Styrktarhlutinn rennur til hvers félags fyrir sig.*

# REGLUGERÐ

## STYRKTARSJÓÐS BSRB

### 1. gr. **NAFN SJÓÐSINS OG HEIMILI**

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður BSRB.

Styrktarsjóður BSRB er stofnaður samkvæmt samkomulagi BSRB annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launaneftndar sveitarfélaga hinsvegar frá 24. október 2000.

Styrktarsjóður BSRB er eign þeirra félaga sem aðild eiga að sjóðnum skv. 2. gr. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr. **SJÓDFÉLAGAR**

Sjódfélagar eru félagar eftirtalinna félaga:

Félag flugmálastarfsmanna ríkisins,  
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi,  
Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi,  
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum,  
Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum,  
Félag starfsmanna stjórnarráðsins,  
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna,  
Sjúkraliðafélag Íslands, Starfsmannafélag Akraness,  
Starfsmannafélag Akureyrarbæjar,  
Starfsmannafélag Borgarbyggðar,  
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu,  
Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar,  
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar,  
Starfsmannafélag Garðabæjar,  
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar,  
Starfsmannafélag Húsavíkur,  
Starfsmannafélag Kópavogs,  
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar,  
Starfsmannafélag Ólafsfjarðar,  
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar,  
Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins,  
Starfsmannafélag Seltjarnarness,  
Starfsmannafélag Siglufjarðarkaupstaðar,  
Starfsmannafélag Skagafjarðar,  
Starfsmannafélag Suðurnesja,  
Starfsmannafélag Sveitarfélagsins Árborgar,  
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar,  
Tollvarðafélag Íslands.

Sjódfélagar eru einstaklingar í opinberri þjónustu, sem ekki eiga rétt til aðildar í neinu bandalagsfélagi, starfsmenn BSRB og aðildarfélaga þess.

### 3. gr. **VERKEFNI**

Verkefni sjóðsins er að veita sjódfélögum Styrktarsjóðs fjárhagsaðstoð í veikinda- og slysatilvikum en maka eða eftirlifandi börnum ef sjódfélagi deyr.

Sjóðurinn styrkir einnig fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsuefingar og forvarnir gegn sjúkdómum.

### 4. gr. **TEKJUR**

Tekjur sjóðsins eru skv. 3. gr. samkomulagsins undirrituðu 24. október 2000 þar sem kveðið er á um iðgjaldagreiðslur launagreiðenda í fjölskyldu og styrktarsjóð.



Vaxtatekjur og annar arður.

Aðrar tekjur sem aðalfundur sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

#### **5. gr. STJÓRN OG REKSTUR**

Aðalfundur styrktarsjóðs skal haldinn í tengslum við aðalfund BSRB ár hvert. Hvert aðildarfélag sjóðsins hefur eitt atkvæði á aðalfundi.

Stjórn sjóðsins skal kosin á aðalfundi. Skal hún skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn og tveimur til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin ber ábyrgð á öllum fjárreiðum sjóðsins. Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við þau sjónarmið sem gilda skv. almennum stjórnsýslureglum.

Skrifstofa sjóðsins sér um fjárreiður og umsjón með sjóðnum.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

Aðildarfélög sjóðsins hafa umsóknareyðublöð fyrir sjóðfélaga.

Ávallt skulu liggja fyrir gögn um hvaða einstaklingar geti átt rétt til greiðslu úr sjóðnum.

#### **6. gr. REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN**

Reikningar sjóðsins áritaðir af stjórn hans og löggiltum endurskoðanda skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

#### **7. gr. ÚTTEKT ÓHÁÐRA EFTIRLITSADILA**

Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína.

Stjórn sjóðsins skal ávallt gæta þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Geti sjóðurinn ekki staðið við skuldbindingar sínar ber stjórn sjóðsins að leggja fyrir aðalfund tillögu að breytingu á reglugerð sem tryggir að sjóðurinn geti staðið við þær.

#### **8. gr. ÁVÖXTUN**

Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
- með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- í bönkum, sparisjóðum eða sambærilegum peningastofnunum,
- á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan.

#### **9. gr. RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA**

Ávallt skal þess gætt að ráðstöfun fjármuna sjóðsins brjóti ekki í bága við tilgang hans eða verkefni sbr. 3. gr.

#### **10. gr. RÉTTUR TIL STYRKVEITINGA ÚR STYRKTARSJÓÐI BSRB**

Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga sjóðfélagar sem uppfylla eftirtalin almenn skilyrði styrkveitingar hverju sinni:

- Greitt hafi verið í sjóðinn vegna sjóðfélaga a.m.k 6 mánuði fyrir styrkveitingu.
- Maki og /eða börn sjóðfélaga eiga rétt á útfararstyrk við andlát sjóðfélaga enda hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins síðustu 6 mánuði fyrir andlát.
- Maki og/eða börn líffeyrisþega sem greiddu til sjóðsins síðustu 6 mánuði fyrir líffeyrisaldur eiga sama rétt á útfararstyrk.

Heimilt er að veita þeim sem gengst undir starfsþjálfun, sækir námskeið eða stundar nám í allt að 24 mánuði og hefur síðan aftur störf á vinnumarkaði, endurnýjaðan bótarétt þegar greitt hefur verið til sjóðsins í einn mánuð, hafi umsækjandi áður verið fullgildur sjóðfélagi. Sama gildir um þá sem hverfa frá vinnu vegna barnsburðar og veikinda.

#### **11. gr. STYRKVEITINGAR**

Bótaflokkar sjóðsins eru:

- Sjúkra- og slysadagpeningar. Sjóðurinn greiðir sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur sjóðfélaga falla niður sökum veikinda eða slysa. Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda maka eða barna sjóðfélaga. Dagpeningar skulu vera ákveðið hlutfall af heildarlaunum styrkþega síðustu 12 mánuði. Skulu dagpeningar greiddir að hámarki í 180 daga, en þó aldrei lengur en veikindi eða óvinnufærni varir. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um bótafjárhæðir og tímalengd greiðslu. Skal stjórnin ætíð taka mið af fjárhagsstöðu sjóðsins á hverjum tíma.
- Styrkir vegna sjúkra- og slysakostnaðar.
- Forvarna- og endurhæfingastyrkir.

Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna til annarra bótaflokka í formi líffrygginga/dánarbóta, slysatrygginga og annarra heilsufarstrygginga.

Sá sem fullnýtt hefur rétt sinn til sjúkradagpeninga ávinnur sér rétt að nýju þegar greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í sex mánuði eftir að hann hefur störf að nýju.

Stjórn sjóðsins skal á hverjum tíma fylgjast með því að reglur um styrkveitingar séu í samræmi við fjárhagsstöðu sjóðsins og markmið og þarfir sjóðfélaga eftir því sem unnt er.

## 12. gr. LAUSN FRÁ GREIÐSLUSKYLDU

Ef farsóttir geisa getur sjóðstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir greiðslur ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

## 13. gr. TILHÖGUN GREIÐSLNA ÚR SJÓÐNUM

Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu Styrktarsjóðs BSRB.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um fyrirkomulag á greiðslu dagpeninga og aðra starfstillögum.

Stjórn sjóðsins og starfsmenn hans skulu hafa að leiðarljósi almennar stjórnsýslureglur um meðferð upplýsinga um umsóknir og afgreiðslu sjóðsins.

Allar greiðslur úr sjóðnum eru háðar umsókn sjóðfélaga eða annarra er þeirra njóta. Umsóknum skal skilað á því formi sem stjórn sjóðsins ákveður og þeim fylgi nauðsynleg vottorð sem tryggja réttmæti greiðslna.

## 14. gr. FYRNING BÓTARÉTTAR OG GREIÐSLNA

Umsókn skal hafa borist skrifstofu sjóðsins eða hafa verið pósthöfð áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að réttur til greiðslu stofnaðist, t.d. frá því að tekjutap hófst eða andlát varð annars fýrnist bótaréttur. Krafa til greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðsins fýrnist hafi henni ekki verið vitjað innan 12 mánaða frá því að tilkynning barst um greiðsluna.

## 15. gr. ENDURGREIÐSLA IÐGJALDA

Iðgjöld sjóðsins endurgreiðast ekki.

## 16. gr. UPPLÝSINGASKYLDA

Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðfélaga um rétt þeirra til aðstoðar sjóðsins með útgáfu bæklinga, dreifiritra eða í handbókum sem dreift er til allra félagsmanna.

## 17. gr. BREYTING Á FJÁRHÆÐUM OG STYRKJUM

Stjórn sjóðsins skal leggja fyrir aðalfund breytingar á almennum reglum um fjárhæðir styrkja sem sjóðurinn greiðir.

## 18. gr. BREYTINGAR Á REGLUGERÐINNI

Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi og þurfa þær að vera samþykktar með 2/3 hluta greiddra atkvæða fundarins. Slíkrar tillögu skal getið í fundarboði.

## 19. gr. GILDISTAKA

Reglugerð þessi tekur gildi hinn 01.01.2002.

## **20. gr. BIRTING**

Reglur þessar, svo og breytingar á þeim, skal birta opinberlega á vettvangi BSRB, t.d. í BSRB tíðindum og/eða á heimasíðu BSRB.

Samþykkt á stofnfundi Styrktarsjóðsins 6. desember 2001

# **ÚTHLUTUNARREGLUR STYRKTARSJÓÐS BSRB**

## **1. gr. BÆTUR TIL SJÓÐFÉLAGA**

Sjóðurinn greiðir bætur til sjóðfélaga í slysa- og veikindatilfellum eftir því sem nánar er mælt fyrir í þessum reglum. Sjóðurinn styrkir einnig fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsuefningar og forvarnir gegn sjúkdómum sbr. lið 5.

## **2. gr. DAGPENINGAR OG STYRKIR**

Rétt til dagpeninga eða styrks úr sjóðnum eiga þeir sem aðild eiga að sjóðnum og njóta veikindaréttar samkvæmt gr. 2.2.1 í samkomulagi BSRB um veikindarétt enda hafi verið greitt vegna þeirra í sjóðinn a.m.k. 6 mánuði fyrir styrkveitingu.

## **3. gr. DAGPENINGAR GREIÐAST ÚR SJÓÐNUM MED EFTIRFARANDI HÆTTI:**

- a. Dagpeningar greiðast frá þeim tíma sem samnings-/lögbundinni launagreiðslu frá atvinnurekanda lýkur.
- b. Upphæð dagpeninga skal vera 80% af meðal heildarlaunum síðustu 12 mánuði. Sé starfstími skemmri skal miðað við meðaltal launa þann tíma.
- c. Heimilt er að greiða dagpeninga hlutfallslega ef sjóðfélagi getur ekki vegna veikinda unnið fulla vinnu samkvæmt læknisráði.
- d. Heimilt er að greiða dagpeninga í allt að 60 daga vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðfélaga enda missi hann launatekjur vegna þeirra. Sjóðfélagi skal þó hafa náð eins árs sjóðsaðild til að njóta þessarar heimildar.

Með umsókn um dagpeninga skal fylgja læknisvottorð um vinnuhæfni, síðasti launaseðill (eða fleiri eftir atvikum) ásamt staðfestingu á heildarlaunum s.l. 12 mánuði. Einnig vottorð frá launagreiðanda um hvenær rétti til launa í veikindum lýkur.

## **4. gr. RÉTTUR SJÓÐFÉLAGA TIL DAGPENINGA Á HVERJUM 12 MÁNUÐUM ER:**

- a. Starfstími 6 til 12 mánuðir, 45 dagar.
- b. Starfstími lengri en 12 mánuðir, 90 dagar, þó þannig að samanlagt greiðslutímabil vinnuveitanda og sjóðsins verði aldrei lengra en 360 dagar.

Dagpeningar greiðast ekki lengur en ráðningu starfsmanns er ætlað að standa.

## **5. gr. SJÓÐURINN STYRKIR ÞJÁLFUN, FORVARNIR OG FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR Á EFTIRFARANDI HÁTT:**

- a. Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til sjúkraþjálfunar, sjúkranuðs, nálastungumeðferðar, hnykkklækninga (kiropraktor) og meðferðar hjá sálfræðingi 800 kr. fyrir hvert skipti, allt að 25 skipti á ári. Styrkur fyrir þessi tilfelli samanlagt skal þó að hámarki vera 20.000 kr. á ári. Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til meðferðar hjá Heilsustofnuninni í Hveragerði, einnig til þjálfunar hjá Hjarta- og lungnastöðinni eða sambærilegum stofnunum. Styrkur fyrir þessi tilfelli samanlagt skal þó að hámarki vera 20.000 kr. á ári.
- b. Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk fyrir skoðun hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins eða kvensjúkdómalækni einu sinni á ári. Einnig vegna skoðunar hjá Hjartavernd einu sinni á ári.

- (Ef haft er samband við Styrktarsjóðinn, sími 525 8380, fax 525 8389, netfang fos@fos.is þegar búið er að panta tíma hjá Krabbameinsfélaginu eða Hjartavemd greiðir sjóðurinn beint til viðkomandi stofnunar.)
- c. Sjóðurinn tekur þátt í ferðakostnaði sjóðfélaga sem þurfa að fara landshluta á milli til aðgerða eða rannsóknna að læknisráði vegna þeirra sjálfra, maka þeirra og barna, enda hafi verið greitt vegna þeirra í sjóðinn í 6 mánuði af síðustu 12. Sækja verður um styrk til Tryggingastofnunar. Sé beiðni hafnað greiðir sjóðurinn 10.000 kr. fyrir 250 - 400 km akstur og 15.000 kr. fyrir akstur umfram 400 km. Fyrir flugfargjöld greiðir sjóðurinn allt að 15.000 kr. Greitt verður að hámarki fyrir þrjár ferðir á hverju 12 mánaða tímabili. Sjóðstjórni er heimilt að víkja frá þessum viðmiðunum ef fyrir því liggja ríkar ástæður.
  - d. Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 12 mánuði af síðustu 24 mánuðum, fær styrk að hámarki 10.000 kr. á ári samkvæmt reikningi frá eftirtöldum aðilum. Líkamsræktarstöðvum, sundstöðum, skíðastöðum eða íþróttafélagi að því tilskildu að það sé til 3ja mán. eða lengur. Einnig heilsurekt sem telst sambærileg að dómi sjóðstjórnar.
  - e. Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til ættleiðingar barns 200.000 kr. í eitt skipti, til glasaftrýgvunar 100.000 kr. í eitt skipti og til tæknisæðingar 21.000 kr. einu sinni á ári.
  - f. Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til "laser" aðgerðar á öðru auga 25.000 kr. eða 50.000 kr. fyrir bæði augu. Einnig fær sjóðfélagi styrk til kaupa á sjónglerjum einu sinni á hverjum 48 mánuðum, 50% af kostnaði sem fer yfir 30.000 kr.

Vegna liða a. og c. skal fylgja kvittun sem ber með sér fjölda meðferða og dagsetningu þeirra.

Vegna liða b., d., e. og f. skal fylgja frumrit reiknings sem ber með sér tímasetningu, nafn og kennitölu umsækjanda. Sjóðfélagi sem hefur verið í félagsmaður í a.m.k. 1 ár hefur rétt til styrkja úr sjóðnum í 6 mánuði eftir starfslok.

## **6. gr. ÚTFARARSTYRKIR**

Greiddur er 50.000 kr. styrkur vegna útfarar, enda hafi hinn látni verið sjóðfélagi í a.m.k. 6 mánuði fyrir andlát. Einnig er greiddur útfararstyrkur vegna þeirra sem látið hafa af störfum og farið á ellilífeyri og hafa verið sjóðfélagar síðustu 6 mánuði fyrir starfslok.

## **7. gr. STYRKIR VEGNA SÉRSTAKRA AÐSTÆÐNA**

Sjóðstjórni er heimilt að víkja frá framangreindum reglum og veita styrk vegna sérstakra aðstæðna sem hafa í för með sér launamissi eða veruleg fjáráttlát sjóðfélaga vegna veikinda hans sjálfs eða nánustu fjölskyldu.

## **8. gr. UMSÓKN OG AFGREIÐSLA STYRKJA**

Umsókn um styrki skal gerð á til þess gerðum eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu Styrktarsjóðs og hjá aðildarfélagum hans og henni skilað til sjóðsins ásamt nauðsynlegum vottorðum. Styrkir úr sjóðnum greiðast mánaðarlega. Umsókn skal hafa borist skrifstofu sjóðsins eða hafa verið póstlögð áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að réttur til greiðslu stofnaðist. Með umsóknum skulu fylgja öll gögn sem sjóðstjórni telur nauðsynleg hverju sinni.

Stjórni sjóðsins áskilur sér allan rétt til að breyta reglunum með 3 mánaða fyrirvara eftir því sem þörf krefur, hvort sem er til þrengingar á reglunum eða útvíkkunar. Fé sjóðsins verður látið ráða því á hverjum tíma.

*Gildir frá 1. janúar 2004.*

# STARFSMENNTASJÓÐUR

## STARFSMANNA RÍKISINS INNAN BSRB

### REGLUGERÐ NR. 452/1981

#### 1. gr. NAFN, MARKMIÐ OG VARNARÞING

Sjóðurinn heitir Starfsmenntunarsjóður starfsmanna ríkisins innan BSRB og starfar hann með því skipulagi og markmiði sem segir í reglugerð þessari Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr. MARKMIÐ SJÓÐSINS

Að starfsmenn beri ekki kostnað af né verði fyrir tekjutapi af námi, sem beinlínis er við það miðað, að þeir geti tileinkað sér framfarir og tæknibreytingar á sínu sérsviði.

Að starfsmenn eigi, án verulegs kostnaðar, kost á námskeiðum, sem geri þeim mögulegt að taka að sér vandasamari störf en þeir gegna.

Ef störf eru lögð niður vegna tækni- eða skipulagsbreytinga, eiga starfsmenn, án tilkostnaðar, kost á endurhæfingarmenntun, sem geri þeim mögulegt að taka að sér önnur störf með óbreyttum tekjumöguleikum.

#### 3. gr. STJÓRN

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir af fjármálaráðherra og tveir af stjórn BSRB. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

Stjórn sjóðsins er heimilt, telji hún þess þörf að ráða starfsmann er inni af hendi nauðsynleg störf til þess að tryggja að sjóðurinn sinni því hlutverki sem honum er ætlað.

#### 4. gr. TEKJUR

a) Framlag úr ríkissjóði, er nema skal 0.22% af heildarlaunum sjúkraliða. (Framlag þetta er 0.30% af öllum launum hjá Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaganna.) Hlutfall þetta skal endurskoðaða árlega miðað við þarfir sjóðsins. Um skil á framlagi ríkissjóðs skal höfð hliðsjón af reglum er gilda um skil á orlofsfé.

b) Vaxtatekjur.

Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans, sbr. 2. gr.

#### 5. gr. STARFSMENNTUN - NÁMSKEIÐSHALD

Til þess að annast hlutverk sitt skal sjóðurinn beita sér fyrir námskeiðum og annarri fræðslustarfsemi er lýtur að aukinni starfsmenntun sjóðfélaga eða endurhæfingarnámi þeirra. Starfsemi þessa er honum heimilt að rækja í samvinnu við aðra aðila.

Þá er sjóðstjórn m.a. heimilt að veita neðangreindum aðilum fjárstyrki úr sjóðnum til eftirtalinnna viðfangsefna enda samrýmist þau markmiðum þeim sem að er stefnt að ná sbr. 2. gr.

1. Einstaka sjóðfélaga til

a) að sækja námskeið eða nám innanlands, eða utan

b) rannsóknna eða ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar þeirra.

2. Einstök félög innan BSRB til:

a) námskeiðshalds á vegum þeirra eða í samstarfi við aðra.

3. Til stofnana:

a) ríkisstofnana, þar sem sjóðsfélagar starfa, til námskeiðshalds.

#### 6. gr. STYRKIR

Þeir, sem sækja styrks úr sjóðnum skulu senda stjórn sjóðsins umsókn þar að lútandi, þar sem fram komi lýsing á því námi eða verkefni sem styrkurinn skal renna til, áætlaðan kostnað, hvenær fyrirhugað er að stunda námið eða verkefnið, sem styrkur er veittur útá og aðrar þær upplýsingar er sjóðstjórn kann að telja nauðsynlegar. Á grundvelli þeirra tekur sjóðstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi skuli fá. Að jafnaði skal aðeins veita styrk vegna umsóknar sem

lýtur að væntanlegum kostnaði umsækjanda. Þó getur sjóðstjórn veitt styrk vegna kostnaðar sem þegar hefur verið stofnað til innan viðkomandi reikningsárs, telji hún slíkt nauðsynlegt vegna sérstæðra aðstæðna. Úthlutun styrkja úr sjóðnum skal að jafnaði fara fram a.m.k. ársfjórðungslega.

**7. gr. SAMPYKKT GREIÐSLNA**

Greiðslur úr sjóðnum má aðeins inna af hendi þegar tveir stjórnarmenn, sinn frá hvorum aðila, hafa samþykkt þær með áritun sinni t.d. á umsóknir eða reikninga.

**8. gr. VARSLA**

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun. Bókhald sjóðsins skal vera hjá ríkisbókhaldi. Að öðru leyti er stjórn sjóðsins heimilt að semja við aðra aðila að sjá um störf þau, sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

**9. gr. SKÝRSLA STJÓRNAR**

Árlega skal stjórn sjóðsins gera skýrslu þar sem gerð skal grein fyrir fjárhag hans og starfsemi síðastliðið reikningsár. Skal skýrsla þessi send fjármálaráðherra annars vegar og stjórn BSRB hins vegar.

**10. gr. REGLUGERÐIN**

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum samkomulags BSRB og ríkisstjórnarinnar frá 20. ágúst 1980 öðlast gildi hinn 15. júlí 1981.

*Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands hefur tekið að sér f.h. stjórnar Starfsmenntunarsjóðs BSRB að endurgreiða námsstyrki til félagsmanna frá og með 1. janúar 2004. Umsækjendur þurfa frá þeim tímamörkum að sækja um endurgreiðslu á námskostnaði sínum til skrifstofu félagsins. Stefnt er að því að endurgreiða samþykktar styrkveitingar með innlögnum á bankareikning umsækjanda innan mánaðar frá því að fullnægjandi gögn voru afhent á skrifstofu félagsins.*

## **STARFSREGLUR STJÓRNAR STARFSMENNTUNARSJÓÐS BSRB OG RÍKISINS**

**1. gr. UMSÓKNIR**

Umsóknareyðublöð fást Sjúkraliðafélagi Íslands, Grensásvegi 16, fjármálaráðuneytinu og á heimasíðu fjármálaráðuneytisins. Umsóknum ásamt frumriti reiknings skal skila á skrifstofu SLFÍ.

**2. gr. FUNDIR STJÓRNAR**

Stjórn sjóðsins heldur að jafnaði fundi mánaðarlega frá september - júní og skal skila inn umsóknum fyrir 1. þess mánaðar þegar stjórn kemur saman skv. ofangreindu.

**3. gr. FRÁGANGUR UMSÓKNA**

Umsækjendur skulu vanda frágang umsókna og tilgreina nákvæmlega til hvers þeir ætla að verja styrkfé auk annarra atriða sem um er spurt á eyðublaðinu. Ella geta umsækjendur átt það á hættu að ekki sé fjallað um umsóknir þeirra, þar til bætt hefur verið úr

**4. gr. HÁMARK STYRKJA**

Sjóðsstjórn setur reglur um hámarksstyrkfjárhæð, sama upphæð er greidd til verkefna innan- og utanlands. Hún er nú 60.000.- kr.

**5. gr. GÖGN MEÐ UMSÓKNUM**

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði fara fram eftir á gegn framvísun reikninga í frumriti og annarra gagna sem sanna að styrkur nýtist til þeirra verkefna sem ætlað er til og því er nauðsynlegt að halda til haga öllum gögnum. Styrkur miðast við að greiða náms-, ráðstefnu- og/eða ferðakostnað umsækjanda.

**6. gr. AÐILDARFÉLÖG SJÓÐSINS**

Félagar í eftirtöldum aðildarfélögum BSRB geta fengið styrki úr sjóðnum:

- Félagi Flugmálastarfsmanna ríkisins
- Starfsmannafélagi stjórnarráðsins
- Starfsmannfélagi ríkisútvarpsins
- Starfsmannafélagi sjónvarpsins
- Sjúkraliðafélagi Íslands
- Tollvarðarfélagi Íslands

**7. gr. FORGANGUR / NIÐURFELLING**

Styrkhæfir eru þeir sjóðfélagar sem ekki hafa hlotið hámarksfyrirgreiðslu s.l. tvö ár (ef hætta er á sjóðþurrð skulu þeir njóta forgangs sem aldrei hafa hlotið fyrirgreiðslu hjá sjóðnum). Ef styrkloforðs er ekki vitjað innan 9 mánaða frá dagsetningu á tilkynningu um styrkveitingu til umsækjenda fellur styrkloforðið niður.

**8. gr. FYRIRVARI UM TÍMAMÖRK**

Verkefni sem lokið hefur verið fyrir meira en 12 mánuðum miðað við móttöku umsóknar eru ekki styrkhæf.

**9. gr. RÉTTINDI ATVINNULAUSRA SJÓÐFÉLAGA**

Þeir sjóðfélagar sem orðið hafa atvinnulausir geta sótt um og fengið styrk úr sjóðnum skv. eftirfarandi reglum:

- Umsækjandi hefur átt aðild að sjóðnum á almanaksárinu og verið sjóðfélagi í a.m.k. 6 mánuði.
- Sótt er um styrk til endurmenntunar eða eftirmenntunar skv. því sem metið er styrkhæft fyrir aðra sjóðfélaga eða styrk til námskeiðs sem tengist beinlínis atvinnuleysi sjóðfélaga.
- Um form og afgreiðslu umsókna atvinnulausra skulu að öðru jöfnu gilda starfsreglur sjóðsins.

Stjórn

Starfsmenntunarsjóðs BSRB og ríkisins

## **VINNUDEILU- OG VERKFAHLLSSJÓÐUR SJÚKRALIÐAFÉLAGS ÍSLANDS**

**1. gr. HEITI SJÓÐSINS OG VARNAPING**

Sjóðurinn heitir Vinnudeilu- og verkfallssjóður Sjúkraliðafélags Íslands. Lögheimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

**2. gr. TILGANGUR**

Tilgangur sjóðsins er að aðstoða félagsmenn ef til vinnudeilu eða verkfalls kemur, eftir því sem ástæða þykir til, þó ekki til að standa undir venjulegum kostnaði af gerð kjarasamninga.

**3. gr. STYRKIR TIL ANNARRA FÉLAGA**

Stjórn sjóðsins er heimild að veita öðrum stéttarfélögum sem eiga í kjaradeilum fjárhagsaðstoð.

**4. gr. STJÓRN**

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn auk tveggja varamanna og skulu þeir kosnir beinni kosningu til tveggja ára á fulltrúaþingi félagsins.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal hún kjósa sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera. Fráfarandi formaður kallar stjórnina saman til fundar eigi síðar en mánuði eftir fulltrúaþing.

**5. gr. REIKNINGAR**

Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli fulltrúaþinga og gerir því grein fyrir

störfum sínum. Sjóðurinn skal vera sjálfstæður og ávaxtaður sérstaklega og hafa sjálfstætt bókhald. Kjósa skal tvo skoðunarmenn til að yfirfara reikninga hans. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fyrir fulltrúaðing félagsins, samhliða reikningum þess.

**6. gr. ÚTHLUTUNARREGLUR**

Stjórn sjóðsins skal í upphafi úthlutunar hverju sinni, setja meginreglur um greiðslur og skulu þær bókaðar í fundargerðarbók. Halda skal sérstaka gerðabók yfir styrkbeiðnir og styrkveitingar og/eða lán úr sjóðnum. Stjórninni er heimilt hvort heldur að veita félagsmönnum sem eiga í verkfalli, styrk eða lána til framfærslu, á kjörum sem hún ákveður.

**7. gr. TEKJUR**

Fulltrúaðing SLFÍ ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni. Tekjur hans skulu miðast við hlutfall af félagsgjöldum, er innheimtast til félagsins.

**8. gr. LÁNTÖKUHEIMILD**

Stjórn félagsins er heimilt ef þörf krefur, að taka að láni f.h. Vinnudeilu og verkfallssjóðs upphæð sem svara til allt að tveggja ára föstum tekjum sjóðsins.

**9. gr. ÁVÖXTUN**

Stofnfé sjóðsins skal vera sérstakt framlag og endurgreiðslur á lánnum sem veitt voru félagsmönnum sem áttu í verkfalli í lok ársins 1994. Sjóðurinn skal ávaxtaður á trygган hátt og leitast við að koma í veg fyrir aföll hans. Stjórn SLFÍ er heimilt að nota sjóðinn vegna tímabundinna fjárfestingar við kaup eða byggingu fasteigna vegna félagsstarfsemi eða orlofmála. Vextir sjóðsins skulu þá reiknast þeir sömu og venjulegir útlánsvextir í banka á hverjum tíma. Þess skal gætt að a.m.k. 2/3 hlutar sjóðsins séu ávalt lausir til ráðstöfunar.

**10. gr. RÁÐSTÖFUN EIGNA**

Verði Vinnudeilu- og verkfallssjóður félagsins lagður niður, ráðstafar fulltrúaðing Sjúkraliðafélags Íslands eignum hans.

**11. gr. BREYTINGAR Á REGLUM**

Reglum þessum má aðeins breyta á fulltrúaðingi félagsins. Um breytingar á reglum sjóðsins skulu gilda sömu reglur og um breytingar á lögum félagsins.

**12. gr. SAMÞYKKT FULLTRÚAÐING**

Reglur sjóðsins, voru samþykktar á fulltrúaðingi Sjúkraliðafélags Íslands 13. maí 1995.



# V. KAFLI

## Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins Lög nr. 70/1996

Tóku gildi 1. júlí 1996. Breytt með l. 150/1996 (tóku gildi 30. des. 1996), l. 15/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998 nema 38. gr. sem tók gildi 3. apríl 1998), l. 23/1999 (tóku gildi 1. okt. 1999), l. 155/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001), l. 93/2002 (tóku gildi 31. maí 2002), l. 96/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003) og l. 72/2003 (tóku gildi 10. apríl 2003).

### I. HLUTI. ALMENN ÁKVÆÐI

#### I. KAFLI. GILDISSVIÐ LAGANNA

- 1. gr.** Lög þessi taka til hvers manns sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar, án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyrir, enda verði starf hans talið aðalstarf.  
Ákvæði II. hluta laganna taka þó einvörðungu til embættismanna, sbr. 22. gr., og ákvæði III. hluta einvörðungu til annarra starfsmanna ríkisins.  
Ef ekki er annað tekið fram er með hugtakinu „starf“ átt við sérhvert starf í þjónustu ríkisins sem lögin ná til, en með hugtakinu „embætti“ er einungis átt við starf sem maður er skipaður til að gegna, sbr. 22. gr.
- 2. gr.** Lög þessi taka ekki til forseta Íslands, ráðherra eða alþingismanna. Lögin taka til hæstaréttardómara og héraðsdómara eftir því sem við getur átt.  
Lögin taka ekki til eftirgreindra starfsmanna:
  1. starfsmanna hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, jafnvel þótt þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins,
  2. starfsmanna stofnana sem að einhverju eða öllu leyti eru í eigu annarra en ríkisins, þar á meðal sjálfseignarstofnana, jafnvel þótt þær séu einvörðungu reknar fyrir framlög frá ríkinu.
- 3. gr.** Sérákvæði í lögum, sem öðruvísi mæla um réttindi og skyldur einstakra flokka starfsmanna, skulu haldast.
- 4. gr.** Nú verður ágreiningur um gildissvið laga þessara og sker fjármálaráðherra þá úr. Ef starfsmaður eða annar sá sem í hlut á vill ekki hlíta úrskurði ráðherra getur hann borið málið undir dómstóla.

#### II. KAFLI. VEITING STARFS

- 5. gr.** Það fer eftir ákvæðum laga hvaða stjórnvald veitir starf.  
Séu ekki fyrirmæli um það í lögum skal sá ráðherra er stofnun lýtur skipa forstöðumann stofnunar og, eftir atvikum, aðra embættismenn er starfa við stofnunina, en forstöðumaður ræður í önnur störf hjá henni.
- 6. gr.** Almenn skilyrði til þess að fá skipun eða ráðningu í starf eru þessi:
  1. Átján ára aldur. Þó má víkja frá þessu aldurslágmarki um störf samkvæmt námssamningi,

ræstingastörf, sendilsstörf eða önnur svipuð störf. Einstök ákvæði í lögum, þar sem annað aldurstakmark er sett, skulu haldata.

2. Lögræði. Þó gildir lögræðiskrafan ekki þegar undanþága er gerð skv. 1. tölul.
3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa sem hverju sinni er um að ræða.
4. Íslenskur ríkisborgararéttur. Þó má ráða ríkisborgara frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins [eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]] til starfa með sömu kjörum og íslenska ríkisborgara. Einnig má víkja frá þessu ákvæði þegar um er að ræða aðra erlenda ríkisborgara ef sérstaklega stendur á.
5. Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun sem lögum samkvæmt er krafist eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans.
6. Fjárforræði, ef starfi fylgja fjárreiður, svo sem gjaldkera- eða innheimtustörf, eða ef svo er fyrir mælt í lögum eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.  
Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.

Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sambærileg störf.

1)L. 72/2003, 16. gr.

- 7. gr.** Laust embætti skal auglýsa í Lögbirtingablaði og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmi en tvær vikur frá útgáfudegi blaðsins. Þó er heimilt að skipa mann eða setja í embætti skv. 2. mgr. 23. gr. [eða setja í forföllum skv. 1. málsl. 24. gr.] eða flytja hann til í embætti skv. 36. gr. án þess að embættið sé auglýst laust til umsóknar.

Önnur störf skulu auglýst opinberlega samkvæmt reglum<sup>2)</sup> sem settar skulu af fjármálaráðherra. Forstöðumanni stofnunar er heimilt að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni, enda sé það gert opinberlega og reglurnar hljóti staðfestingu fjármálaráðherra. Í reglum samkvæmt þessari málsgrein má mæla svo fyrir að störf þar sem ekki er krafist tiltekinna sérmenntunar eða sérhæfingar þurfi ekki að auglýsa opinberlega.

Skýlt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

1)L. 150/1996, 7. gr. 2)Rg. 464/1996, sbr. 479/2002.

### III. KAFLI. RÉTTINDI

- 8. gr.** Veita skal starfsmanni upplýsingar um skipunar- eða ráðningarkjör þegar hann er skipaður eða ráðinn til starfa. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd þessa ákvæðis. Hver sá er starf veitir getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.

1)Rg. 352/1996. Rg. 413/1996.

- 9. gr.** Starfsmenn eiga rétt á launum fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun Kjaradóms eða kjaranefndar, sbr. 39. gr., eða samkvæmt kjarasamningum, sbr. 47. gr.

Forstöðumenn stofnana geta ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum, [öðrum en embættismönnum og þeim sem kjaranefnd ákvarðar laun],<sup>1)</sup> laun til viðbótar grunnlaunum, sem samið er um skv. 1. mgr., vegna sérstakrar hæfni er nýttist í starfi eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi. Þessum ákvörðunum má breyta hvenær sem er. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkrar breytingar, enda skýri hann forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingin var tilkynnt honum. Sé breytingin starfsmanni í óhag tekur hún ekki gildi fyrr en að liðnum uppsagnarfresti hans, sbr. 46. gr.

Ákvarðanir forstöðumanna skv. 2. mgr. skulu fara eftir reglum sem fjármálaráðherra setur þar sem meðal annars skal kveðið á um það að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Fjármálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Þar á meðal getur hann að eigin frumkvæði breytt ákvörðunum um viðbótarlaun ef þær brjóta í bága við reglurnar og afnumið heimild

einstakra forstöðumanna til að ákvarða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar er ekki í samræmi við fjárlög.

1)L. 150/1996, 8. gr.

- 10. gr.** Föst laun skulu greidd eftir á fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Með hugtakinu „föst laun“ er í þessum lögum átt við föst laun fyrir dagvinnu án viðbótarlauna skv. 2. mgr. 9. gr. Nú tekur maður við starfi eftir fyrsta dag mánaðar, og fær hann þá laun í réttu hlutfalli við tölu þeirra daga sem eftir eru af þeim mánuði.
- 11. gr.** Starfsmenn skulu eiga rétt á orlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr. Forstöðumaður stofnunar ákveður í samráði við starfsmenn hvenær þeir taki orlof. Skyll er starfsmanni að taka orlof.
- 12. gr.** Starfsmenn skulu eiga rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem fyrir er mælt í lögum og, eftir atvikum, ákveðið eða um samið með sama hætti og laun, sbr. 1. mgr. 9. gr.
- 13. gr.** Starfsmenn eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma. Ber forstöðumanni stofnunar að verða við óskum starfsmanna þess efnis eftir því sem unnt er, sbr. 1. mgr. 17. gr., enda bitni slíkt ekki á þjónustu stofnunar við almenning. Ef forstöðumaður hafnar beiðni starfsmanns skv. 1. mgr. er heimilt að bera þá ákvörðun undir hlutaðeigandi ráðherra.

#### IV. KAFLI. SKYLDUR

- 14. gr.** Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekks eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein er hann vinnur við. Starfsmanni er skylt að veita þeim sem til hans leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar, þar á meðal að benda þeim á það, ef svo ber undir, hvert þeir skuli leita með erindi sín.
- 15. gr.** Skyll er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.
- 16. gr.** Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Heimilt er að setja upp tímaskráningarkerfi til að fylgjast með því hvenær starfsmenn mæta til vinnu. Starfsmanni, sem verið hefur frá starfi án gilda forfalla, er skylt að hlíta því að dregið sé af launum allt að tvöföldum þeim tíma sem hann var frá starfi.
- 17. gr.** Forstöðumaður ákveður vinnutíma þeirra starfsmanna sem starfa hjá stofnun að því marki sem lög og kjarasamningar leyfa. Skyll er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem forstöðumaður telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur fimmtungi af lögmeiltum vikulegum vinnutíma.
- 18. gr.** Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- 19. gr.** Skyll er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi. Starfsmaður getur kosið að segja upp starfi sínu vegna slíkra breytinga, enda skýri hann ráðherra eða forstöðumanni frá því innan eins mánaðar frá því að breytingarnar voru tilkynntar honum. Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör starfsmanns eða réttindi skal hann halda óbreyttum

launakjörum og réttindum þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í embætti eða jafnlangan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt ráðningarsamningi, sbr. 46. gr.

**20. gr.** Áður en starfsmaður hyggst, samhlíða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti starfið, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því ef áður nefnd starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir hlutaðeigandi ráðherra.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 1. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

**21. gr.** Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar starfinu skal forstöðumaður stofnunar veita honum skriflega áminningu. Áður skal þó gefa starfsmanni kost á að tala máli sínu ef það er unnt.

## II. HLUTI. SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM EMBÆTTISMENN.

### V. KAFLI. SKIPUN EÐA SETNING Í EMBÆTTI.

**22. gr.** Embættismenn teljast samkvæmt lögum þessum einvörðungu þeir starfsmenn ríkisins sem taldir eru upp hér á eftir:

1. Skrifstofustjóri Alþingis, ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis.
2. Forsetaritari, ráðuneyttisstjórnar og skrifstofustjórnar í Stjórnarráði, sendiherrar og sendifulltrúar í utanríkisþjónustunni.
3. [Hæstaréttardómarar, skrifstofustjóri Hæstaréttar og héraðsdómarar.]1)
4. Biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar þjóðkirkjunnar.
5. Ríkissaksóknari, vararíkissaksóknari og saksóknarar.
6. Ríkislögmaður, ríkissáttasemjari og umboðsmaður barna.
7. [Sýslumenn, ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórinn og varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, [forstjóri Útlendingastofnunar]2) og lögreglumenn.]3)
8. [Tollstjórinn í Reykjavík og tollverðir.]4)
9. [Forstjóri fangelsismálastofnunar, forstöðumenn fangelsa og fangaverðir.]3)
10. Ríkisskattstjóri, skattrannsóknastjóri ríkisins, yfirskattanefndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi og skattstjórnar.
11. ...5)
12. Yfirdýralæknir, héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma.
13. Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, áður ótaldir.]3)  
Fjármálaráðherra sker úr því hvaða starfsmenn falla undir [13. tölul. 1. mgr.]3) og skal hann fyrir 1. febrúar ár hvert birta lista í Lögbirtingablaði yfir þá starfsmenn.  
1)L. 15/1998, 36. gr. 2)L. 96/2002, 59. gr. 3)L. 150/1996, 9. gr. 4)L. 155/2000, 23. gr. 5)L. 93/2002, 33. gr.

**23. gr.** Embættismenn skulu skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum. Ef maður hefur verið skipaður í embætti skv. 1. mgr. skal honum tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartími hans í embætti sjálfkrafa um fimm ár, nema hann óski eftir að láta af störfum með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 37. gr.

- 24. gr.** Nú fellur maður frá sem skipaður hefur verið í embætti, eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, og getur þá það stjórnvald sem veitir embættið sett annan mann til að gegna því um stundarsakir, þó aldrei lengur en í eitt ár. [Jafnframt má setja mann til reynslu í embætti, áður en hann er skipaður í það, til eins árs í senn, þó aldrei lengur en tvö ár.]<sup>1)</sup> Sá sem settur er í embætti nýtur réttinda og ber skyldur skv. VI. og VII. kafla eftir því sem við á.  
1)L. 150/1996, 10. gr.
- 25. gr.** Nú er maður skipaður eða settur í embætti og ber þá að líta svo á að hann skuli gegna því þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:
1. að hann brýtur af sér í starfinu svo að honum beri að víkja úr því;
  2. að hann fullnægir ekki lengur skilyrðum 6. gr.;
  3. að hann fær lausn samkvæmt eigin beiðni, sbr. 37. gr.;
  4. að hann fær lausn vegna heilsubrestra, sbr. 30. gr.;
  5. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 33. gr.;
  6. að skipunartími hans skv. 23. gr. er runninn út, nema ákvæði 2. mgr. eigi við;
  7. að setningartími hans skv. 24. gr. er runninn út;
  8. að hann flýst í annað embætti, sbr. 36. gr.;
  9. að embættið er lagt niður, sbr. 34. gr.

## VI. KAFLI.

### LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

- 26. gr.** Stjórnvald er skipar í embætti veitir og lausn frá því um stundarsakir. Rétt er að veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, sbr. meðal annars 38. gr., hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir. Nú hefur embættismaður fjárreiður eða bókhald með höndum og má þá veita honum lausn um stundarsakir ef ætla má eða víst þykir að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er ef embættismaður er grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga. Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum. Ef embættismanni er veitt lausn um stundarsakir af ástæðum sem greindar eru í 2. mgr. er skylt að veita honum áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er veitt lausn. Annars er ekki skylt að gefa honum kost á að tjá sig um ástæður lausnar áður en hún tekur gildi. Ef embættismaður óskar skal rökstyðja ákvörðun um lausn um stundarsakir. Ef annað stjórnvald en ráðherra hefur tekið þá ákvörðun má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra.
- 27. gr.** Nú hefur embættismanni verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi og skal mál hans þá þegar rannsakað af nefnd sérfróðra manna svo að upplýst verði hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann taka aftur við embætti sínu. Stjórnvaldi eða starfsmanni er þó ætíð heimilt að vísa máli til rannsóknar að hætti opinberra mála. Í nefnd, sem rannsaka skal mál embættismanns skv. 1. mgr., skulu eiga sæti þrjú menn, sérfróðir um stjórnsýslu. Fjármálaráðherra skipar nefndina, þar af formann hennar og varamann hans til fjögurra ára í senn. Aðrir nefndarmenn taka sæti í nefndinni í hvert sinn og skal annar þeirra tilnefndur af þeim ráðherra sem í hlut á en hinn af samtökum ríkisstarfsmanna sameiginlega. Ef samtökin koma sér ekki saman skal fjármálaráðherra skipa nefndarmanninn án tilnefningar. Nefndin skal láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hafi verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir.
- 28. gr.** Meðan lausn um stundarsakir stendur nýtur embættismaður helmings af föstum launum sem embætti hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum er hann fær. Nú tekur sá aftur við embætti sínu sem lausn hefur fengið um stundarsakir og skal þá líta svo á að

hann hafi gegnt starfanum óslitið, þar á meðal skulu honum þá greidd þau laun er hann hefur verið sviptur skv. 1. mgr.

- 29. gr.** Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því embætti. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.
- Embættismanni skal víkja úr embætti að fullu ef meiri hluti nefndar skv. 27. gr. kemst að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir nema þær ávirðingar, sem honum voru gefnar að sök, hafi ekki reynst vera fyrir hendi.
- Embættismanni skal og víkja úr embætti að fullu, án fyrirvara, ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.
- 30. gr.** Ef embættismaður hefur verið frá störfum vegna sjúkdóma eða slysa samfelld í eitt ár eða sem svarar 1/18 af samfelldum starfstíma hans hjá ríkinu, ef sá tími er lengri en eitt ár, skal veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests. Þetta gildir þó ekki ef lækni vottar að líkur séu til fulls bata innan næstu þriggja mánaða, enda sé honum þá veitt lausn að liðnum þessum þremur mánuðum ef hann er enn óvinnufær.
- Ef embættismaður veikist og lækni vottar að heilsu hans sé svo farið að ekki þyki gerlegt að láta hann starfa lengur er heimilt að veita honum lausn frá störfum vegna heilsubrests þegar launagreiðslum vegna veikinda lýkur, en þeirri ákvörðun má skjóta til hlutaðeigandi ráðherra.
- Ef embættismaður er leystur frá störfum samkvæmt þessari grein skal hann halda óbreyttum launakjörum í þrjá mánuði. Sama regla gildir um greiðslu til maka látins embættismanns.
- 31. gr.** Stjórnvald er skipar mann í embætti veitir og lausn frá því, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna heilsubrests, tiltekinnar ávirðinga o.s.frv. Í lausnarbréfi skal jafnan kveðið á um frá hvaða degi embættismaður skuli lausn taka og með hvaða kjörum, svo sem um eftirlausn, sé um þau að ræða, líffeyri, hvenær embættismaðurinn skuli sleppa íbúð, jarðnæði o.s.frv., eftir því sem við á.
- Embættismanni, sem víkja skal úr embætti, skal veittur kostur á að tala máli sínu áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.
- 32. gr.** Rétt er þeim er vikið er úr embætti að bera málið undir úrlausn dómstóla.
- Nú er embættissmissir dæmdur óréttmætur og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar skal hafa til hliðsjónar ástæður embættismanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur þess stjórnvalds sem leysti hann frá embætti.
- 33. gr.** Embættismanni skal veita lausn frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri. Sé maður orðinn 65 ára, þegar hann er skipaður tímabundið í embætti skv. 23. gr., skal skipunartími hans miðaður við að hann láti af störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára að aldri.
- 34. gr.** Nú er embætti lagt niður og skal þá embættismaður jafnan halda óbreyttum launakjörum er embættinu fylgdu í sex mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í tólf mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.
- Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er sex eða tólf mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka sex eða tólf mánaða tímabilsins.

- 35. gr.** Nú er maður, sem skipaður hefur verið tímabundið í embætti skv. 23. gr., ekki skipaður að nýju í embættið, og skal hann þá halda óbreyttum launakjörum er embættinu fylgdu í þrjá mánuði frá því að hann lét af starfi ef hann hefur gegnt embættinu skemur en 15 ár, en ella í sex mánuði, enda hafi hann þá ekki hafnað öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkisins eða annars aðila.  
Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er þriggja eða sex mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka þriggja eða sex mánaða tímabilsins.  
Á meðan maður nýtur launa skv. 1. mgr. er honum skylt að starfa áfram, sé þess óskað, og veita eftirmanni sínum aðstoð svo að sem minnst röskun verði á starfsemi þeirri sem hann hafði með höndum.
- 36. gr.** Stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, getur flutt hann úr einu embætti í annað, enda heyrir bæði embættin undir það. Enn fremur getur stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, samþykkt að hann flytjist í annað embætti er lýtur öðru stjórnvaldi, enda óski það stjórnvald eftir því. Flytjist maður í annað embætti skv. 1. mgr., sem er lægra launað en fyrra embættið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í fyrra embættinu.
- 37. gr.** Nú vill embættismaður biðjast lausnar, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert hann ófæran um að gegna embættinu eða stjórnvald, sem lausn á að veita, samþykki skemmri frest.  
Skylt er að veita lausn ef hennar er löglega beiðst. Þó er óskýlt að veita lausn frá þeim tíma sem beiðst er ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum, en á meðan heldur embættismaðurinn óbreyttum launakjörum og réttindum. Ákvörðun þessi skal tilkynnt embættismanni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en þegar sex vikur eru eftir af upphaflegum uppsagnarfresti.

## VII. KAFLI.

### SÉRSTAKAR SKYLDUR

- 38. gr.** Ráðherra setur sérhverjum forstöðumanni stofnunar erindisbréf1) þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma lítið.  
Forstöðumaður ber ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 1. mgr. Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi getur ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. eða veitt honum lausn frá embætti skv. VI. kafla ef hann hefur gerst sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi með þeim hætti sem að framan er lýst.  
1)Augl. 905/2000.
- 39. gr.** Laun og önnur launakjör embættismanna skulu ákveðin af Kjaradómi og kjaranefnd samkvæmt þeim lögum sem um þá úrskurðaraðila gilda. Þó skulu laun og önnur launakjör lögreglumanna, tollvarða og fangavarða fara eftir kjarasamningum sem stéttarfélag eða samtök þeirra gera við ríkið, sbr. 47. gr.
- 40. gr.** Embættismönnum er óheimilt að efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum.

### III. HLUTI.

## SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM AÐRA STARFSMENN RÍKISINS EN EMBÆTTISMENN

#### VIII. KAFLI. RÁÐNING Í STARF

- 41. gr.** Starfsmenn ríkisins, aðrir en embættismenn, skulu ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Skal sá frestur vera þrjú mánuðir að loknum reynslutíma, nema um annað sé samið í kjarasamningi.
- Heimilt er að ráða starfsmann til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfellt lengur en í tvö ár.
- 42. gr.** Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns stofnunar og starfsmanns þar sem meðal annars komi fram ráðningarkjör.
- Fjármálaráðherra skal setja reglur 1) um form ráðningarsamninga skv. 1. mgr. 1)Rg. 351/1996.

#### IX. KAFLI. STARFSLOK

- 43. gr.** Forstöðumaður stofnunar hefur rétt til að segja starfsmanni upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi. Ráðning starfsmanns, sem ráðinn er tímabundið skv. 2. mgr. 41. gr., fellur úr gildi við lok samningstíma án uppsagnar.
- Starfsmanni skal þó jafnan segja upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.
- 44. gr.** Skylt er að veita starfsmanni áminningu skv. 21. gr. og gefa honum færi á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp störfum ef uppsögn á rætur að rekja til ástæðna sem þar eru greindar. Annars er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um ástæður uppsagnar áður en hún tekur gildi, þar á meðal ef uppsögn stafar af öðrum ástæðum, svo sem þeirri að verið sé að fækka starfsmönnum vegna hagræðingar í rekstri stofnunar.
- Ef starfsmaður óskar skal rökstyðja uppsögn skriflega. Ef hún á rætur að rekja til ástæðna sem greindar eru í 21. gr. má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra.
- 45. gr.** Starfsmanni skal víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna því starfi. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því þar til ráðið verður hvort honum skuli skjóta til æðra dóms eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.
- Starfsmanni skal og víkja úr starfi fyrirvaralaust ef hann hefur játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga.
- 46. gr.** Starfsmaður hefur rétt til að segja upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi.
- Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein innan stofnunar að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt. Á meðan heldur starfsmaðurinn óbreyttum launakjörum og réttindum, þar á meðal viðbótarlaunum skv. 2. mgr. 9. gr. Ákvörðun þessi skal tilkynnt starfsmanni svo fljótt sem verða má og eigi síðar en þegar sex vikur eru eftir af upphaflegum uppsagnarfresti. Sé uppsagnarfrestur skemmri skal ákvörðunin tilkynnt um leið og starfsmaður segir upp störfum.



## X. KAFLI. SÉRSTÖK RÉTTINDI

- 47. gr.** Stéttarfélag eða samtök þeirra gera kjarasamninga við ríkið um laun félagsmanna sinna og launakjör eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum.
- 48. gr.** Stéttarfélagi er heimilt að gera verkfall hjá ríkinu í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lögum um stéttarfélag og vinnudeilur og öðrum lögum.

## IV. HLUTI. ÖNNUR ÁKVÆÐI

### XI. KAFLI. ÝMIS SÉRÁKVÆÐI

- 49. gr.** Ákvörðunum stjórnvalda samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til æðri stjórnvalda, nema öðruvísi sé fyrir mælt í einstökum ákvæðum laganna.
- 50. gr.** Forstöðumenn geta framselt vald, sem þeim er veitt í þessum lögum, til annarra stjórnenda í stofnun, enda sé það gert skriflega og tilkynnt starfsmönnum stofnunar. Forstöðumenn ríkisfyrirtækja njóta í hvívetna sömu réttarstöðu og forstöðumenn stofnana samkvæmt lögum þessum þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram.
- 51. gr.** Forseti Alþingis er í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins og tekur ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og ráðherra og forstöðumenn stofnana samkvæmt lögum þessum. Forseti Alþingis fer með það vald gagnvart starfsmönnum þingsins sem fjármálaráðherra er fengið í 3. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 27. gr. Ráðuneytissjórar eru í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum ráðuneyta og taka ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur á sama hátt og forstöðumenn stofnana skv. 9., 11., 13., 17. og 21. gr. Skrifstofustjóri Alþingis er á sama hátt í fyrirsvari gagnvart starfsmönnum þingsins, svo og ríkisendurskoðandi og umboðsmaður Alþingis gagnvart starfsmönnum sínum.
- 52. gr.** Við samningu stjórnvaldsfyrirmæla samkvæmt lögum þessum, annarra en verklagsreglna, svo og við endurskoðun þeirra, skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Alþýðusambandi Íslands kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau sem upp kunna að koma.
- 53. gr.** Brot á 40. gr. varða fésektum, nema mælt sé fyrir um þyngrri refsingu í öðrum lögum.

### XII. KAFLI. GILDISTAKA OG LAGASKIL

- 54. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

55. gr. ...

56. gr. ...

- Ákvæði til bráðabirgða. Starfsmenn ríkisins, sem fá laun greidd fyrir fram við gildistöku laga þessara, halda þeim rétti þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. laga þessara.
- Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. laganna skulu reglugerðir nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaforföllstarfsmanna ríkisins, gilda um starfsmenn ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hafa undir lög nr.

38/1954, uns laun í veikindaförföllum og fæðingarorlofi hafa verið ákveðin eða um þau samið, sbr. 1. mgr. 9. gr.1) Sama á við um þá sem ráðnir verða í sömu eða sambærileg störf á þessu tímabili á grundvelli þessara laga. Þar til um annað hefur verið samið gilda enn fremur ákvæði 21. gr. laga nr. 38/1954 um umrædda starfsmenn, þó ekki embættismenn skv. 22. gr. laga þessara.

- Um starfslok þeirra starfsmanna ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í störf ótímabundið fyrir gildistöku laga þessara, án gagnkvæms uppsagnarfrests, gilda ákvæði 25. gr. og VI. kafla laga þessara eftir því sem við á, sbr. þó 4. mgr.
- Þegar í hlut eiga þeir starfsmenn ríkisins, sem 3. mgr. tekur til og ekki teljast embættismenn skv. 22. gr. laga þessara, gilda ákvæði í kjarasamningum um lausn frá störfum vegna heilsubrests í stað 30. gr. laganna.
- Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr.
- Ef starf hefur verið lagt niður fyrir gildistöku laga þessara halda þeir starfsmenn, sem starfinu gegndu og féllu undir lög nr. 38/1954, forgangsrétti til starfa skv. 2. og 3. mgr. 14. gr. þeirra laga í fimm ár frá því að starfið var lagt niður.

...

1)Sjá augl. 122/2002.

# VI. KAFLI

## KJARASAMNINGAR

### LÖG UM KJARASAMNINGA OPINBERRA STARFSMANNA LÖG NR. 94 31. DESEMBER 1986

Tóku gildi 31. desember 1986. Breytt með l. 128/1989 (tóku gildi 1. jan. 1990), l. 119/1990 (tóku gildi 31. des. 1990), l. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), l. 119/1992 (tóku gildi 11. jan. 1993), l. 99/1994 (tóku gildi 1. júlí 1994), l. 70/1996 (tóku gildi 1. júlí 1996), l. 150/1996 (tóku gildi 30. des. 1996) og l. 67/2000 (tóku gildi 26. maí 2000).

#### I. KAFLI. GILDISSVIÐ OG SAMNINGSÐÓLD

- 1. gr.** Lög þessi gilda um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélagum sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.  
[Ákvæði laganna taka ekki til:  
1. [Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.]1)  
2. Starfsmanna ríkisbanka eða lánastofnana ríkisins.  
3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar kaup þeirra og kjör fara eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938 og lög nr. 19/1979.  
4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.  
5. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í [6.–8. tölul.]1) 19. gr. þessara laga og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án samnings.]2)  
Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.  
1)L. 150/1996, 3. gr. 2)L. 70/1996, 56. gr.
- 2. gr.** Lög þessi taka einnig til starfsmanna sjálfseignarstofnana sem starfa í almannáþágu samkvæmt lögum, eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði af daggjöldum eða úr sveitarfélagssjóði, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.
- 3. gr.** Fjármálaráðherra fer með fyrirvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt lögum þessum. Hann skipar nefnd manna til að annast samninga af sinni hendi og tilkynnir viðsejendum sínum skipan hennar.  
[Heimilt er fjármálaráðherra að fela einstökum ríkisstofnunum að annast framkvæmd kjarasamninga fyrir sína hönd. Slíka heimild getur fjármálaráðherra afturkallað með sex mánaða fyrirvara. Skyld er ofangreindum aðilum að veita fjármálaráðuneytinu allar upplýsingar um launavinnslu, laun og samsetningu þeirra, launatengd gjöld og önnur þau atriði er máli skipta um framkvæmd laga, kjarasamninga og reglugerða er ráðuneytið setur.]1)  
Forsetar Alþingis gera kjarasamninga við starfsmenn Alþingis.  
Sveitarstjórnir fara með fyrirvar sveitarfélags síns að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Þær geta skipað nefnd til að annast samninga af sinni hendi og skulu þá tilkynna viðsejendum sínum skipan hennar.  
Sveitarstjórnir geta haft með sér samvinnu um samningsgerð og falið sameiginlegri samninganefnd samningsumboð sitt. Sama á við um samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga, svo og þeirra og forráðaaðila stofnana skv. 2. gr.  
1)L. 119/1990, 1. gr.

- 4. gr.** Stéttarfélag starfsmanna ríkis og sveitarfélaga eða samtök slíkra félaga fara með fyrirvar félagsmanna sinna um gerð kjarasamninga samkvæmt lögum þessum og aðrar ákvarðanir í sambandi við þá.
- Þau stéttarfélag, sem við gildistöku laga þessara hafa sérkjarasamninga við fjármálaráðherra samkvæmt lögum nr. 29/1976 eða lögum nr. 62/1985 eða hafa kjarasamninga við sveitarfélag samkvæmt reglugerð nr. 236/1976, eiga rétt á að gera samninga við sama aðila samkvæmt lögum þessum óski þau eftir því innan árs frá gildistöku laganna.
- 5. gr.** Önnur stéttarfélag eða félagasamtök en um ræðir í 4. gr. öðlast rétt til að vera samningsaðili samkvæmt lögum þessum sé a.m.k. eitt eftirtalinna skilyrða uppfyllt, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.:
1. Að félag taki til meiri hluta opinberra starfsmanna hjá ríki eða sveitarfélagi annarra en þeirra sem eru í stéttarfélagum sem eiga rétt til samninga skv. 2. og 3. tölul. þessarar greinar.
  2. Að félag taki til a.m.k. 2/3 hluta starfsmanna sem undir lögin heyra hjá tiltekinni stofnun og að þeir félagar séu 100 eða fleiri.
  3. Að félag taki til a.m.k. 2/3 hluta starfsmanna sem undir lögin heyra og eru í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylla skilyrði um formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda og að þeir félagsmenn séu 40 eða fleiri.
- 6. gr.** Eigi skal nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt, sbr. 3. tölul. 5. gr. Þetta ákvæði takmarkar þó ekki þann rétt til samninga sem félög hafa skv. 2. mgr. 4. gr. að óbreyttri félagsskipan.
- Félög, sem skv. 4. gr. hafa samningsrétt við hluta vinnuveitenda og uppfylla jafnframt skilyrði 3. tölul. 5. gr. um lögformleg starfsréttindi eða ígildi þeirra, öðlast rétt til samninga við aðra vinnuveitendur með sama hætti og önnur félög sem falla undir 5. gr., sbr. síðustu málsgrein þessarar greinar.
- Félög, sem rétt hafa til samningsgerðar skv. 4. og 5. gr., geta tvö eða fleiri gert sameiginlegan kjarasamning er taki til allra samningsbundinna kjaraatriða eða hluta þeirra.
- Stofnun nýs félags, sem fer með samningsumboð skv. 5. gr., skal tilkynna a.m.k. þremur mánuðum fyrir lok samningstímabils þeirra kjarasamninga sem gilda fyrir félagsmenn hins nýja félags.
- [Þeir starfsmenn, sem eru félagar í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélögum og gerast ríkisstarfsmenn þann 1. nóvember 1990 eða 1. janúar 1991 á grundvelli laga nr. 75/1990, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, skulu eiga þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð fyrir þeirra hönd við ríkið.
- Starfsmenn, sem falla undir lög þessi og komu til starfa 1. janúar 1990 eða síðar í þau störf sem lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87 31. maí 1989, taka til, skulu jafnframt eiga val um hvort þeir verða félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða í öðru því félagi ríkisstarfsmanna sem hefur samkvæmt lögum þessum samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn. Það sama gildir um starfsmenn sem falla undir þessi lög og koma til starfa eftir 1. nóvember 1990 eða 1. janúar 1991 í þau störf sem lög nr. 75/1990 taka til.
- Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélag skal hafa tilkynnt fjármálaráðuneytinu fyrir 15. janúar 1991 fyrir hvaða starfsmenn það fer með samningsumboð gagnvart ríkinu á grundvelli þessara laga.
- Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélög hafa því aðeins samningsumboð gagnvart ríkinu fyrir starfsmenn skv. 5. og 6. mgr. þessarar greinar að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt skv. 7. mgr. þessarar greinar.]1)
- 1)L. 119/1990, 2. gr.
- 7. gr.** Starfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til þátttöku í stéttarfélagi sem fer með samningsumboð samkvæmt lögum þessum eftir því sem samþykktir viðkomandi félags segja. Aðeins eitt félag fer með umboð til samninga fyrir hann.
- Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi.

- 8. gr.** Stéttarfélög eða samtök stéttarféлага, sem rétt hafa til að gera samninga samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna viðsejanda sínum eigi síðar en við upphaf samningaviðræðna hverjir skipa samninganefndir þeirra.
- Stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga geta haft samvinnu um samningsgerð og kosið sameiginlega nefnd til að fara með samningsumboð sitt. Sama á við um samvinnu stéttarféлага, starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum svo og stofnana skv. 2. gr.

## II. KAFLI.

### EFNI KJARASAMNINGA, GILDISTÍMI OG ÁBYRGÐ.

- 9. gr.** Í kjarasamningi skal kveðið á um föst laun, vinnutíma, þar með talið vinnuvökur, laun fyrir yfirvinnu, orlof, ferðakostnað, fæðisaðstöðu, fæðiskostnað, tryggingar, 1) starfsmenntun og önnur atriði sem aðilar verða sammála um.
- Um aukatekjur og önnur hlunnindi ríkisstarfsmanna, sem líkt er farið, skal kveða á í reglugerð sem fjármálaráðherra setur.
- 1) Sjá rgl. 30/1990 og rgl. 31/1990.
- 10. gr.** Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils og uppsagnarfrest í kjarasamningi.
- Uppsögn skal vera skrifleg og kynnt viðtakanda á sannanlegan hátt.
- 11. gr.** Kjarasamningur framlengist um sex mánuði í senn, með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.
- 12. gr.** Tilkynning um uppsögn kjarasamnings skal send ríkissáttasemjara samtímis og uppsögn er send gagnaðila.
- Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar og skal þó eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður.
- 13. gr.** Aðilar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum sem þeir sjálfir eða fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera félög því aðeins ábyrgð að þeim verði gefin sök á samningsrofinu.
- Ekki er heimilt að gera aðför í fundarhúsum, sjúkrastyrktarsjóðum, orlofssjóðum, orlofsheimilum eða menningarsjóðum heildarsamtaka eða einstakra félaga vegna þessarar ábyrgðar enda séu eignir þessar skýrt aðgreindar frá öðrum eignum og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa, svo sem styrkveitinga í verkföllum eða greiðslu samnings- eða verkfallskostnaðar.

## III. KAFLI.

### UM VERKFÖLL

- 14. gr.** Stéttarfélagi, sem er samningsaðili samkvæmt lögum þessum, er heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum þessum. Ákvæði laga nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, ná ekki til þeirra sem heimilt er að gera verkfall samkvæmt lögum þessum.
- [Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla.]1)
- 1) L. 67/2000, 1. gr.
- 15. gr.** Boðun verkfalls er því aðeins lögmæt að ákvörðun um hana hafi verið tekin í almennt leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu í hverju stéttarfélagi sem er samningsaðili. Til að samþykkja verkfallsboðun þarf a.m.k. helmingur þeirra félagsmanna, sem starfa hjá þeim sem verkfallið beinist gegn, að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meiri hluti þeirra samþykkt hana.

- 16. gr.** Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim sem hún beinist gegn skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast. Verkfallsboðun skal vera skrifleg og kynnt viðtakanda á sannanlegan hátt.
- 17. gr.** Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:
1. Ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans.
  2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnvöld til að framkvæma athafnir sem þeim lögum samkvæmt ber ekki að framkvæma eða framkvæma ekki athafnir sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir þar sem stjórnvöld eru aðili sem vinnuveitandi.
  3. Til styrktar ólögmætri vinnustöðvun.
- 18. gr.** Boðað verkfall tekur til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn, annarra en þeirra sem óheimilt er að leggja niður störf samkvæmt lögum þessum. Þegar verkfall er löglega hafíð er þeim sem það beinist gegn óheimilt að stuðla að því að afstýra því með aðstoð einstakra félagsmanna þess félags sem að verkfallinu stendur.
- 19. gr.** [Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinnna starfsmanna:
1. [Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.]1)
  2. Starfsmanna Alþingis og stofnana þess, svo og starfsmanna á skrifstofu forseta Íslands og í Stjórnarráði, þar með talinna starfsmanna utanríkisþjónustunnar.
  3. Starfsmanna Hæstaréttar og héraðsdómstóla.
  4. Starfsmanna við embætti ríkissaksóknara, ríkislögmans, ríkissáttasemjara og umboðsmanns barna.
  5. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
  6. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfæræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórna og starfsmanna launadeilda.
  7. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðengla þeirra.
  8. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 6. og 7. tölul.]2)
- Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrá3) um störf þau sem falla undir ákvæði [5–8. tölul.]2) fyrri málsgreinar þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skrá skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.
- 1)L. 150/1996, 4. gr. 2)L. 70/1996, 56. gr. 3)Augl. 27/1992, 39/1995, 42/1995, 43/1995, 45/1995, 46/1995, 47/1995, 49/1995, 50/1995, 51/1995, 52/1995, 53/1995, 55/1995, 60/1995, 62/1995, 64/1995, 68/1995, 70/1995, 76/1995, 61/1996, 36/2000, 40/2000, 46/2000, 48/2000, 49/2000, 63/2000, 62/2003, 63/2003.
- 20. gr.** Sé verkfall hafíð er heimilt að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi.
- 21. gr.** Nefnd tveggja manna ákveður hverjir skulu kvaddir til starfa skv. 20. gr. Annar nefndarmanna skal tilnefndur af því stéttarfélagi sem á í verkfalli en hinn af viðsemjanda þess. Ákvarðanir um kvaðningu til vinnu skulu teknar með atkvæðum beggja nefndarmanna og eru þær endanlegar.
- 22. gr.** Um laun og önnur kjör þeirra manna, sem um ræðir í 19. gr., skal samið af samninganefnd þess stéttarfélags er þeir tilheyra. Náist ekki samningur um kjör þeirra starfsmanna sem tilgreindir eru í [2.–4. og 6.–8. tölul. 19. gr.]1) og falla undir lög þessi á stéttarfélagið rétt á að þriggja manna gerðardómur taki deiluna til úrlausnar.

Takist ekki samkomulag um oddamann tilnefnir viðkomandi bæjarfógeti eða sýslumaður, í Reykjavík yfirborgardómarinn, hann en málsaðilar einn dómara hvor.

1)L. 70/1996, 56. gr.

- 23. gr.** Ákvarðanir um samninga eða annað, er varðar kjör starfsmanna og fer eftir lögum þessum, verða aðeins teknar af þeim sem starfa hjá þeim vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem samningurinn nær til.  
Enginn starfsmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ákvörðun um kjaramál nema í einu stéttarfélagi sem er samningsaðili samkvæmt lögum þessum.
- 24. gr.** Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt ef það brýtur í bága við kjarasamning stéttarfélags starfsmanns samkvæmt lögum þessum starfsmanni í óhag.
- 25. gr.** Nú er sett á fót ný stofnun og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjármálaráðherra eða hlutaðeigandi sveitarstjórnar og þeirra stéttarfélaga sem í hlut eiga.  
Sama gildir ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkis eða sveitarfélaga.

#### IV. KAFLI. UM FÉLAGSDÓM

- 26. gr.** Félagisdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um:
1. Samningsaðild einstakra stéttarfélaga og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær.
  2. Lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana.
  3. Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.
- [4. ] 1) Hverjir falli undir ákvæði [5.–8. tölu.]1) 19. gr. þessara laga.  
[5. ] 1) Önnur atriði sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn enda séu að minnsta kosti þrír af dómendum því meðmæltir.
- Félagisdómur dæmir og um ágreining um félagsaðild þeirra sem undir lög þessi falla hvort sem ágreiningurinn er milli samningsaðila, stéttarfélaga eða einstakra starfsmanna og stéttarfélaga.  
Félagisdómi er heimilt að dæma í máli um atriði sem tilgreind eru í 1. mgr. sem ágreiningur er um milli fjármálaráðherra eða sveitarfélags annars vegar og hins vegar einstakra starfsmanna eða starfsmannahópa sem ekki falla undir 5. gr. þessara laga né lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, enda sé um það samkomulag milli aðila og að minnsta kosti þrír af dómendum séu því meðmæltir.  
1)L. 150/1996, 5. gr.
- 27. gr.** Þegar Félagisdómur dæmir í málum sem greinir í 26. gr. nefna annars vegar viðkomandi heildarsamtök stéttarfélaga og hins vegar fjármálaráðherra eða Samband íslenskra sveitarfélaga dómara til setu í dómnum í stað þeirra sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Dómarar þessir skulu tilnefndir til þriggja ára í senn.  
Sé stéttarfélag utan heildarsamtaka aðili máls fyrir Félagisdómi nefnir það sjálfst dómara í það mál. Tilnefni aðili ekki dómara til setu í Félagisdómi skal forseti dómsins tilnefna dómara í hans stað.  
Stéttarfélög reka mál sín og félagsmanna sinna fyrir Félagisdómi.  
Ef stéttarfélag neitar að höfða mál fyrir félagsmenn sína er aðila heimilt að höfða málið sjálfur fyrir Félagisdómi. En leggja skal hann fram sönnun um synjun viðkomandi félags fyrir forseta dómsins áður en stefna er gefin út. Í slíku máli tilnefnir forseti dómsins dómara í stað þess sem annars er tilnefndur af stéttarfélagi, sé það utan heildarsamtaka. Sama gildir í málum skv. 3. mgr. 26. gr. Í málum skv. 2. mgr. 26. gr. skal forseti dómsins tilnefna dómara í stað beggja þeirra sem annars eru tilnefndir af aðilum.  
Hinir tilnefndu dómarar skulu ekki eiga sæti í aðal- eða varastjórnnum eða samninganefndum viðkomandi stéttarfélags né í samninganefndum ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga.

## V. KAFLI.

### UM TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM.

- 28. gr.** Á hverri vinnustöð þar sem a.m.k. fimm menn vinna er starfsmönnum heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð þar sem fimmtíu menn eða fleiri vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn. Trúnaðarmenn skal kjósa til tveggja ára í senn. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað. Heimilt er að kjósa trúnaðarmenn fyrir félagssvæði eða hluta þess vegna starfsmanna á vinnustöðvum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda. Heimilt er einstökum félögum að semja um aðra skipan á vali trúnaðarmanna en að framan greinir.
- 29. gr.** Trúnaðarmaður skal gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti. Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar. Ber trúnaðarmanni að rannsaka málið þegar í stað er umkvartanir berast eða hann hefur ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags á vinnustöð hans af hálfu vinnuveitanda. Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hafi við rök að styðjast ber honum að krefja vinnuveitanda eða umboðsmann hans um lagfæringu. Trúnaðarmaður skal gefa starfsmönnum á vinnustöðinni svo og stéttarfélagi, er í hlut á, skýrslu um kvartanir starfsmanna jafnskjótt og við verður komið. Enn fremur gefur hann sömu aðilum skýrslu um hvað vinnuveitandi hafi brotið af sér við starfsmenn og stéttarfélag þeirra svo og hvaða lagfæringar hafi fengist fram. Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma enda geri hann yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni. Á vinnustaðnum skal honum veitt aðstaða til þess m.a. að eiga einkaviðræður við samstarfsmenn sína, halda með þeim fundi í kaffitímum eða við lok vinnudags, þar sem því verður við komið, veita honum aðgang að síma o.s.frv.
- 30. gr.** Gefa skal trúnaðarmanni upplýsingar um ef staða losnar á vinnustað hans eða í ráði er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og hverjir sækja um starfann. Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hefur valist til þessa trúnaðarstarfs. Óheimilt er að flytja trúnaðarmann í lægri launaflokk meðan hann gegnir starfi trúnaðarmanns. Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

## VI. KAFLI. ...1)

1)L. 99/1994, 1. gr.

## VII. KAFLI.

### ÝMIS ÁKVÆÐI

- 34. gr.** Á vegum þeirra aðila, sem lög þessi taka til, starfi nefnd er annist kjararannsóknir og aðra upplýsingaöflun vegna kjarasamninga. Nefndin skal skipuð jafnmörgum fulltrúum stéttarfélaga og vinnuveitenda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð1) sem sett skal að fengnum tillögum heildarsamtaka opinberra starfsmanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin setur sér starfsreglur, m.a. um starfssvið og starfshætti. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. 1)Rg. 335/1987.
- 35. gr.** Brot á lögum þessum varða sektum.



# VII. KAFLI

## VINNUSTADURINN

### STARFSMANNARÁÐ SJÚKRAHÚSA, REGLUGERÐ NR. 413 DESEMBER 1975

#### 1. gr. STOFNUN STARFSMANNARÁÐA

Við hvert sjúkrahús, sem starfar samkvæmt 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu skal starfslið sjúkrahússins kjósa sér fulltrúa og skulu þessir fulltrúar starfsmanna nefnast starfsmannaráð sjúkrahússins.

#### 2. gr. HLUTVERK STARFSMANNARÁÐA

Hlutverk starfsmannaráðs er að koma fram sem fulltrúi starfsliðs sjúkrahússins gagnvart sjúkrahússtjórn, svo og kjósa fulltrúa starfsmanna í sjúkrahússtjórnir, sbr. 32. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Auk þess skal starfsmannaráð kappkosta að annast eftirfarandi:

1. Gefa gaum að endurbótum á sjúkrahúsinu, sem bæði geta haft í för með sér bætta aðstöðu sjúklinga og þeirra, er á sjúkrahúsinu starfa.
2. Miðla upplýsingum frá stjórnendum sjúkrahússins til starfsliðs, einkum varðandi rekstur sjúkrahússins og fyrirhugaðar breytingar.
3. Vera tengiliður milli starfsliðs og stjórnar og koma á framfæri tillögum um breytta starfshætti og aðferðir, vinnuskilyrði og vinnuhagræðingu.
4. Hafa frumkvæði um að öllum öryggisráðstöfunum sé fullnægt í sambandi við tiltekin hættuleg störf í sjúkrahúsinu og er þar einkum átt við hættu á rafmagni, geislun, lofttegundum og því um líku.
5. Hafa frumkvæði um nýmenntun og endurmenntun starfsliðs, svo og hafa hönd í bagga með því hvaða upplýsingar nýju starfsliði eru gefnar, er að sjúkrahúsinu kemur.

Starfsmannaráð kemur öllum tillögum sínum til stjórnenda sjúkrahússins á framfæri með tilstyrk þeirra fulltrúa, er það hefur kjörið í sjúkrahússtjórn.

Starfsmannaráð taka ekki til meðferðar málefni, sem snerta almennar lögfræðilegar skýringar eða skýringar staðbundinna kjarasamninga, svo sem um uppsögn samninga, túlkun þeirra eða samræmingu.

#### 3. gr. KJÖR STARFSMANNARÁÐS

Í fyrsta skipti, er kjör starfsmannaráðs fer fram, skal stjórn sjúkrahússins og framkvæmdastjóri þess sjá um framkvæmd kjörsins.

Kjörgengir í starfsmannaráð sjúkrahúss eru allir þeir er starfa við sjúkrahúsið í hálfu starfi eða meira, og hafa starfað þar að minnsta kosti 6 mánuði samfleytt áður en kjör fer fram.

Í starfsmannaráði má hverju sinni aðeins vera einn fulltrúi hverrar starfsstéttar sjúkrahússins og telst hver menntunarstétt í þessu sambandi ein starfsstétt (læknar, hjúkrunarkonur, sjúkraliðar, meinataeknar o. s. frv.).

Kosning í starfsmannaráð skal fara fram í nóv./des. annað hvert ár á kjörfundi, sem stendur a.m.k. 10 klukkustundir. Skal boða til hans með viku fyrirvara. Kosnið skal af lista, sem á eru nöfn allra, sem starfsmenn og stjórnendur sjúkrahússins hafa stungið upp á. Listinn sé hlutaður eftir starfsstéttum og aðeins einum frambjóðanda í hverjum hluta greitt atkvæði, uns valdir hafa verið jafnmargir og kjósa skal, ella er atkvæðaseðill ógildur. Skal stjórn sjúkrahúss sjá um, í fyrsta skipti sem kosið er, að slíkur listi sé gerður.

Í starfsmannaráði skulu sitja 7 fulltrúar. Í fyrsta skipti, sem kosið er, skulu 4 þeir, er flest atkvæði fá, kosnir til fjögurra ára en hinir 3 til tveggja ára, þannig að aldrei skipti um alla ráðsmenn samtímis.

Starfsmannráð kjósa sér sjálf formann, varaformann og ritara og skulu halda gerðabók um fundi sína.

#### 4. gr. **STÖRF STARFSMANNARÁÐA**

Starfsmannaráð halda fundi þegar þurfa þykir og eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Starfsmannaráð skulu fá aðstöðu til fundarhalds í húsnæði sjúkrahúss og þeir, sem í starfsmannaráð eru kjörnir, skulu hafa heimild til að sækja fundi þess í vinnutíma sínum.

Að minnsta kosti tvisvar á hverju ári skal starfsmannaráð halda almenna fundi með starfslíði skýra þar frá starfi ráðsins og taka fyrir önnur þau mál, er ráðið ákveður.

Starfsmannaráði skal skylt að halda almenna fundi starfsfólks, ef að minnsta kosti þriðjungur starfsmanna óskar eftir því skriflega.

Heimilt er slíkum almennum fundum starfsfólks, er starfsmannaráð stendur fyrir, að kjósa. starfsnefndir til ákveðinna verkefna og starfa þær þá undir stjórn starfsmannaráðsins og skila af sér störfum til þess.

Heimilt er stjórn sjúkrahúss að senda starfsmannaráði til umsagnar ákveðin málefni. Skal þá starfsmannaráð gefa umsögnina svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveim vikum eftir að því barst erindið.

Þegar kjörtímabil starfsmannaráðs eða hluta þess er útrunnið, skal starfsmannaráð í samvinnu við framkvæmdastjóra sjúkrahússins sjá um að kjör nýrra fulltrúa í starfsmannaráð fari fram samkvæmt þeim reglum, sem getið er hér að framan.

#### 5. gr. **STARFSMANNARÁÐ SJÚKRAHÚSANNA Í REYKJAVÍK**

Starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur skulu kjósa starfsmannaráð eins og lýst hefur verið hér að framan. Starfsmenn Ríkisspítala skulu með sama hætti kjósa starfsmannaráð samkvæmt framangreindum reglum.

Heimilt er þó að ákveða í starfsreglum um starfsmannaráð sjúkrahúss, samkvæmt 3. mgr. 6. gr., að kosin séu starfsmannaráð einstakra deilda eða eininga innan sjúkrahússins og þau kjósi síðan fulltrúa í starfsmannaráð sjúkrahússins. Jafnframt er heimilt, með ákvörðun í starfsreglum, að víkja frá ákvæðum 5. mgr. 3. gr. um fjölda fulltrúa í starfsmannaráði sjúkrahúss.

Starfsmannaráð Ríkisspítala og starfsmannaráð Sjúkrahúss Reykjavíkur skulu mynda sameiginlegt starfsmannaráð sjúkrahúsanna í Reykjavík. Hvort starfsmannaráð skal kjósa fimm fulltrúa til setu í sameiginlegu starfsmannaráði sjúkrahúsanna. Ákvæði 3. málsg. 3. gr. eiga ekki við um sameiginlega starfsmannaráðið.

Starfsmannaráð sjúkrahúsanna í Reykjavík kys sér sjálfst formann, varaformann og ritara. Hlutverk þess er að vera tengiliður við stjórnarnefnd og miðla upplýsingum frá stjórnendum sjúkrahúsanna til starfsmannaráða samkvæmt 1. mgr. Starfsmannaráð sjúkrahúsanna í Reykjavík skal kjósa þá fulltrúa, sem starfsmannaráði ríkisspítala ber að tilnefna í stjórnarnefnd ríkisspítala samkvæmt 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Kjósa skal tvo fulltrúa til fjögurra ára í senn og skal annar þeirra vera starfsmaður Ríkisspítala og hinn starfsmaður Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í fyrsta skipti sem kosið er skal fulltrúi Ríkisspítala kjörinn til tveggja ára en fulltrúi Sjúkrahúss Reykjavíkur til fjögurra ára. Varamenn skulu kosnir með sama hætti.

Starfsmannaráð sjúkrahúsanna í Reykjavík skal halda fundi eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftár ef þurfa þykir. Það getur tekið fyrir mál sem eru sameiginleg fyrir sjúkrahúsin svo og mál sem stjórnarnefnd vísar til umsagnar ráðsins.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði reglugerðarinnar um starfsmannaráð, eftir því sem við getur átt.

#### 6. gr. **ÝMIS ÁKVÆÐI**

Kjör í starfsmannaráð skal í fyrsta sinn fara fram svo fljótt, sem við verður komið, og eigi síðar en fyrir 1. mars 1974.

Þar sem með stjórn sjúkrahúsa fara kjörnir fulltrúar sveitarfélaga eða annarra eigenda, skal hin nýja skipan um stjórn samkvæmt lögum nr. 56/ 1973 taka gildi þegar kjörtímabili viðkomandi stjórnar lýkur.

Starfsmannaráð einstakra sjúkrahúsa geta sett sér ítarlegri starfsreglur en hér er getið og öðlast þær starfsreglur gildi, ef stjórn sjúkrahússins staðfestir þær.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 34. grein laga nr. 56/1973 og öðlast gildi hinn 1. janúar 1974. Breytt 3. janúar 2000, samkvæmt ákv. 4. mgr. 32. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

# STARFSMANNARÁÐ Í RÍKISSTOFNUNUM

## REGLUR NR. 71/1982

### 1. gr. STOFNUN STARFSMANNARÁÐA

Í stofnun þar sem vinna að staðaldri 15 manna eða fleiri í þjónustu ríkisins verði komið á fót starfsmannaráði.

Beiðni um stofnun starfsmannaráðs sendist samstarfsnefnd sem skipuð sé tveimur fulltrúum frá BSRB, tveimur fulltrúum BHM og tveimur fulltrúum tilnefndum af ríkinu.

Samstarfsnefndin staðfestir starfsvettvang og fjölda starfsmanna í ráðinu svo og tilnefningarreglur hvors aðila að ráðinu.

### 2. gr. KJÖR STARFSMANNARÁÐS

Starfsmannaráð er skipað 4 - 8 aðalmönnum og 2 - 4 varamönnum sem valdir eru til tveggja ára í senn. Varamenn hafa rétt til fundarsetu með málfrelsi og skýlt er að boða varamann í forföllum aðalmanns.

Helmingur fulltrúa í starfsmannaráði er tilnefndur af yfirstjórn stofnunarinnar (þ.e.viðkomandi ráðuneyti eða þeim aðila sem það tilnefndir) úr hópi forstöðumanna eða verkstjóra. Helmingur skal kosinn af starfsfólki í einu lagi, eða eftir ákveðinni deildarskiptingu þar sem svo hagar til. Fulltrúar yfirstjórnar í starfsmannaráði hafa ekki kosningarétt.

Í starfsmannaráði stærri stofnana (yfir 100 manns) skal tryggt að hver eftirtalinna fjögurra starfshópa eigi a.m.k. einn af fulltrúum starfsmanna í starfsmannaráði, enda tilheyri honum yfir 15% starfsmanna:

- a) skrifstofu- og afgreiðslustörf
- b) tækni- og rannsóknarstörf
- c) heilbrigðisþjónusta
- d) kennslu- og uppeldisstörf.

Þar sem þetta ákvæði á við verði kjörlista skipt eftir starfgreinum.

Kosning í starfsmannaráð skal fara fram í okt./nóv. annað hvert ár á kjörfundi sem stendur a.m.k. 10 klst. og boðaða skal til af fráfarandi starfsmannaráði með viku fyrirvara.

Kosið skal af lista sem á eru nöfn allra sem starfsmenn hafa stungið upp á þremur dögum fyrir kjörfund.

Starfsmannaráð kys sér sjálft formann, varaformann og ritara og heldur gerðarbók um fundi sína.

### 3. gr. ALMENNT UM TILGANG OG STÖÐU STARFSMANNARÁÐA

Starfsmannaráð er samstarfsvettvangur allra starfsmanna stofnunarinnar. Hlutverk þess er að fjalla um félagsleg, tæknileg og rekstarleg málefni í þeim tilgangi að auka velferð starfsmanna og leita á hverjum tíma leiða til úrbóta í rekstri stofnunarinnar.

Í tilteknum málum hefur starfsmannaráðið ákvörðunarvald og ber ábyrgð á þeim gagnvart ráðuneyti því sem stofnunin heyrir undir, en í öðrum er það ráðgjafa- og upplýsingaaðili.

Starfsmannaráð skal einbeita sér að þeim málefnum sem brýnust eru hverju sinni fyrir starfsemi stofnunarinnar í heild.

Starfsmannaráði ber því að forðast að láta fundi sína og starfsemi snúast um ýmis smærri mál sem auðvelt er að útkljá á öðrum vettvangi.

Rétt þeim sem stjórnendur hafa til að stjórna vinnunni ákveða verkaskiptingu og fjölda manna við einstök störf skal beita í samræmi við kjarasamninga og samkvæmt reglum þessum.

Stjórnun í stofnuninni ber að haga þannig að hún stuðli jöfnum höndum að góðri verkskipulagningu og vinnuafköstum og sem nánustu samstarfi og samhug milli starfsmanna og starfshópa í stofnuninni. Heimilt er í þessu sambandi að kveðja einstaka starfshópa (eða starfsmenn) til ráðuneytis um málefni sem snerta starfsemi stofnunarinnar, eða einstakar deildir hennar almennt, og tímabundin úrlausnarefni, þannig að starfsmenn verði sem virkastir þátttakendur í ákvörðunum og mótn eigin vinnuskilyrða í viðtækri merkingu.

#### 4. gr. STARFSSVIÐ OG STARFSPÆTTIR

Meginverkefni starfmannaráðsins eru tvíþætt:

1. Félagsleg velferðarmál, þ.e. mál sem snerta vinnuumhverfi, starfsöryggi og starfsþjálfun þeirra sem vinna í stofnuninni.
2. Rekstarleg málefni, þ.e. mál sem tengd eru rekstri stofnunarinnar og hæfni hennar til að gegna hlutverki sínu í þágu viðskipavina og almennings. Starfsmannaráðið getur ekki tekið mál til meðferðar er snerta gerð, framlengingu, uppsögn, túlkun eða samræmingu almennra eða stað bundinna kjarasamninga og venjulega ákvarðast eftir löglegum samningaleiðum hlutaðeigandi aðila.

Starfsmannaráð fer með ákvörðunarvald í þeim málum sem tilgreind eru hér á eftir í liðum a-d, en það er ráðgjafa- og upplýsingaaðili í þeim málum sem talin eru upp í liðum e-i. Í þessu sambandi skal láta starfsmannráðinu í té ársreikninga.

Með hliðsjón af þessari skilgreiningu á hlutverki og stöðu starfmannaráðsins fjallar það m.a. um eftirfarandi mál:

- a) Tillögur og hugmyndir starfsmanna og öryggistrúnaðarmanna um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað. Sér starfsmannaráðið um lagaákvæði um þessi atriði séu virt af öllum aðilum.
  - b) Starfsþjálfun og endurmenntun sem tengd er starfsemi stofnunarinnar. Starfsmannaráðið getur haft frumkvæði um námskeiðahald í þessu skyni, t.d. í samstarfi við aðrar stofnanir.
  - c) Stjórnendur skulu leita samþykkis starfsmannaráðsins við öllum aðgerðum sem kunna að fela í sér almenna röskun á atvinnuöryggi og högum starfsmanna, s.s. ef fyrirhuguð er fækkun eða fjölgun starfslíðs vegna meiri háttar breytinga á starfsemi stofnunarinnar eða einstakra deilda hennar. Ákvæði þessa liðar breyta þó ekki valdi Alþingis eða ríkisstjórnar til að endurskipuleggja stofnanir eða leggja þær niður. Starfsmannaráðið hefur ekki afskipti af ráðningum eða uppögnum einstakra starfsmanna. Hins vegar ber starfsmannaráðinu, ef mikil breyting verður á starfsmannahaldi stofnunarinnar, að kanna orsakið slíks og leita leiða til úrbóta.
  - d) Starfsmannaráðinu ber að tryggja að allir starfsmenn fái vitneskju um starfið í starfsmannaráðinu með því að koma upplýsingum á framfæri í formi fjölritaðra bréfa og með starfsmannafundum. Síðast en ekki síst skal starfsmannaráðið leita leiða til að örva frumkvæði af hálfu starfsmanna sjálfra, t.d. með því að fela starfsmönnum einstakra deilda að móta tillögur í málum milli funda eða áður en þau koma til kasta starfsmannaráðsins.
- Starfsmannaráðið skal vera stjórnendum til ráðuneytis um málefni sem miða að því að bæta rekstur og þjónustu stofnunarinnar á öllum sviðum. Eftirfarandi atriði eru mikilvæg í þessu sambandi:
- e) Áætlanir til lengri eða skemmri tíma um breytingar og eflingu starfseminnar.
  - f) Val á verkefnum, þróun starfseminnar og nýjungar.
  - g) Hagræðingaratriði og starfsþjálfun í því skyni að bæta vinnutilhögum, vinnuaðstöðu og vinnugæði svo og nýtingu vinnutímans, tækjabúnaðar og húsnæðis.
  - h) Samskipti stjórnenda og starfsmanna með það að markmiði að skapa sem besta samvinnu.
  - i) Kynna nýjum starfsmönnum stofnunina svo og réttindi þeirra og skyldur.

Samþykktir starfsmannaráðsins varðandi liði a-d, sem hafa í för með sér útgjöld eða koma í veg fyrir sparnað fyrir stofnunina, eru því aðeins bindandi fyrir stjórnendur að þær hafi verið samþykktar mótakvæðalaust.

Samþykktir starfsmannaráðsins varðandi liði e-i eru ráðgefandi fyrir stjórnendur.

Verði meiriháttar ágreiningur í starfsmannaráðinu eða töf á framkvæmdum geta ráðsmenn lagt málið fyrir viðkomandi ráðuneyti.

#### 5. gr. FUNDIR

Fundi skal halda eftir þörfum en eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári. Aukafundi skal halda ef fjórðungur ráðsmanna óskar þess, enda tilgreini þeir þau mál sem óskast tekin fyrir.

Fundur telst því aðeins lögmatgur að full tala nefndarmanna sitji fundinn og til hans hafi verið boðað með a.m.k. eins dags fyrirvara.

Formaður sér um að boðun fundu.

Í fundarboði skal geta þeirra meginmála sem fyrir fundinum liggja.

Í öllum málum gildir einfaldur meirihluti með þeirri undantekningu sem getir er í niðurlagi 4. gr. varðandi liði a-d.

Stofnunin skal greiða fyrir því að starfsmenn getur gegnt störfum í starfsmannaráðinu.

Stofnunin veitir nauðsynlega skrifstofuaðstoð í sambandi við störf starfsmannaráðsins, svo og húsnæði til fundarhalds.

Starfsmannaráðið ákveður hverju sinni hvaða menn innan eða utan stofnunarinnar það kveður til fundu í því skyni að veita upplýsingar eða aðstoð við úrlausn mála.

Fundir skulu bókfærðir og skal þar geta dagaskrár fundarins, rekja stuttlega tildrög mála og hverja afgreiðslu þau hljóta

Fundir sem haldnir eru á vinnutíma mega ekki leiða til launaskerðingar hjá nefndarmönnum.

Fyrir formlega fundi sem haldnir eru utan vinnutíma skal greiða þóknun samkvæmt ákvörðun Þóknunarnefndar að fenginni tillögur samstarfsnefndar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

Stofnunin ber kostnað af störfum starfsmannaráðsins.

## **6. gr. UM SETNINGU REGLANNA**

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 5. gr. samkomulags Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstjórnarinnar frá 20. ágúst 1980 um málefni opinberra starfsmanna og 5. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna og ríkisstjórnarinnar frá 8. september 1980 taka þegar gildi.

# VIII. KAFLI

## NÁMSMAT

### NÁMSMATSNEFND

#### SAMSTARFSNEFND LSH OG SLFÍ

#### 1. KAFLI

##### SKIPAN NEFNDARINNAR

Í samræmi við Bókun 3 í stofnanasamningi aðila skal starfandi á vegum samstarfsnefndar Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH) og Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) nefnd sem hefur umsjón með mati á námi og námskeiðum (símenntun) sem nýtast sjúkraliðum í starfi. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá Landspítala-háskólasjúkrahúsi og einum fulltrúa frá Sjúkraliðafélagi Íslands.

#### 2. KAFLI

##### STARFSREGLUR NÁMSMATSNEFNDAR

##### 1. gr. HLOTVERK NEFNDARINNAR

Námsmatsnefnd hefur úrskurðarvald um mat á námi/námskeiðum. Nefndin skal að meginstefnu miða við, að nám/símenntun teljist matshæft nýtist það í starfi sjúkraliða. Matsreglur ber að samþykka formlega í samstarfsnefnd LSH og SLFÍ, allar breytingar á reglunum ber að taka upp á sama vettvangi. Námsmatsnefndin getur leitað til samstarfsnefndar varðandi túlkun einstakra atriða eða vafamála.

##### 2. gr. GILDI NÁMS SAMKVÆMT ELÐRI REGLUM

Mat á námi/námskeiðum (símenntun) samkvæmt eldri matsreglum skal haldast óbreytt enda liggur það mat fyrir skráð og staðfest hjá SLFÍ.

##### 3. gr. SKRÁNING SÍMENNTUNARSTUNDA

Niðurstöður námsmatsnefndar skal senda á skrifstofu SLFÍ sem heldur utan um skráningu á símenntunarstundum og er jafnframt ábyrg fyrir því að senda sjúkraliðum niðurstöðu námsmatsnefndar.

##### 4. gr. ÁBYRGÐ SJÚKRALIÐA

Sjúkraliði er ábyrgur fyrir því að koma upplýsingum um símenntunarstundir, viðbótarnám og aðra persónubundna þætti til síns yfirmanns. Fjölgun á viðurkenndum (metnum) símenntunarstundum leiðir aldrei sjálfkrafa til launahækkunar.

##### 5. gr. MAT Á NÁMI, MATSGÖGN

Óski sjúkraliði eftir mati á námi/námskeiðum, skal hann leggja fram máli sínu til sönnunar þrófögn, vottorð skóla eða námskeiðshaldara um, að hann hafi lokið námi með fullnægjandi hætti.

#### 2. KAFLI

##### HVAÐ ER METIÐ

- Símenntun á deildum/sviðum stofnunar er einungis metin ef símenntun er formlega upp sett og veitt sé viðurkenningarskjal sem staðfesti þátttöku. Lágmarksstundafjöldi námskeiða til mats eru 6 stundir
- Símenntun á vegum viðurkenndra námsstofna fyrir sjúkraliða ( FÁ /Endurmenntun osfrv) er einungis metin ef hún er formlega upp sett og að veitt sé viðurkenningarskjal sem staðfesti þátttöku. Lágmarksstundafjöldi námskeiða til mats eru 6 stundir

- Kynningarnámskeið á LSH fyrir nýtt starfsfólk er varðar öryggismál, stjórnkerfi og viðbrögð við neyðarástandi á stofnuninni, sem er að lágmarki 6 stundir skal metið enda staðfestist þátttaka með viðurkenningarskjali eða á annan formlegan hátt.
- Stúdentspróf skal metið til 180 stunda án tillits til á hvaða braut viðkomandi útskrifaðist.
- Áfangar til stúdentsprófs til framhalds við sjúkraliðamenntunina skal metið. Einingarnar þurfa að vera að lágmarki 15 til að hægt sé að taka þær til mats.
- Tölvunám skal metið. Hámarksfjöldi kennslustunda þeirra sem ekkert tölvunám hafa í sínu grunnnámi eru 60 kst. Hámarksfjöldi kennslustunda þeirra sem hafa tölvunám í sínu grunnnámi eru 40 kst.
- Háskólamenntun er metin ef menntunin tilheyrir hjúkrunar-, félagsvísinda- eða læknadeild. Viðkomandi þarf að hafa staðist áfangana. Lágmarkseiningafjöldi til mats eru 15 einingar.
- Nuddnám er metið að 1/10 af heildarfjölda tíma í nuddnámi. Lágmarkstímafjöldi þarf að vera 60 stundir til að fá metnar 6 stundir.

Reykjavík 10.04.2002,

Námsmatsnefnd samstarfsnefndar LSH og SLFÍ